

Greinargerð fagsviða og B-hluta fyrirtækja

með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2027

Lagt fram í borgarráði 29. október

Reykjavík

FAS26010019

Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar

Október 2026

Efnisyfirlit

A-hluti 5
Fjármála- og áhættustýringarsvið 7
Mannauðs- og starfsumhverfissvið 15
Menningar- og íþróttasvið 23
Skóla- og frístundasvið 33
Umhverfis- og skipulagssvið 43
Velferðarsvið 59
Þjónustu- og nýsköpunarsvið 71
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu 81
Sameiginlegur kostnaður 88
B-hluta fyrirtæki 91
Faxaflóahafnir sf. 93
Félagsbústaðir 105
Malbikunarstöðin Höfði hf. 115
Orkuveita Reykjavíkur 121
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. 139
Strætó bs. 147
Sorpa bs. 153



A-HLUTI




FJÁRMÁLA- OG ÁHÆTTUSTÝRINGARSVIÐ

LEIÐARLJÓS

Fjármálum Reykjavíkurborgar er stjórnað á skilvirkan og ábyrgan hátt.

SKIPURIT



HLUTVERK

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar og veitir kjörnum fulltrúum og stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald á sviði fjármála og rekstrar.

Sviðið skiptist í fimm skrifstofur sem hafa skýrt umboð og eftirlitshlutverk með fjármálum við fjármálastjórn borgarinnar og við áhættustýringu. Sviðið gegnir mikilvægu hlutverki þegar kemur að stuðningi og aðhaldi í rekstri, fjármálaráðgjöf og hagnýtingu gagna með því að greina frávik og fylgjast með kostnaðarmyndun. Í starfsemi sinni nýtir sviðið líkön, gögn, greiningar og beitir aðferðarfræði verkefnastjórnunar og teymisvinnu þvert á skrifstofur og svið eftir þörfum hverju sinni. Lagður var grunnur að skýrari afmörkun kjarnaverkefna sviðsins með breytingum á skipuriti sviðsins í byrjun árs 2024 og með skipulagsbreytingum í september 2025 var enn frekar unnið að jafnvægi og samlegð verkefna með tilfærslu á verkefnum eignaskrifstofu til umhverfis- og skipulagssviðs.

Í drögum að nýrri fjármálastefnu Reykjavíkurborgar 2027-2031 er sett fram framtíðarsýn, meginmarkmið og viðmið um fjármálastjórn borgarinnar. Stefnan er stjórntæki fyrir fjármálastjórn borgarinnar þar sem fjárhagsleg sjálfbærni er lögð til grundvallar ásamt stöðugleika, hagkvæmri nýtingu fjármuna, áhættustýringu og forgangsröðun innan sjálfbærs fjárhagsramma. Hlutverk fjármála- og áhættustýringarsviðs er að fylgja eftir fjármálastefnu Reykjavíkurborgar, koma á og viðhalda stjórntækjum hennar.


FJÁRHAGSÁÆTLUN 2027

	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Rekstrartekjur	41.274	58.960	52.716
Tekjur samtals	**41.274**	**58.960**	**52.716**
Laun og launatengd gjöld	1.012.123	1.118.546	1.101.204
Annar kostnaður	297.696	272.838	267.632
Rekstrargjöld samtals	**1.309.818**	**1.391.383**	**1.368.836**
Rekstrarniðurstaða	**- 1.268.545**	**- 1.332.423**	**- 1.316.120**

STARFSFÓLK

	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Fjöldi stöðugilda	66,3	70	68
Eftir skrifstofum/ þjónustuþáttum:			
Skrifstofa sviðsstjóra	8	10	10
Áhættustjóri	1	1	1
Skrifstofa áætlana og hagmála	6,9	7	7
Skrifstofa bókhalds og uppgjörs	27,5	29	27
Skrifstofa fjárstýringar og innheimtu	9	9	9
Skrifstofa fjármálaþjónustu og innkaupa	13,9	14	14

SKIPTING REKSTRAR 2027




*Áhættustjóri fellur undir skrifstofu sviðsstjóra FAS

MEGINMARKMIÐ, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Markmið fjármála- og áhættustýringarsviðs er að fjármunum borgarinnar sé stjórnað á skilvirkan hátt með fjárhagslegu gagnsæi, ábyrgð og góðri yfirsýn. Að stuðlað sé að árangurstengdri fjárhagsáætlunargerð, eftirfylgni og að stjórnendum og starfsfólki sé veittur stuðningur

til að geta tekið réttar fjárhagsákvarðanir og að byggt verði undir fjárhagslega sjálfbærni Reykjavíkurborgar. Framtíðarsýn sviðsins er að þar starfi fjölbreyttur hópur framúrskarandi starfsfólks sem leysir margbreytileg og krefjandi verkefni af hendi af heilindum og í krafti tækni, með hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi. Að starfsemin sé framsækin og Reykjavíkurborg til heilla. Þá er markmið sviðsins að veita framúrskarandi þjónustu til fagsviða og stofnana borgarinnar.

Meginmarkmið stefnu fjármála- og áhættustýringarsviðs eru:



Í því felst:

- Þjónustuferlar skrásettir, skýrir og aðgengilegir
- Sjálfvirk ferli til að einfalda upplifun og auka áreiðanleika
- Staðlaðar lausnir og þróun kerfa á grunni örra tækninýjunga
- Þjónustustig í stöðugri þróun í ljósi síbreytilegra þarfa og væntinga notenda
- Hæfni til samstarfs í þverfaglegum teymum
- Uppbygging þekkingar og reynslu sem miðlað er á skipulagðan hátt
- Vinnum í auknum mæli í verkefnadrifnu vinnuumhverfi
- Einn vinnustaður með sömu viðmið, gagnrýnin á eldri hefðir
- Áreiðanlegar og reglubundnar upplýsingar með tímanlegum gögnum
- Beiðnir í einn farveg til að tryggja samfellu, rekjanleika og jafnræði
- Greiningar sem auka skilning, innsýn og aðhald stjórnenda
- Samræmd nálgun í allri fjármálastjórnun borgarinnar

Þegar hefur farið fram markviss vinna sem miðar að því að auka skilvirkni í fjármálaþjónustu sviðsins og efla þverfaglegt starf, svo sem:

- Aukin sjálfvirkni og innleiðing á stafrænu vinnuafli
- Umbætur á sviði hagnýtingar gagna og miðlunar á tölulegum gögnum
- Aukin teymisvinna og fagleg umgjörð verkefnastjórnunar
- Markviss ferlagreining og undirbúningur innleiðingar á þjónustustefnu borgarinnar í ferli sviðsins

Áfram verður unnið að lykilverkefnum sem tengjast innleiðingu á stefnu sviðsins, en þau eru:

- Að ná fram jafnvægi í umfangi og afmörkun kjarnaverkefna sviðsins og aukinni samlegð lykilþátta sem væru liður í því að efla vinnu með gögn og greiningar
- Að efla áhættustýringu með tengingu við sérfræðinga þvert á starfsemi
- Að treysta grundvöll fjárhags-, áætlana- og haglíkana

- Að styrkja umboð sviðsins varðandi eftirlit og aðhald í rekstri
- Að koma á skilvirkum stafrænum ferlum til að fylgjast með frávikum og kostnaðarmyndun

Meginmarkmið sviðsins um skilvirka fjármálaþjónustu, öfluga framþróun og farsæla ákvarðanatöku kalla á skýra verkaskiptingu en með þverfaglegri nálgun, þegar svo ber undir, þar sem aukin áhersla er lögð á teymisstarf innan sviðsins til að koma áhersluverkefnum í framkvæmd og bæta jafnvægi milli skrifstofa á álagstímum í starfseminni. Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur áherslu á að sinna kjarnaverkefnum sviðsins, með áherslu á hraða, gæði, góða þjónustu og hámarks árangur, þar sem boðleiðir verða styttri með skilvirkari þjónustu fyrir alla hagaðila.

Skrifstofa áætlana og hagmála

Skrifstofa áætlana og hagmála ber ábyrgð á undirbúningi og vinnslu fjárhagsáætlunar og fer með ráðgefandi hlutverk er varðar fjármálastjórn og fjárhagslega sjálfbærni.

Skrifstofan ber ábyrgð á og hefur umsjón með gagnasafni sviðsins og hagnýtingu gagna. Hún fer með þróun og rekstur mælaborða, gerð spá- og sjálfbærnilíkana og framkvæmd greininga sem uppfærast sjálfkrafa út frá skilgreindum forsendum. Skrifstofan ber ábyrgð á miðlun gagna- og fjárhagsupplýsinga fjármála- og áhættustýringarsviðs. Lögð er áhersla á sviðsmyndagreiningar, þróun og framsetningu mælaborða til að fylgjast með fjárhagslegri stöðu og sýn á A-hluta til lengri og skemmri tíma með hliðsjón af efnahagslegu umhverfi borgarinnar.

Skrifstofan gegnir veigamiklu hlutverki í áhættustýringu með aðgengi að sérfræðingum sem koma að líkanagerð og vinnslu verkefna á því sviði.

Skrifstofa fjármálaþjónustu og innkaupa

Skrifstofa fjármálaþjónustu og innkaupa veitir fagsviðum og stofnunum faglega ráðgjöf, stuðning og aðhald á sviði fjármála, rekstrar og innkaupa. Skrifstofan stuðlar að hagkvæmum, gagnsæjum og skilvirkum rekstri með fjármála- og rekstrarráðgjöf, rekstrareftirliti, greiningum og framkvæmd innkaupaferla. Hún leiðir samræmda nálgun í fjármálastjórnun og innkaupum, ber ábyrgð á stjórn útboðsmála og styður við áhættustýringu og upplýsta ákvarðanatöku stjórnenda.

Skrifstofa fjárstýringar og innheimtu

Verkefni skrifstofu fjárstýringar og innheimtu snúa að lausafjárstýringu, fjármögnun borgarinnar, lánastýringu, gerð samninga við fjármálafyrirtæki, samskiptum og samningagerð við innheimtu- og færsluhirðingarfyrirtæki. Innan skrifstofunnar fer fram álagning og umsýsla fasteignagjalda, innheimta krafna, auk greiðslumiðlunar og tekjueftirlits. Skrifstofan hefur leiðandi hlutverk við áhættustýringu á sviði fjárstýringar og innheimtu. Áhersla er lögð á að vinna betur með gögn og sjálfvirkari upplýsingagjöf.

Skrifstofa bókhalds og uppgjörs

Meginverkefni skrifstofu bókhalds og uppgjörs eru bókhald, uppgjör og afstemmingar. Skrifstofan sinnir reglubundnum uppgjörum A-hluta og samstæðu og ber ábyrgð á gerð ársreiknings Reykjavíkurborgar ásamt skýrslum og greinargerðum. Skrifstofan leiðir samskipti við endurskoðunarnefnd og ytri endurskoðendur og ber ábyrgð á skilum fjárhagsgagna til ytri aðila. Áfram verður unnið að umbótum í verkferlum sem taka mið af innleiðingu rafrænna reikninga. Ákveðið hefur verið að Reykjavíkurborg taki eingöngu á móti rafrænum reikningum frá ársbyrjun 2027 og stefnt að því að umfang þeirra verði um 97% á komandi ári. Enn er unnið að því að fækka innkaupakortum með breyttum áherslum í innkaupum og skilvirkum rafrænum lausnum.

Rafræn innkaupakort voru innleidd 2026 og berast öll gögn nú rafrænt vegna þeirra. Jafnframt var á árinu 2026 unnið að því að skipta út pappírsbeiðnum og innleiddar voru rafrænar beiðnir á árinu 2026. Reikningar vegna rafrænna beiðna berast nú rafrænt í bókhald borgarinnar.

Skrifstofa sviðsstjóra

Skrifstofa sviðsstjóra sinnir málefnum er varða stjórnsýslu og fjárhagsleg samskipti við B-hluta félög ásamt mannauðsmálum sviðsins og stefnumótun. Sérstök áhersla er á að efla fjárhagslegt samtal fjármála- og áhættustýringarsviðs við B-hluta félögin og byggðasamlögin.

Eitt af meginverkefnum skrifstofunnar er innleiðing á heildarstefnu sviðsins, sem er umbótastefna með áherslu á stafræna þróun og almenna þróun á starfseminni. *Fjármálatæknistofa* á skrifstofu sviðsstjóra fer með umsjón umbreytingaverkefna og leiðir verkefnastjórnun og fyrirkomulag teymisvinnu á sviðinu. Áherslur á komandi ári verða meðal annars að vinna markvisst að ferlagreiningum með stafræna umbreytingu og innleiðingu þjónustustefnu borgarinnar að leiðarljósi auk þess sem unnið verður áfram að framtíðarhögun fjárhagsgagna. Verkefni fjármálatæknistofu eru jafnframt utanumhald með losunarbókhaldi frá rekstri Reykjavíkurborgar, verkefni sem tengjast málaflokki græns hagkerfis og þróun á framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga í samræmi við lagalegar áherslur í þeim málaflokki.

Unnið er að undirbúningi þess að skipta út fjárhagskerfi borgarinnar sem komið er á enda líftíma. Undirbúningur að útboði er kominn vel á veg og gert ráð fyrir að nýtt kerfi verði valið vorið 2027. Á næstu árum mun reyna á innri ferla borgarinnar og kerfi.

Áhættustjóri

Áhættustjóri ber ábyrgð á að fylgja eftir áhættustefnu Reykjavíkurborgar og fylgjast kerfisbundið með áhættuþáttum sem tengjast fjárhagslegum og rekstrarlegum þáttum borgarinnar. Áhættustjóri leggur megináherslu á megindlega nálgun í áhættustýringu, með það að markmiði að tryggja fjárhagslegan stöðugleika, draga úr óvissu og vernda hagsmuni borgarinnar og íbúa hennar. Áhættunefnd Reykjavíkurborgar hefur það hlutverk að marka áherslur í áhættustýringu og verkefnum áhættustjóra.

Markmið áhættustýringar er að greina, meta og stýra áhættu þannig að fjármagn borgarinnar nýtist á skilvirkan hátt, líkur á fjárhagslegum áföllum minnki og fyrirsjáanleiki í rekstri aukist. Áhættustýring gegnir einnig mikilvægu forvarnahlutverki með því að greina veikleika í ferlum, fjárfestingum eða rekstri áður en þeir leiða til tjóns.

Til að taka upplýstar og gagnadrifnar ákvarðanir nýtir áhættustjóri fjölbreytt greiningartæki, svo sem tölfræðilegar kostnaðar- og ábatagreiningar, auk hermana og sviðsmyndagreininga til að kortleggja óvissu og meta áhrif mismunandi aðstæðna. Spálíkön, tölfræðigreiningar og ófjárhagslegir mælikvarðar eru hagnýtt til að ná sem víðtækastri sýn á áhættulandslag borgarinnar.

Með skipulegri og gagnadrifinni áhættustýringu er traustur grunnur lagður að ákvarðanatöku og stöðugleika í rekstri, ásamt ábyrgri nýtingu fjármuna.



Stjórnendadagur
Reykjavíkurborgar
Aðgerðaáætlun mannauðsstefnu er uppfærð árlega eða oftar, undir forystu stjórnenda mannauðs- og starfsumhverfissviðs og lögð fyrir borgarráð til samþykktar.
Aðgerðaáætlanir allra undirstefna eru jafnframt endurskoðaðar árlega eða oftar til að tryggja samræmi við leiðarljós, áherslur og aðgerðir mannauðsstefnu.
Aðgerðir í aðgerðaáætlun mannauðsstefnu og undirstefna eiga að vísa í viðeigandi leiðarljós og áherslur mannauðsstefnu fyrir samhengi og rekjanleika.
Stjórnendadagur
Reykjavíkurborgar

MANNAUÐS- OG STARFSUMHVERFISSVIÐ

Fagmennska, framsækni og samvinna

Gerum vel, gerum betur og gerum saman

SKIPURIT




FJÁRHAGSÁÆTLUN 2027

	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Rekstrartekjur	56.575	61.600	95.500
Tekjur samtals	56.575	61.600	95.500
Laun og launatengd gjöld	796.368	903.544	890.913
Annar kostnaður	200.489	182.610	241.820
Rekstrargjöld samtals	996.857	1.086.154	1.132.733
Rekstrarniðurstaða	- 940.282	- 1.024.554	- 1.037.233

STARFSFÓLK

	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Fjöldi starfsmanna	52	55	53
Fjöldi stöðugilda	51	54	52
Eftir skrifstofum/ þjónustuþáttum:			
Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis	8,5	10,5	10,5
Skrifstofa ráðninga og mönnunar	4	6	11
Skrifstofa kjaramála	7	8	0
Skrifstofa sviðsstjóra	4,5	4,5	6,5
Launaskrifstofa	27	25	24

SKIPTING REKSTRAR 2027



HLUTVERK

Mannauðs- og starfsumhverfissvið fer með forystuhlutverk, hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar og styður við stefnu og megináherslur borgaryfirvalda. Sviðið fer með fyrirsvar gagnvart stéttarfélögum, lífeyrissjóðum og aðilum vinnumarkaðarins í mannauðs- og starfsmannamálum borgarinnar. Þá ber sviðið ábyrgð á launavinnslu og rekstri mannauðs- og launakerfa borgarinnar.

Hlutverk sviðsins er að fylgja eftir stefnumörkun í mannauðsmálum með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fag- og kjarnasvið borgarinnar. Jafnframt fer sviðið með stefnumörkun í mannauðs- og launamálum borgarinnar og samræmingu verklags og ferla á því sviði. Þá fer sviðið með virkt eftirlit, ráðgjöf og stuðning við að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu. Auk þess annast sviðið mannauðsþjónustu fyrir miðlæga stjórnsýslu í Ráðhúsi.

Rík áhersla er lögð á stöðugt og gott samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur sviða með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði þjónustunnar og stuðla að því að starfsfólk upplifi Reykjavíkurborg sem einn vinnustað.

Sýn sviðsins er að vera með öfluga mannauðsþjónustu í því skyni að laða að og styðja við öflugt starfsfólk og sterka stjórnendur sem geti þjónað borgarbúum á þann hátt sem ávinnur sér virðingu og traust samfélagsins. Jafnframt að starfsfólk borgarinnar hafi þá hæfni og færni sem þarf til að mæta ábyrgð í starfi og veita bestu mögulegu þjónustu, bæði út á við gagnvart íbúum og inn á við, gagnvart starfsfólki og starfsemi borgarinnar.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Rekstur mannauðs- og starfsumhverfissviðs er áætlaður 1.037 m.kr. árið 2027. Endurskoðuð áætlun 2026 gerir ráð fyrir að útgjöld nemi 1.025 m.kr. þannig að fjárheimildir hækka um 12 m.kr.

Stærsti hluti rekstrarútgjalda á mannauðs- og starfsumhverfissviði, fyrir utan laun, eru rekstur mannauðs- og launakerfa, margþætt fræðsla fyrir allt starfsfólk, íslenskukennsla, forystunám fyrir stjórnendur borgarinnar, stjórnendadagur og samningsgjald til Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamningsgerðar.

Stærstu breytingar á ramma sviðsins fyrir árið 2027 eru vegna flutnings kjarasamningsumboðs til Sambands íslenskra sveitarfélaga, breytts eignarhalds á Jafnlaunastofu og niðurlagningu á skrifstofu kjaramála. Aðrar breytingar á ramma sviðsins eru vegna kjarasamningsbundinna launahækkana.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Mannauðs- og starfsumhverfissvið er kjarnasvið sem hefur það hlutverk að móta stefnur og verklag á sviði mannauðsmála, ber ábyrgð á launavinnslu borgarinnar, sér um rekstur mannauðs- og launakerfa og heldur utan um verkefni á sviði mannauðsmála þvert á borgarkerfið. Þannig stuðlar sviðið að því að samhæfa og samræma vinnubrögð á sviði mannauðsmála og að greidd séu rétt laun á réttum tíma. Áherslur í mannauðsmálum á árinu 2027 taka mið af leiðarljósum og áherslum nýrrar mannauðsstefnu borgarinnar sem samþykkt var í borgarráði í janúar 2026. Áherslurnar styðja við framtíðarsýn Reykjavíkurborgar um að borgin sé einn vinnustaður þar sem öflugu starfsfólki sé búið gott starfsumhverfi og tækifæri til að blómstra í samvinnu við sterka stjórnendur. Áherslur þessar birtast í hinum ýmsu verkefnum á sviði mannauðsmála. Á árinu 2027 verða innleiddar breytingar á ferlum í tengslum við nýtt mannauðs- og launakerfi sem mun styðja betur við stjórnendur borgarinnar og jafnframt auka gæði og áreiðanleika gagna. Einnig verður fest í sessi nýtt verklag við skráningu vinnuslysa og annarra öryggistengdra atvika, í kjölfar innleiðingar á nýju umsóknakerfi og nýju atvikaskráningarkerfi. Áfram verður unnið markvisst að vinnuvernd, öryggismálum og heilsueflingu byggt á aðgerðaáætlunum öryggisstefnu vinnustaðarins, heilsustefnu, EKKO stefnu og viðverustefnu. Unnið verður markvisst að því að efla notkun innri miðla og upplýsingagjöf til starfsfólks. Haldið verður áfram að greina þjónustuferla og tækifæri til stafrænnar umbreytingar og aukinnar skilvirkni, meðal annars með því að leita leiða til að fara frá eyðublöðum yfir í rafrænar umsóknir og skil á gögnum. Innleiðing á nýju mannauðs- og launakerfi mun halda áfram á árinu 2027. Unnið verður að auknum stuðningi við stjórnendur borgarinnar, meðal annars með innleiðingu á fyrstu stjórnendastefnu borgarinnar. Sérstaklega verður hugað að auknum stuðningi við stjórnendur vegna veikindafjarvista. Einnig verður unnið áfram að

auknum stuðningi við starfsfólk af erlendum uppruna með áherslu á íslenskukennslu og stuðning við stjórnendur þeirra. Þá verður áfram lögð mikil áhersla á endurskoðun og innleiðingu samræmdra verkferla á sviði mannauðsmála og markvissa vinnu við að bæta leiðbeiningar og verklag sem og skráningu í kerfi til að bæta tölulegar upplýsingar. Áhersla verður lögð á að vinna öll verkefni í virku og góðu samstarfi við fag- og kjarnasvið og miðlæga stjórnsýslu. Á árinu 2026 var ákveðið að samningsumboð Reykjavíkurborgar í kjaraviðræðum vegna allra viðsemjenda borgarinnar yrði fengið Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Á árinu 2027 verður framhaldið að móta samskiptaferla og samráð milli MOS og kjarasviðs Sambandsins til að tryggja að sú breyting gangi farsællega áfram.

Skrifstofa sviðsstjóra:

Á árinu 2027 verður áfram lögð áhersla á markvissa uppbyggingu mannauðsmála með það að markmiði að þróa Reykjavíkurborg áfram sem eftirsóknarverðan vinnustað þar sem öflugt starfsfólk veitir íbúum, fyrirtækjum og gestum framúrskarandi þjónustu. Unnið verður að innleiðingu á nýrri mannauðsstefnu og fyrstu stjórnendastefnu Reykjavíkurborgar. Haldið verður áfram að greina frekari tækifæri til stafrænnar umbreytingar í starfsemi sviðsins og í mannauðsmálum borgarinnar. Áhersla verður einnig lögð á að rýna þær breytingar sem tæknin er að hafa á störf og starfsumhverfi og hvernig bregðast þurfi við því. Meðal annars verður áfram lögð áhersla á að greina þjónustuferla og tækifæri til stafrænnar umbreytingar, aukinnar skilvirkni og hagræðingar. Áfram verður lögð rík áhersla á samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur fag- og kjarnasviða með það að markmiði að stuðla að fagmennsku, skilvirkni og samræmi í mannauðsþjónustu hjá Reykjavíkurborg. Meðal annars í ljósi krafna um samræmi og jafnræði í stjórnsýsluframkvæmd, þar sem borgin er einn vinnustaður, verður áfram lögð áhersla á gerð og endurskoðun samræmdra verkferla og leiðbeininga í mannauðsmálum og á sviði vinnuréttar fyrir borgina í heild sinni, í samvinnu við önnur svið borgarinnar. Þá verður lögð áhersla á að efla skrifstofuna á sviði vinnu- og stjórnsýsluréttar þannig að hún verði betur í stakk búin til að takast á við fjölda mála og flókin lögfræðileg viðfangsefni. Á það m.a. við í tengslum við hagræðingu innan borgarinnar og skipulagsbreytingar og vegna mikillar eftirspurnar eftir ráðgjöf, upplýsingum og fræðslu fyrir stjórnendur, mannauðsfólk og annað starfsfólk. Á árinu 2027 verður haldið áfram rýni á fyrirkomulagi verkefna og skipulagi sviðsins með það að markmiði að hagræða og auka skilvirkni, þannig að tryggt verði að sviðið styðji sem best við starfsfólk og stjórnendur á fag- og kjarnasviðum, sem og í miðlægri stjórnsýslu, á sviði mannauðsmála.

Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis:

Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis sinnir þremur meginverkefnum: 1. Viðverumál og heilsuefling, 2. Fræðsla og innri miðlun, og 3. Öryggismál og vinnuvernd. Stærsta verkefni ársins 2027 á sviði viðveru og heilsu er verkefnið “Virkari viðverustjórnun” þar sem ráðgjafar í 2,5 stöðugildum vinna beint með stjórnendum starfsstaða (mest á SFS og VEL) að minnkun veikindafjarvista, á grunni viðverustefnu borgarinnar. Samhliða því er áfram unnið að eflingu

andlegrar og félagslegrar heilsu, með stuðnings- og ráðgjafateymið í fararbroddi, og vonast er til að hægt verði að láta heilsutengd hlunnindi halda verðgildi sínu. Á sviði fræðslu- og innri miðlunar eru meginverkefnin áframhaldandi uppbygging á fræðslustarfsemi gegnum Torgið stafrænt fræðslukerfi, með áherslu á nýliðafræðslu bæði starfsfólks og stjórnenda, ný aðgerðaáætlun fræðslustefnu, áframhaldandi uppbygging íslenskukennslu á starfsstöðum og útbreiðsla á Bara tala, að ógleymdri endurskipulagningu innri vefjarins Fróða í nýju SharePoint umhverfi. Þá er stórt verkefni fram undan sú aðgerð nýrrar mannauðsstefnu sem segir að enginn eigi að fara "óþjálfaður á gólfið". Á sviði öryggismála og vinnuverndar eru endurskoðun öryggisstefnu, áframhaldandi innleiðing á ASKI atvikaskráningu og gerð samræmdra öryggis- og heilbrigðisáætlana fyrir öll fagsvið og starfsstaði meginverkefnin. Einnig er unnið eftir stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi, með áherslu á forvarnir og eftirfylgni mála. Skrifstofan leiðir fjóra samráðshópa þar sem unnið er að þessum verkefnum með mannauðsfólki allra sviða.

Skrifstofa ráðninga og mönnunar:

Á árinu 2027 mun skrifstofa ráðninga og mönnunar taka þátt í að ljúka innleiðingu á nýja mannauðs- og launakerfinu í samvinnu við launaskrifstofu. Í því felst innleiðing á breyttu verklagi í ráðningar- og launaferlum sem hefur það að markmiði að fækka villum, tryggja rétta og samræmda skráningu gagna og aukinn stuðning við stjórnendur. Áfram verður unnið að þróun á ráðningarferlum í Ráðný umsóknarkerfinu með það að markmiði að auðvelda stjórnendum að sinna ráðningum með aukinni nýtingu tæknilausna til að einfalda, bæta og þróa ráðningarferlið. Meðal breytinga eru form fyrir stjórnendur til að kalla eftir upplýsingum frá embætti saksóknara. Þá leggur skrifstofan áherslu á stuðning og þátttöku í ráðningum hjá fag- og kjarnasviðum sem og fræðslu til stjórnenda. Skrifstofan veitir stjórnendum í miðlægri stjórnsýslu ráðgjöf og stuðning í ráðningar- og launasetningarmálum. Á árinu 2027 verður unnið markvisst með fræðslu og ráðgjöf á sviði launasetningar og mati á fag- og starfsaldri samkvæmt ákvæðum kjarasamninga Reykjavíkurborgar. Í undirbúningi er útboð á viðveru- og vaktakerfi borgarinnar sem er fyrirhugað að bjóða út á árinu 2027 og því fylgir ýmis umbótaverkefni á launagögnum í núverandi kerfi. Skrifstofan hefur yfirsýn yfir starfslýsingar og starfsheiti borgarinnar til að tryggja að launasetning sé í samræmi við ákvæði kjarasamninga og að jöfn laun séu greidd fyrir jafn verðmæt störf. Einnig vinnur skrifstofan náið með Verkefnastofu starfsmats og Sambandinu að fjölbreyttum verkefnum tengdum virðismatskerfum. Áfram verður þannig unnið að fjölgun starfa og stuðning við stjórnendur vegna ráðningar fólks með skerta starfsgetu á árinu 2027. Skrifstofan hefur yfirsýn og gegnir samræmingarhlutverki vegna sumarstarfa borgarinnar. Afleysingarstofa sem staðsett er á skrifstofunni hefur það hlutverk að mæta þörf starfsstaða fyrir skammtíma afleysingar, mest á skóla- og frístundasviði og velferðarsviði.

Launaskrifstofa:

Á árinu 2026 hefur áfram verið unnið markvisst að einföldun og stafrænni þróun launaferla með það að markmiði að bæta þjónustu við stjórnendur og starfsfólk, auka gæði og rekjanleika gagna og draga úr handvirkri umsýslu. Ný og endurbætt þjónustugátt launaskrifstofu var tekin í notkun á árinu og hefur hún einfaldað innsendingu og afgreiðslu launatengdra beiðna og skapað grundvöll fyrir frekari sjálfsafgreiðslu og sjálfvirknivæðingu. Áfram hefur verið unnið að því að styrkja ráðningarferlið í samstarfi við skrifstofu ráðninga og mönnunar, allt frá gerð ráðningarsamninga til launasetningar og skráningar í mannauðs- og launakerfi. Markmiðið er að tryggja rétta framkvæmd frá upphafi, bæta gæði gagna og styðja stjórnendur í að verða sjálfbærari í framkvæmd ráðninga. Eitt umfangsmesta verkefni launaskrifstofu á árinu 2027 verður áframhaldandi vinna við innleiðingu nýs mannauðs- og launakerfis. Verkefnið mun kalla á verulega aðkomu starfsfólks launaskrifstofu, meðal annars við yfirferð og innleiðingu nýrra verkferla, gagnaflutninga, prófanir, fræðslu og eftirfylgd við innleiðingu kerfisins. Samhliða verður lögð áhersla á að tryggja áfram örugga og rétta launavinnslu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar. Á árinu 2027 verður jafnframt haldið áfram þeirri vegferð að einfalda og straumlínulaga starfsemi launaskrifstofu með aukinni sjálfsafgreiðslu, rafrænum ferlum og sjálfvirknivæðingu. Sérstök áhersla verður lögð á að draga úr stöðluðum og handvirkum ferlum og nýta stafrænar lausnir til að auka skilvirkni og skapa svigrúm starfsfólks til ráðgjafar, gæðaeftirlits og annarra virðisaukandi verkefna. Þar verður meðal annars lögð aukin áhersla á markvissa eftirfylgd með samþykkt launalista og innleiðingu nýs verklags vegna ofgreiðslu launa, með það að markmiði að styrkja eftirlit, tryggja samræmd vinnubrögð og draga úr hættu á frávikum í launavinnslu. Meginmarkmiðið er að nýta tæknibreytingar og endurskoðun verkferla til að byggja upp skilvirkari og framsæknari launaþjónustu sem styður betur við stjórnendur og starfsfólk og stuðlar að hagræðingu í starfsemi Reykjavíkurborgar.




MENNINGAR- OG ÍÞRÓTTASVIÐ

LEIÐARLJÓS

Borgarbúum sé sköpuð jákvæð umgjörð til menningar, íþrótta- og útivistarlífs þar sem fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir.

SKIPURIT



Helstu markmið Menningar- og Íþróttasviðs eru:

- Að skipurit styðji við aukna áherslu á nýsköpun og umbætur á þjónustu þvert á málefni og viðfangsefni.
- Að skipurit nái fram mikilvægi þjónustuþátta en á sama tíma náist fram virk þverfagleg teymisvinna eftir þörfum og viðfangsefnum hverju sinni.
- Að skipurit styðji við sértæk áherslumál með víðtækri aðkomu stofnana.
- Að skipurit styrki málaflokka menningar, íþrótta og útivistar.
- Að skipurit sé gegnsætt og stuðli að stuttum boðleiðum ásamt því að auðvelda samskipti og samræmingu vinnubragða.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2027

Í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar 2027, hækka gjaldskrár MÍR um 2,5%. Þá eru fjárheimildir vegna launahækkana bættar í takt við kjarasamninga. Innri leiga er bætt miðað við verðlagshækkanir. Annar rekstrarkostnaður er bættur um 4%. Sviðið er með nokkra samninga við þriðja aðila sem eru án fyrirvara um fjárhagsáætlun og hækka því þeir samningar í samræmi við vísitölu neysluverðs.

MÍR stendur frammi fyrir áskorunum árið 2027. Sviðið þarf að hagræða í rekstri sem nemur 2,5% af útgjöldum þess, að frátalinni innri leigu, eða um 441 m.kr.

Jafnframt hefur verið samþykkt að lengja opnunartíma sundlauga um helgar og mæta rekstrarvanda safna vegna tekjufalls, samtals að fjárhæð 75 m.kr.

Heildarhagræðingarþörf sviðsins árið 2027 nemur því um 516 m.kr.

Fjárhagsáætlunin er lögð fram með óútfærðum hagræðingaraðgerðum fyrir árið 2027. Tillögur að aðgerðum eru nú í vinnslu og verða útfærðar nánar á milli umræðna um fjárhagsáætlunina.


	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Rekstrartekjur	3.088.325	2.919.974	3.073.794
Tekjur samtals	**3.088.325**	**2.919.974**	**3.073.794**
Laun og launatengd gjöld	6.453.073	6.663.315	7.025.353
Annar kostnaður	17.631.074	18.024.748	18.784.607
Rekstrargjöld samtals	**24.084.146**	**24.688.064**	**25.809.960**
Rekstrarniðurstaða	**- 20.995.821**	**- 21.768.090**	**- 22.736.166**

STARFSFÓLK

	Raun 2025	Útkomuspá/ Áætlun 2026	Áætlun 2027
Fjöldi starfsmanna	914	887	886
Fjöldi stöðugilda	458	468	462
Eftir skrifstofum/ þjónustuþáttum:			
Sundlaugar	163	165	164
Borgarbókasafn	77	76	76
Listasafn Reykjavíkur	24	24	24,2
Borgarsögusafn	41	41	41
Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn	25	26	25
Dýraþjónusta Reykjavíkur	5	6	5,5
Miðstöð útivistar og útináms	5	4	4,5
Skíðasvæðin	17	18	17,5
Nauthólsvík	12	10	11
Hitt Húsið	63	67	65
Íþróttahús	7	5	6
Miðlæg þjónusta	20	24	22

SKIPTING REKSTRAR 2027

Hlutfalsleg skipting á rekstrarramma MÍR



HLUTVERK

Hlutverk MÍR er að fylgja eftir stefnu Reykjavíkurborgar í menningarmálum annars vegar og íþróttamálum hins vegar. Rekstur MÍR er borinn uppi af hæfu og áhugasömu starfsfólki sem af metnaði stendur að baki því menningar, íþrótta- og útilífsstarfi sem MÍR stendur fyrir. Hlutverk MÍR á sviði menningarmála er að hafa yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur og sérverkefnanna, Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO og Tónlistarborgar Reykjavíkur. Hlutverk MÍR á sviði íþróttamála er rekstur sundlauga, Hins Hússins, Sigluness, Ylstrandar, Fjölskyldugarðsins, íþrótta-mannvirkja, íþróttavalla og skíðasvæða. Sviðið hefur jafnframt, fyrir hönd Reykjavíkurborgar umsjón með málefnum sem tengjast Leikfélagi Reykjavíkur, Borgarleikhúsi, tónlistar og ráðstefnuhúsinu Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einnig sér MÍR um samstarfssamninga, styrki og samskipti vegna íþrótta- og æskulýðsfélaga og lista- og menningarlífs og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra. Umsýsla og samningagerð vegna Frístundakortsins er hjá MÍR.

Starfsstaðir sviðsins eru þar með orðnir 33 með fjölbreyttri starfsemi í 8 sundlaugum (íþróttaborginni), 8 bókasöfnum, 3 listasöfnum, 4 borgarsögusöfnum auk Viðeyjar. Einnig er Hitt húsið, skíðasvæðin Bláfjöll/Skálafell og íþróttahús KHÍ og skrifstofa MÍR þar sem menningarborgin er einnig starfrækt með bókmenntaborginni og tónlistaborginni. Í útilífsborginni eru 5 starfsstaðir, Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, miðstöð útivistar- og útináms, skíðabrekkurnar í borginni auk Ylstrandar og Sigluness í Nauthólsvík.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Þjónustu- og þróunarmál

Á árinu 2026 hefur áfram verið unnið að stafrænni þróun, samræmingu kerfa og bættri nýtingu gagna innan MÍR. Áhersla hefur meðal annars verið á aðgangs- og afgreiðslukerfi, rafrænar þjónustuleiðir, rekstrargögn og upplýsingastjórnun.

Í maí 2026 tók MÍR í notkun rafræn aðgangskort í síma og í júní voru innleiddar nýjar áskriftarleiðir í sundlaugar, Fjölskyldu- og húsdýragarð og á Ylströnd. Breytingarnar eru liður í áframhaldandi stafrænni þróun með áherslu á einfaldara aðgengi, aukinn sveigjanleika og bætta þjónustu við notendur.

Sviðið er nú með 17 íþróttahús í rekstri þar sem aðgengi er stýrt með rafrænum hætti. Rafræn aðgangsstýring skapar aukinn sveigjanleika í opnun húsanna fyrir félög og einstaklinga og styður jafnframt við betri nýtingu mannvirkja. Verkefnið er liður í áframhaldandi stafrænni þróun og markvissari nýtingu þeirra innviða sem sviðið hefur yfir að ráða.

Frístundakortið

Árið 2026 hélt nýting Frístundakortsins áfram að aukast og var um 82%, en fjárveiting til verkefnisins var óbreytt milli ára. Áhugi erlendra aðila á verkefninu er áfram mikill og tólf erlendir hópar fengu kynningu á Frístundakortinu á árinu. Í október var ákveðið að endurvekja hið íslenska forvarnarmódel þar sem Frístundakortið er mikilvægur þáttur. Áhersla er jafnframt lögð á að bæta nýtingu gagna sem verða til við ráðstöfun kortsins og efla greiningar til stuðnings við stefnumótun, eftirfylgni og áframhaldandi þróun verkefnisins.

Íþróttaborgin

Skrifstofa íþróttaborgarinnar ber ábyrgð á rekstri sundlauga og rekstri íþróttamannvirkja í eigu borgarinnar. Einnig er þar haldið utan um sértæk verkefni á sviði íþrótta og tómstunda. Skrifstofan gegnir jafnframt samræmingarhlutverki gagnvart stofnunum og fylgir eftir stefnu í íþróttamálum Reykjavíkur. Skrifstofan heldur utan um samskipti, styrkjamál og rekstrar-samninga við íþrótta- og tómstundafélög.

Þjónustusamningur er í gildi milli Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur (hér eftir nefnt ÍBR). Samningurinn tekur til styrkja vegna æfinga og keppni íþróttafélaga í Reykjavík í mannvirkjum borgarinnar sem og vegna launakostnaðar íþróttafulltrúa í fullu starfi. Þá tekur samningurinn til styrkja vegna niðurgreiðslu á íþróttaakstri yngstu barnanna frá Frístunda-heimilum á æfingar. MÍR ber leigukostnað vegna mannvirkja í eigu annarra sem notuð eru fyrir íþrótta– og tómstundastarf, svo sem af Egilshöll, Íþrótta- og sýningahöllinni í Laugardal og íþróttahúsi í Norðlingaholti. MÍR gerir jafnframt sjálfstæða samninga við hvert félag um greiðslur vegna afnota af mannvirkjum í eigu þeirra. Íþróttaborgin er með 17 upphitaða og flóðlýsta gervigrasvelli í fullri stærð.

Sundlaugar

Sundlaugar gegna mikilvægu hlutverki í heilsueflingu, félagslegum tengslum og menningu borgarinnar. Íslensk sundlaugamenning var árið 2025 skráð á fulltrúalista UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf mannkyns, þar sem meðal annars er horft til sundlauganna sem samfélagslegra rýma sem stuðla að líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan.

Á árinu 2026 hefur orðið mikil aukning í aðsókn að Vesturbæjarlaug í kjölfar endurbóta. Á sama tíma er Laugardalslaug að hluta lokuð og mikil þörf fyrir áframhaldandi framkvæmdir og endurnýjun mannvirkja þar. Áhersla næstu missera verður því bæði á að viðhalda gæðum sundlauganna og þróa þær áfram sem mikilvægan hluta af þjónustu, heilsueflingu og menningu borgarinnar.

Öryggismál verða áfram stór þáttur í starfsemi sundlauganna, einkum það sem snýr að mannvirkjum og þjálfun starfsmanna sem þurfa að standast kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

Útilífsborgin

Hlutverk Útilífsborgarinnar er að stuðla að aukinni útiveru og hreyfingu borgarbúa og þar með að bættri lýðheilsu og lífsgæðum. Áfram er lögð áhersla á að þróa fjölbreytta aðstöðu til útivistar og skapa tækifæri fyrir fólk á öllum aldri til hreyfingar og afþreyingar allt árið.

Helstu áherslur eru áframhaldandi bætt skipulag og stefnumótun fyrir Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, með það að markmiði að móta skýra framtíðarsýn og styðja við áframhaldandi þróun garðsins.

Í Nauthólsvík er lögð áhersla á að mæta aukinni aðsókn með bættri aðstöðu fyrir gesti og sjósund, samhliða því að horft er til frekari þróunar svæðisins fyrir útivist og afþreyingu.

Uppbygging Vetrargarðsins í Breiðholti er jafnframt mikilvægur þáttur í að bæta möguleika til vetrarútivistar innan borgarinnar. Þá er áfram unnið að eflingu gönguskíðaleiða og annarrar útivistaraðstöðu ásamt því að skoða framtíðaraðstöðu félaga á borð við klifur-, bretta- og siglingastarfsemi. Markmiðið er að nýta útivistarsvæði borgarinnar betur, fjölga möguleikum til hreyfingar og gera fjölbreytta útivist aðgengilegri fyrir borgarbúa.

Menningarborgin

Menningarborgin gegnir lykilhlutverki í að styðja við fjölbreytt lista- og menningarlíf í Reykjavík og skapa góð skilyrði fyrir sjálfstætt menningarstarf og grasrót um alla borg. Hún heldur meðal annars utan um styrki, samstarfs- og rekstrarsamninga, borgarhátíðir, verðlaun og viðurkenningar auk verkefna á sviði barnamenningar.

Undir Menningarborgina heyra einnig Tónlistarborgin Reykjavík og Reykjavík bókmenntaborg UNESCO og er virkt innlent og alþjóðlegt samstarf mikilvægur þáttur starfseminnar.

Á árinu 2026 er lögð áhersla á aukið samstarf við ríkið og Íslandsstofu, endurskoðun aðgerðaáætlunar menningarstefnu og endurskoðun styrkja og samstarfssamninga. Jafnframt er mikilvægt að styrkja fjárhagslega umgjörð sjálfstæðra menningarstofnana og tryggja að stuðningur við fjölbreytt menningarstarf þróist í takt við breyttar rekstrarforsendur.

Bókmenntaborg UNESCO

Bókmenntaborgin Reykjavík leggur áherslu á grasrótarstarf, erlenda höfunda á Íslandi og alþjóðlegt samstarf. Fjölbreyttar viðburðaraðir og vefritið Stelkur skapa vettvang fyrir höfunda og nýjar raddir. Alþjóðlegt samstarf hefur jafnframt aukið sýnileika Reykjavíkur sem bókmenntaborgar og á árinu 2026 er unnið að stefnumótun fyrir Bókmenntaborgina.

Tónlistarborgin

Tónlistarborgin Reykjavík leggur áherslu á að styðja við grasrót tónlistarlífsins, efla samstarf innanlands og auka alþjóðleg tengsl. Tónleikaröðin Upprásin verður áfram eitt af lykilverkefnum Tónlistarborgarinnar ásamt þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, meðal annars í gegnum Music Cities Network og samstarf við Nantes. Á árinu 2026 verður jafnframt unnið að stefnumótun fyrir Tónlistarborgina.

Hitt húsið

Hitt húsið er fjölbreyttur vettvangur fyrir ungt fólk á aldrinum 16–25 ára með áherslu á menningu, virkni, ráðgjöf og félagsleg úrræði. Meðal helstu verkefna eru Músíktilraunir, Unglist, jafningjafræðsla, atvinnuráðgjöf og frítímastarf fatlaðra. Mikil fjölgun hefur orðið í frístundastarfi fatlaðra sem hefur aukið umfang og kostnað starfseminnar.

Ungmenni og óformlegir hópar ungmenna nýta sér aðstöðu Hins hússins til lengri eða skemmri tíma, meðal annars fyrir hljóðupptökur, fundi, námskeið, æfingar, ráðstefnur og fleira. Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) hefur fasta aðstöðu í Hinu húsinu og síðla árs 2025 hófu Alþjóðleg ungmennaskipti (AUS) að leigja aðstöðu í húsinu. Jafnframt geta starfsstaðir Reykjavíkurborgar leigt rými fyrir fundarhöld, starfsdaga og ráðstefnur.

Listasafn Reykjavíkur

Listasafn Reykjavíkur er marghliða menningarmiðstöð á sviði myndlistar og starfrækir þrjá sýningarstaði auk þess að annast útilistaverk víðs vegar um borgina. Safnið varðveitir umfangsmikla safneign og fjölbreytt sýningarhald er kjarninn í starfseminni, þar sem íslensk og alþjóðleg samtímalist mætir verkum úr safneigninni.

Árið 2026 einkennist af fjölbreyttri sýningardagskrá, meðal annars stórum einkasýningum, sýningum byggðum á safneign og alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Jafnframt er lögð aukin áhersla á miðlun og upplifun gesta, með skapandi fræðslu, smiðjum og verkefnum sem miða að því að ná til fjölbreyttari hópa. Sérstök áhersla er lögð á inngildingu og að efla tengsl við ungt fólk, meðal annars með viðburðum sem skapa nýjar leiðir til þátttöku í starfsemi safnsins.

Varðveisla, skráning og miðlun safneignar og útilistaverka er áfram mikilvægur þáttur starfseminnar. Áhersla er einnig lögð á alþjóðlegt samstarf, miðlun íslenskrar myndlistar erlendis og áframhaldandi þróun kynningar og stafrænna miðlunarleiða til að auka sýnileika safnsins og ná til nýrra gesta.

Borgarsögusafn

Borgarsögusafn Reykjavíkur sinnir varðveislu, rannsóknum og miðlun á sögu og menningararfi Reykjavíkur og leggur áherslu á að gera safnkost og sögu borgarinnar aðgengilega fyrir fjölbreytta hópa. Aðsókn hefur verið að dragast saman á undan förnum 3 árum, meðal annars vegna fækkunar erlendra gesta, sem hefur áhrif á tekjur og rekstrarforsendur safnsins. Árið 2026 var því lögð áhersla á að efla sýnileika safnsins, þróa miðlun og ná betur til nýrra og fjölbreyttari hópa gesta.

Áfram verður boðið upp á fjölbreytt sýningar-, fræðslu- og viðburðastarf ásamt samfélagsverkefnum sem styðja við markmið menningarstefnu borgarinnar. Sýningarhald verður öflugt, meðal annars á Ljósmyndasafni Reykjavíkur, auk þess sem unnið verður áfram að þróun starfseminnar í Viðey og samstarfsverkefnum við aðrar menningar- og menntastofnanir.

Mikilvægur þáttur starfseminnar er varðveisla og skráning safnkosts. Áfram verður unnið að bættum aðbúnaði safngripa í varðveisluhúsnæði og fjargeymslum, aukinni skráningu og þróun Sarps sem miðlægs gagnagrunns safna. Samhliða er unnið að fornleifaskráningu, rannsóknum og öðrum verkefnum sem styðja við varðveislu og miðlun menningararfs borgarinnar.

Helstu áskoranir snúa að hækkandi rekstrarkostnaði og viðhaldsþörf safnhúsa.

Borgarbókasafn

Borgarbókasafnið vinnur samkvæmt stefnu 2025–2028 með áherslu á lestur og læsi, sjálfbærni, uppbyggingu og jafnt aðgengi að þjónustu. Mikilvægur þáttur í þjónustuþróun safnsins er að auka aðgengi gesta utan mannaðs opnunartíma. Umframopnun hefur þegar gefist vel í Sólheimum og Kringlu og unnið er að því að innleiða slíkt fyrirkomulag á fleiri söfnum. Með því er leitast við að gera þjónustuna sveigjanlegri og nýta húsnæði og safnkost betur.

Stórt verkefni er jafnframt undirbúningur breytinga á Grófarhúsi, þar á meðal tímabundið húsnæði fyrir starfsemina og undirbúningur flutnings safnkosts og starfsfólks. Samhliða er unnið að því að þróa mælikvarða og lykiltölur í takt við nýja stefnu, endurskoða upplýsingaþjónustu og efla umhverfisvæna starfsemi og þjónustu við notendur.

Reksturinn einkennist jafnframt af hagræðingarkröfum og auknum öryggiskostnaði. Því þarf að forgangsraða fjármunum og þjónustu með það að markmiði að viðhalda öflugri grunnþjónustu samhliða áframhaldandi þróun og bættu aðgengi að söfnunum.

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins fengu afhent snjóframleiðslukerfi í desember 2023 sem nær yfir um helming skíðasvæðisins í Bláfjöllum. Ári áður höfðu verið teknar í notkun tvær nýjar stólalyftur á svæðinu.

Veturinn 2023–2024 reyndist metár í aðsókn í Bláfjöllum en þá komu fleiri gestir á svæðið en nokkru sinni áður. Veturinn 2024–2025 var einnig afar góður hvað aðsókn varðar og stefndi lengi í að fyrra met yrði slegið.

Veturinn 2025–2026 var hins vegar mun lakari en undanfarin ár og einkenndist af óvenjulegum veðuraðstæðum. Náttúruleg snjókoma var afar lítil í nóvember, desember, janúar og nær allan febrúar. Jafnframt var hitastig á þessu tímabili óvenjuhátt, sem takmarkaði verulega möguleika á snjóframleiðslu. Af þeim sökum voru opnunardagar færri en undanfarna vetur, eða alls 31 dagur. Á þeim tíma nýttu 54.855 gestir skíðalyfturnar í Bláfjöllum og 294 gestir heimsóttu gönguskíðasvæðið.

Snjóframleiðslukerfið hefur nú verið starfrækt í þrjá vetur. Fyrstu tveir veturnir eftir innleiðingu þess einkenndust af mikilli aðsókn, en síðasti vetur var óvenjulegur vegna snjóleysis og óhagstæðra veðurskilyrða.

Fjölmargir þættir hafa áhrif á rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og er veðurfar það mikilvægasti, og þá ekki síst á lykiltímabilum á borð við jól, áramót og páska, þegar aðsókn hefur veruleg áhrif á rekstrarafkomu. Þótt reynsla af snjóframleiðslu nái enn aðeins til þriggja vetra benda fyrirliggjandi tölur til þess að hún hafi haft jákvæð áhrif á aðsókn og rekstur svæðisins. Mikilvægt er því að huga að áframhaldandi uppbyggingu snjóframleiðslukerfisins og ljúka uppsetningu þess á suðursvæði Bláfjalla. Með því mætti skapa betri forsendur fyrir því að opna allt skíðasvæðið fyrr á hverjum vetri, auka rekstraröryggi og tryggja betri nýtingu þeirra innviða sem þegar eru til staðar. Ekki er gert ráð fyrir opnun Skálafells veturinn 2026–2027.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2025	Útksp 2026	Áætlun 2027
Aðsóknartölur			
Gestafjöldi á söfnum Listasafns Reykjavíkur í þús.	224,5	227	230
Gestafjöldi á söfnum Borgarbókasafns í þús.	527,5	555	558
Fjöldi útlána á söfnum Borgarbókasafns í þús.	542	546	550
Gestafjöldi í söfn Borgarsögusafns í þús.	143,5	137	140
Gestafjöldi samtals í sundlaugum Reykjavíkur í milljónum	2.491	2.603	2.600
Gestafjöldi í Bláfjöllum í þús.	78	55	80
Frístundakort			
Fjöldi 6-18 ára barna sem ráðstafar Frístundakorti	81,5%	82%	82%
Hlutfallsleg nýting á fjármagni	78%	78%	78%
Fjöldi félaga með aðild að Frístundakorti	193	175	190
Frístundakort ráðstafað til íþróttafélaga	67%	64%	64%
Frístundakorti ráðstafað til lista- og menningarstarfsemi	15%	16%	17%
Frístundakorti ráðstafað í líkamsrækt	13%	13%	13%
Frístundakorti ráðstafað til Frístundaheimila	3%	3,5%	3%
Frístundakorti ráðstafað í annað félagsstarf	2%	2,5%	2%




SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

LEIÐARLJÓS

Barnið sem virkur þátttakandi - Fagmennska og samstarf í öndvegi

SKIPURIT




FJÁRHAGSÁÆTLUN 2027

	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Rekstrartekjur	5.194.404	4.852.494	4.821.769
Tekjur samtals	**5.194.404**	**4.852.494**	**4.821.769**
Laun og launatengd gjöld	59.532.226	61.689.611	63.811.307
Annar kostnaður	34.537.100	36.279.906	37.432.470
Rekstrargjöld samtals	**94.069.326**	**97.969.517**	**101.243.777**
Rekstrarniðurstaða	**- 88.874.922**	**- 93.117.023**	**- 96.422.008**

STARFSFÓLK

	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Fjöldi starfsmanna	6.282	6.461	6.634
Fjöldi stöðugilda	4.850	4.944	5.099
Stöðug. eftir skrifstofum/ þjónustuþáttum:			
Leikskólar	1.788	1.847	1.877
Grunnskólar	2.442	2.416	2.528
Frístundastarf	443	494	506
Skólahljómsveitir	35	35	35
Miðlægar skrifstofur SFS og miðstöðvar *	142	152	153
Börn í borgarreknum leikskólum	5.215	5.597	5.593
Börn í borgarreknum grunnskólum	14.448	14.328	14.041
*Við vinnslu áætlunar er tilfærslu þess hluta miðstöðva sem færist yfir til Velferðarsviðs ekki lokið			

SKIPTING REKSTRAR 2027



HLUTVERK

Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða skóla- og frístunda-þjónustu í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og skólahljóm-sveitum í hverfum borgarinnar. Jafnframt er veitt þjónusta á grunni samninga við dagforeldra, sjálfstætt starfandi leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Unnið er samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem málaflokkinn varðar. Faglegt starf í uppeldi og menntun barna og ungmenna byggir á Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030; *Látum draumana rætast*.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Meginmarkmið Menntastefnu Reykjavíkurborgar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Tvö leiðarljós vísa veginn, annars vegar barnið sem virkur þátttakandi og hins vegar fagmennska og samstarf í öndvegi. Unnið verður að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börnin lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl. Grundvallarþættir stefnunnar eru fimm; Félagsfærni, Sjálfsefling, Læsi, Sköpun og Heilbrigði. Samhliða samþykkt Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 var mótuð áætlun um almennar aðgerðir til stuðnings starfsstöðum í innleiðingarferlinu. Hver áætlun er gerð til þriggja ára, núgildandi áætlun er fyrir tímabilið 2025-2027. Áhersluþættir hennar eru farsæld og inngilding, læsi í víðum skilningi og stafræn umbreyting.

Verkefnalisti nýs meirihluta talar inn í Menntastefnu Reykjavíkurborgar með því að setja börn og fjölskyldur í fyrsta sæti með samþættri þjónustu, snemmtækum stuðningi, sterkum skólum og frístundastarfi, inngildingu og aukinni farsæld barna. Sérstök áhersla er jafnframt lögð á að bæta námsárangur og koma menntakerfi Reykjavíkurborgar í fremstu röð. Í því samhengi hefur skóla- og frístundasviði verið falið að vinna aðgerðaáætlun um bættan námsárangur, þar sem horft verður til skýrra markmiða, markvissrar eftirfylgni, starfsþróunar, stuðnings við skóla og betri nýtingar gagna til að styrkja nám og kennslu. Samráð verður haft við hagaðila í vinnunni til að tryggja að áætlunin byggi á sameiginlegri sýn, reynslu starfsstaða og þörfum barna og fjölskyldna.

FJÁRHAGSLEG ÁHRIF

Við gerð fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2027 er gert ráð fyrir að sviðið þurfi að mæta auknum verkefnum, breyttum þjónustuþörfum og nýjum áherslum samhliða því að halda rekstri innan samþykktra fjárheimilda sem eru tveimur milljörðum lægri að raunvirði en á árinu 2026. Það kallar á skýra forgangsröðun, áframhaldandi rýni á rekstri og markvissa nýtingu fjármuna í þágu menntunar og þjónustu við börn og fjölskyldur.

Grunnskólalíkan og leikskólalíkan verða uppfærð í samræmi við forsendur um fjölda barna, þróun þjónustuþarfar og aðrar magnbreytingar sem hafa áhrif á rekstur starfsstaða. Þá taka breytingar á fjárhagsramma mið af kjarasamningsbundnum hækkunum og öðrum þekktum rekstrarforsendum sem sviðið hefur takmarkað svigrúm til að hafa áhrif á.

Við forgangsröðun fjárheimilda verður sérstaklega horft til verkefna sem hafa bein áhrif á börn og fjölskyldur, styðja við farsæld og inngildingu, bæta námsárangur og tryggja að þjónusta sé veitt á réttum stað og á réttum tíma. Jafnframt verða fjárhagsleg áhrif nýrra verkefna metin áður en þau koma til framkvæmda, þannig að skýrt sé hvaða verkefni rúmast innan núverandi fjárheimilda og hvaða verkefni kalla á sérstaka fjármögnun. Við undirbúning fjárhagsáætlunar verða eftirfarandi þættir teknir til sérstakrar skoðunar með það að markmiði að meta fjárþörf, svigrúm til hagræðingar og mögulega endurskipulagningu verkefna.

- Aðgerðir til að bæta námsárangur og koma menntakerfi Reykjavíkurborgar í fremstu röð, meðal annars með skýrari markmiðum, eftirfylgni, starfsþróun og stuðningi við skóla.
- Fjölbreyttar lausnir í leikskóla- og daggæslumálum, þar á meðal mat á þörf fyrir ný úrræði, samninga, eftirlit og gæðaviðmið.
- Efling stoðþjónustu í skóla- og frístundastarfi, þar á meðal við börn með fötlun, börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og börn með fjölþættan vanda.
- Úrræði fyrir börn í viðkvæmri stöðu, t.d. sem styðja við skólasókn, félagslega þátttöku, vellíðan og farsæld barna.
- Endurskoðun verkefna og starfsmannaþörf á miðlægri skrifstofu.
- Endurskoðun reksturs á starfseiningum sviðsins þar sem sérstaklega verði horft til óhagkvæmra starfseininga og mögulegrar samlegðar í rekstri sviðsins með það að markmiði að tryggja hagkvæman rekstur, faglegt starf og gott þjónustustig.
- Endurskoðun á hlutdeild skóla- og frístundasviðs í rekstri stafrænna kerfa og þjónustu , þar á meðal vegna kerfa sem þegar hafa verið tekin í notkun eða eru í innleiðingu.
- Endurskoðun samninga við aðila sem veita þjónustu á sviði skóla- og frístundamála, með áherslu á lögbundna þjónustu, skýra ábyrgð, gæði þjónustu og hagkvæma nýtingu fjármuna.

ÓVISSA Í REKSTRI

Rekstur skóla- og frístundasviðs árið 2027 er háður nokkrum óvissuþáttum þar sem ekki liggur fyrir með nægilegri vissu hvert umfang, tímasetning eða fjárhagsleg áhrif verða. Þróun þessara þátta getur kallað á breytingar á útgjöldum, þjónustustigi eða forgangsröðun innan ársins. Helstu óvissuþættir eru:

- Þróun í fjölda barna og þjónustuþörf þeirra, einkum fjölgun barna sem þurfa sérkennslu, sérfræðiþjónustu eða annan viðbótarstuðning. Umfang þeirrar þróunar og kostnaðaráhrif liggja ekki að fullu fyrir.
- Þjónustuþörf barna með fötlun, barna af erlendum uppruna og barna með fjölþættan vanda, meðal annars hvað varðar móttökuúrræði, íslenskukennslu, túlkaþjónustu og sérhæfðan stuðning.
- Gjaldfrjáls frístundaþjónusta við fötluð börn 10 ára og eldri og aukinn þjónustutími.
- Þróun nemendafjölda og þjónustuþarfar í skóla- og frístundastarfi í Klettaskóla og öðrum sértækum skóla- og frístundaúrræðum, auk mögulegra áhrifa húsnæðismála á rekstur þeirra.
- Akstur fatlaðra barna og annar sértækur akstur, þar sem kostnaður ræðst meðal annars af fjölda barna, þjónustuþörf, leiðakerfi og niðurstöðum samninga við þjónustuaðila.
- Mönnun starfsstaða, einkum þróun ráðningarvanda, veikindafjarvista, afleysinga og mögulegar breytingar á hlutfalli fagmenntaðs starfsfólks.

- Kostnaðaráhrif kjarasamninga og breytinga á launaforsendum sem ekki eru að fullu fyrirséð við gerð fjárhagsáætlunar, þar á meðal áhrif virðismatsaðferðar í kjarasamningum Kennarasambands Íslands.
- Ófyrirséður kostnaður vegna húsnæðis starfsstaða, svo sem vegna viðhaldsþarfar, framkvæmda, bráðabirgðahúsnæðis, flutninga eða rekstrartruflana.
- Þróun kostnaðar við stafræn kerfi og þjónustu, einkum þar sem endanlegt umfang þróunar, samþættingar, notendaþjónustu og krafna um upplýsingaöryggi liggur ekki fyrir.
- Framtíðarfyrirkomulag tiltekinna sértækra frístundaúrræða, þar á meðal Flotans og Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar, þar sem endanlegt fyrirkomulag, umfang þjónustu og fjárhagsleg áhrif liggja ekki að fullu fyrir.
- Ný eða breytt verkefni sem ekki hafa verið að fullu kostnaðarmetin eða fjármögnuð, ef til þeirra kemur á árinu.
- Fjármögnun vegna endurnýjunar á stafrænum námstækjum fyrir grunnskólabörn
- Fjármagn frá ríkinu vegna innleiðingar farsældar fellur niður frá og með árinu 2027

Samhliða ofangreindum verkefnum er yfirstandandi innleiðing skipulagsbreytinga á sviðinu, skv. samþykkt borgarráðs þar um 25. ágúst sl. Miðstöðvar Reykjavíkurborgar: Vesturmiðstöð, Norðurmiðstöð, Austurmiðstöð og Suðurmiðstöð og frístundamiðstöðvarnar: Brúin, Kringlumýri, Miðberg og Tjörnin voru lagðar niður sem sérstakar skipulagseiningar og verkefni þeirra endurskipulögð og færð undir nýtt skipulag skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs sem tók gildi 1. september sl. Helstu breytingar á skóla- og frístundasviði eru að fagleg forysta leikskóla færðist inn á skrifstofu leikskólamála, grunnskóla inn á skrifstofu grunnskólamála og frístundastarfs inn á skrifstofu frístundamála. Skrifstofa nýsköpunar og þróunar sem starfar þvert á starfsemi leikskóla-, grunnskóla- og frístundamála, fékk nýtt heiti – skóla- og frístunda-þjónusta. Til hennar fluttust stöðugildi sérfræðinga í skóla- og frístundaþjónustu af miðstöðvum og sameinuðust þar sérfræðingum í málþroska og læsi, stafrænni tækni, jafnréttis- og list-fræðslu til stuðnings við starfsemi skóla- og frístundastarfs og starfsfólk þeirra. Mannauðs- og fjármálaþjónusta miðstöðva fluttist á hlutaðeigandi einingar á skrifstofu sviðsins. Borgarráð fól jafnframt sviðsstjórum velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs að útfæra og innleiða breytt skipurit sviðanna, skipulag, verkaskiptingu og breytingar á mönnun þeirra í samræmi við ný skipurit og markmið breytinganna. Gera má ráð fyrir kostnaði vegna flutninga og skjalavistunar.

GJALDSKRÁR – VERÐLAGSBREYTINGAR

Gert er ráð fyrir:

- Að allar gjaldskrár hækki um 2,5% þann 1. janúar 2027.
- Að reiknaðar séu verðbætur á almennan rekstrarkostnað.
- Að viðbætur vegna kjarasamningsbreytinga koma inn í hækkun fjárhagsramma.
- Ekki er von á öðrum breytingum á kjörum starfsmanna en samkvæmt gildandi kjara-samningum.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Leikskólar og dagforeldrar:

Áherslur í leikskólastarfi í Reykjavík eru að leikskólar borgarinnar verði framúrskarandi menntastofnanir fyrir yngstu börnin og að starfsaðstæður barna og starfsfólks styðji við þroska, nám og vellíðan. Áhersla er lögð á faglegt starf, málþroska, sköpun og stöðugar umbætur. Leikskólaleiðin í Reykjavík er í innleiðingu með það að markmiði að bæta starfsaðstæður, efla faglegt starf og starfsánægju, auka fyrirsjáanleika fyrir fjölskyldur og starfsfólk og tryggja öryggi barna og starfsfólks.

Borgarreknir leikskólar eru 68, þar af tveir sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili. Sjálfstætt starfandi leikskólar eru um 17, þar af tveir sem eingöngu eru með 5 ára deildir. Í september 2026 voru starfandi 67 dagforeldrar með 323 börn í vistun.

Helstu breytingar á fjárhagsáætlun milli ára eru eftirfarandi:

- Auka nýtingu plássa hjá dagforeldrum.
- Viðbótarfjármögnun vegna nýrra leikskólaplássa samkvæmt líkani.
- Endurskoðun uppbyggingar gjaldskrár.
- Fjölgun plássa í sjálfstætt starfandi leikskólum vegna forgangs barna frá Reykjavík.
- Innleiðing skipulagsbreytinga samkvæmt samþykkt borgarráðs frá 25. ágúst, þar á meðal flutningur starfa til skrifstofu leikskólamála.
- Aðhald og eftirfylgni í ráðningum.

Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar:

Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar leggja áherslu á að börnum og unglingum í Reykjavík standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi og sérstaklega hugað að börnum og ungmennum sem þurfa sérstaka hvatningu eða stuðning. Starfið hefur jafnframt mikilvægt forvarnargildi og styður við heilbrigðan lífsstíl og virkni í samfélaginu.

Starfsemin byggist á samþykktum reglum og árlegum starfsáætlunum og þjónustan er veitt allt árið. Skóla- og frístundasvið rekur 37 frístundaheimili, þar af eitt sértækt, og 27 félagsmiðstöðvar, þar af fimm sértækar.

Helstu breytingar á fjárhagsáætlun milli ára eru eftirfarandi:

- Fjölgun samninga við sjálfstætt starfandi grunnskóla um frístundaþjónustu reykvískra barna.
- Gjaldfrjáls frístundaþjónusta við fötluð börn 10 ára og eldri og aukinn þjónustutími.
- Bæta nýtingu húsnæðis með samnýtingu í skóla- og frístundastarfi.
- Hefja vinnu við rekstrarlíkan fyrir frístunda- og félagsmiðstöðvastarf.
- Innleiða skipulagsbreytingar samkvæmt samþykkt borgarráðs frá 25. ágúst þar á meðal flutningur starfa til skrifstofu frístundamála.

Grunnskólar

Grunnskólaskrifstofa styður við rekstur og þróun grunnskóla í Reykjavík með það að markmiði að tryggja nemendum jöfn tækifæri til náms, velferðar og þátttöku. Áhersla er lögð á öflugt skólastarf, gæði í kennslu, snemmtækan stuðning og markvissa eftirfylgni með námsframvindu og líðan barna og ungmenna. Grunnskólar borgarinnar starfa samkvæmt starfs- og umbótaáætlunum sem endurspegla helstu áherslur hvers skóla og stuðla að stöðugri þróun og gæðum skólastarfs.

Í Reykjavík eru 38 borgarreknir grunnskólar, þar af tveir sérskólar. Fimm grunnskólar eru reknir í samþættu starfi með leikskóla, frístundaheimili eða tónlistarskóla. Auk þess starfa sex sjálfstætt reknir grunnskólar og einn sjálfstætt rekinn sérskóli á grundvelli samninga við Reykjavíkurborg.

Helstu breytingar á fjárhagsáætlun milli ára eru eftirfarandi:

- Skólahverfamörk verði endurskoðuð með tilliti til betri nýtingar á húsnæði.
- Aðhald og eftirfylgni í ráðningum.
- Bæta nýtingu húsnæðis með samnýtingu í skóla- og frístundastarfi.
- Innleiðing skipulagsbreytinga skv. samþykkt borgarráðs þar um frá 25. ágúst sl.

Skóla- og frístundaþjónusta:

Skóla- og frístundaþjónusta er ný og breytt eining í kjölfar skipulagsbreytinga sem samþykktar voru í borgarráði í ágúst sl. Markmið þjónustunnar er að styrkja nám, kennslu og faglegt starf og styðja við farsæld og inngildingu allra barna. Áhersla er lögð á snemmtækan og þrepaskiptan stuðning, samræmda ráðgjöf og faglega aðstoð við leikskóla, grunnskóla og frístundastarf, sem næst vettvangi barna og starfsstaða.

Undir skrifstofuna heyra deild skóla- og frístundaþjónustu, Mixtúra, Miðja máls og læsis og Nýsköpunarmiðja menntamála. Þar fer meðal annars fram kennslu-, sérkennslu- og hegðunarráðgjöf, faglegur stuðningur við frístundastarf, stuðningur við mál og læsi, fjölmenningarlegt skólastarf, skapandi notkun tækni, samstarf skóla við menningarstofnanir, alþjóðasamstarf og styrkir. Jafnréttisskóli Reykjavíkur, skólahljómsveitir Reykjavíkur og málefni tónlistarskóla heyra jafnframt undir Nýsköpunarmiðju menntamála.

Í upphafi árs 2027 flytjast formlega 45,5 stöðugildi frá miðstöðvum til skrifstofu skóla- og frístundaþjónustu og verða þá samtals 68,1 stöðugildi innan skrifstofunnar, að frátöldum stöðugildum skólahljómsveita. Jafnframt flytjast 37,8 stöðugildi frá miðstöðvum til velferðarsviðs. Ekki er gert ráð fyrir verulegum viðbótarkostnaði vegna breytinganna, en kostnaður getur fallið til vegna flutninga og aukins aksturs starfsfólks.

Helstu breytingar og áherslur í fjárhagsáætlun milli ára eru eftirfarandi:

- Innleiðing skipulagsbreytinga og uppbygging nýrrar skóla- og frístundaþjónustu.
- Samræming þjónustu þvert á borgina og styrking aðkomu þjónustunnar að lausnateymum leik- og grunnskóla.
- Innleiðing sameiginlegrar yfirsýnar og beiðnakerfis til að bæta yfirsýn yfir eftirspurn og forgangsröðun þjónustu.
- Áframhaldandi uppbygging fag- og þverfaglegra teyma sem veita stuðning sem næst vettvangi barna og starfsstaða.
- Áhersla á samvinnu og samlegðaráhrif með það að markmiði að bæta þjónustu, tryggja jafnræði og ná fram hagræðingu.
- Eftirfylgni með þróun þjónustunnar, meðal annars út frá óafgreiddum beiðnum, samræmi þjónustu milli borgarhluta og aðgengi að þjónustunni.
- Aðhald og eftirfylgni í ráðningum

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Lykiltölur	Raun 2023	Raun 2024	Raun 2025	ESK áætlun 2026	Áætlun 2027
Fjöldi leikskóla (og leikskóla sem sameinaðir eru grunnskóla)	90	91	91	91	90
Leikskólar Reykjavíkur (þar af 3 sameinaðir leik- og grunnskólar)	69	70	70	70	70
Sjálfstætt starfandi leikskólar (þar af 2 fimm ára deildir)	21	21	21	22	20
Fjöldi grunnskóla í Reykjavík	44	44	44	44	44
Grunnskólar Reykjavíkur / sérskólar (þar af 2 sérskólar og 5 sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili frá 2012)	38	38	38	38	38
Sjálfstætt starfandi grunnskólar í Reykjavík	6	6	6	6	6
Fjöldi skólahljómsveita	4	4	4	4	4
Tónlistarskólar	18	18	18	18	17
Tónlistarskólar á vegum Reykjavíkurborgar	1	1	1	1	1
Tónlistaskólar með þjónustusamning við Reykjavík v. grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng	17	17	17	17	17
Tónlistaskólar sem fá gr. frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurb. vegna framhaldsn. í hljóðfæraleik og mið- /framhaldsnáms í söng	13	13	13	13	13
Frístundamiðstöðvar	4	4	4	4	4
Frístundaheimili	37	37	37	37	37
Sértækar félagsmiðstöðvar (áður frístundaklúbbar)	5	5	5	5	5
Félagsmiðstöðvar	22	22	22	22	22

Lykiltölur framhald	Raun 2023	Raun 2024	Raun 2025	ESK áætlun 2026	Áætlun 2027
Barnið, nemandinn, unglingurinn					
Fjöldi barna / rýma í leikskólum í Reykjavík	6.869	6.709	6.453	6.772	6.884
Leikskólar Reykjavíkur	5.430	5.228	5.129	5.495	5.501
Sjálfstætt starfandi leikskólar	1.190	1.241	1.180	1.175	1.291
Sameinaðir leik- og grunnskólar	249	240	86	102	92
Fjöldi reykvíkskra barna í leikskólum utan Rvk.	23	19	20	16	20
Fjöldi barna með lögheimili utan R. sem dvelja í leikskóla í Reykjavík	26	37	35	30	44
Fjöldi dvalargilda í leikskólum í Reykjavík	72.593	72.408	70.758	71.266	70.395
Leikskólar Reykjavíkur	56.359	56.765	55.479	57.955	55.136
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	13.834	13.155	12.508	12.220	14.291
Sameinaðir leik- og grunnskólar	2.400	2.488	2.771	1.091	968
Fjöldi dvalargilda í leikskólum utan Reykjavík					
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur	393	444	420	312	390
Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum í Reykjavík	53.357	52.769	54.874	53.908	54.172
Leikskólar Reykjavíkur	42.321	42.410	43.208	44.951	42.457
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	8.800	8.422	9.494	8.139	11.005
Sameinaðir leik- og grunnskólar	2.236	1.937	2.172	818	710
Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum utan Reykjavíkur					
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur	0	0	0	0	0
Barnið, nemandinn, unglingurinn frh.					
Dagforeldrar					
Fjöldi barna hjá dagforeldrum	379	326	310	251	280
Grunnskólar / sérskólar					
Fjöldi nemenda í grunnskólum á vorönn	14.474	14.531	14.488	14.341	14.041
Fjöldi nemenda í sérskólum á vorönn	184	190	174	210	210
Fjöldi nemenda í sjálfstætt starfandi sérskólum á vor	12	12	14	14	16
Fjöldi nemenda í grunnskólum á haustönn	14.474	14.531	14.448	14.341	14.041
Fjöldi nemenda í sérskólum á haustönn	184	190	174	210	210
Fjöldi nemenda 6 ára og eldri í sjálfstætt starfandi grunnskólum, 2026 er bætt við sjálfstætt starfandi utanr	752	755	803	808	896
Fjöldi nemenda í sjálfstætt starfandi sérskólum á haust	12	12	14	16	16
Tónlistarskólar / skólahljómsveitir					
Fjöldi nemenda í skólahljómsveitum	521	521	521	521	521
Frístundamiðstöðvar					
Fjöldi barna á frístundaheimilum					
Fjöldi barna á frístudnaheimilum, vorönn	4.083	3.965	3.829	4.107	4.286
Fjöldi barna á frístudnaheimilum, haustönn	4.083	3.965	3.829	4.107	4.286
Fjöldi barna í frístundaheimilum, reiknað sem 5 daga vistun					
Á vorönn	3.567	3.844	3.852	3.815	3.981
Á haustönn	3.567	3.844	3.852	3.815	3.981
Fjöldi barna í sértækum félagsmiðstöðvum og frístundaheimilinu Guluhlíð					
Á vorönn	203	205	200	200	212
Á haustönn	203	205	200	200	212
Fjöldi barna í sértækum félagsmiðstöðvum og frístundaheimilinu Guluhlíð, reikn. sem 5 daga vistun					
Á vorönn	196	198	201	200	212
Á haustönn	196	198	201	200	212




UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

LEIÐARLJÓS

Leiðarljós umhverfis- og skipulagssviðs eru aukin lífsgæði í Reykjavík með framúrskarandi þjónustu og metnaði fyrir enn betri borg

SKIPURIT



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2027

USK aðalsjóður

	Raun 2025	Áætlun 2026	Esk áætlun 2026	Áætlun 2027
Rekstrartekjur	7.503.056	7.105.807	7.116.807	7.152.037
Tekjur samtals	**7.503.056**	**7.105.807**	**7.116.807**	**7.152.037**
Laun og launatengd gjöld	4.350.327	4.444.407	4.545.220	4.138.650
Annar kostnaður	15.796.007	15.813.085	15.815.981	16.667.774
Rekstrargjöld samtals	**20.146.334**	**20.257.492**	**20.361.201**	**20.806.424**
Rekstrarniðurstaða	**- 12.643.278**	**- 13.151.685**	**- 13.244.394**	**- 13.654.387**

USK eignasjóður

	Raun 2025	Áætlun 2026	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Rekstrartekjur	42.371.875	43.807.966	45.110.009	45.110.009
Rekstrartekjur fluttar í aðalsjóð	208.053	176.000	176.000	176.000
Tekjur samtals	**42.163.822**	**43.631.966**	**44.934.009**	**44.934.009**
Laun og launatengd gjöld	2.931.851	3.282.441	3.263.464	3.263.464
Annar kostnaður	8.301.402	13.691.974	14.502.092	14.502.092
Afskriftir	10.075.351	10.500.000	10.600.000	10.600.000
Rekstur fluttur í aðalsjóð	-4.720.609	-5.609.435	-5.723.104	-5.723.104
Rekstrargjöld samtals	**16.587.995**	**21.864.980**	**22.642.452**	**22.642.452**
Rekstrarniðurstaða	**- 25.575.827**	**-21.766.986**	**-22.291.557**	**-22.291.557**


Rekstrarniðurstaða alls	**- 12.932.549**	**- 8.615.301**	**-8.637.170**	**- 8.637.170**

STARFSFÓLK


	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Fjöldi starfsmanna	495	464	424
Fjöldi fastra stöðugilda	462,4	459,4	420,6
Fjöldi sumarstarfsmanna	331	390	323
Fjöldi nemenda í vinnuskólanum	3477	3672	3395
Eftir skrifstofum/ þjónustuþáttum:			
Sviðstjóri	6	6	6
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða	18	24	22
Skrifstofa mannauðs	8	8	7
Skrifstofa fjármála	5	7	9
Skrifstofa þjónustu og samskipta	17	0	0
Skipulags- og byggingarmál	-	49	49
Skipulagsfulltrúi	18	0	0
Byggingafulltrúi	18	0	0
Samgöngur og borgarhönnun	42	42	41
Heilbrigðiseftirlit	24,85	24,85	3
Umhverfisgæði	95	95	85
Framkvæmdir og fasteignir	58	64	61,5
Verkefnastofa	6	0	0
Skrifstofa borgarlandsins	131,6	126,6	124,1
Skrifstofa eignastýringar	-	13	13
Eignaskrifstofa	10	0	-
Atvinnuþróun	5	0	-

SKIPTING REKSTRAR 2027


Skipting rekstrarkostnaðar í aðalsjóð 2027



Skipting tekna í aðalsjóð 2027







HLUTVERK

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) gegnir fjölþættu hlutverki, allt frá því að vinna með kjörnum fulltrúum að stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum til þess að samþykkja teikningar og tryggja eftirlit í heilbrigðismálum. Að auki stýrir sviðið framkvæmdum og viðhaldi og sinnir almennum rekstri í borgarlandinu eins og garðyrkju og grasslætti, snjómokstri og hreinsun. Sviðið ber einnig ábyrgð á eignum borgarinnar sem og eignastýringu, leiðir gerð fjárfestingaáætlunar, uppbyggingasamninga og semur um lóðir og lendur.

Lögbundin verkefni byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tilheyra sviðinu en stór hluti verkefna Heilbrigðiseftirlits borgarinnar munu flytjast til ríkisins um næstu áramót. Bílastæðasjóður er einnig hluti af umhverfis- og skipulagssviði sem og Grasagarður Reykjavíkur. Stefnumörkun sú sem sett er fram í Aðalskipulagi Reykjavíkur er leiðarljós í allri vinnu sviðsins. Þar birtist sá græni þráður sem leggja skal til grundvallar við ákvarðanatöku allt frá hugmynd til framkvæmda og reksturs. Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs býr yfir einstakri fagþekkingu í þeim málaflokkum sem sviðið sinnir og gegnir lykilhlutverki í því að gera Reykjavík að enn betri borg. Sviðið er umhverfisvottað og leggur áherslu á að veita sviðum borgarinnar, borgarbúum og öðrum viðskiptavinum góða þjónustu.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Á árinu 2027 er gert ráð fyrir að rekstrarrammi aðalsjóð hækki um 503 m.kr. frá upphaflegri fjárhagsáætlun ársins 2026. Tekjur hækka um 46 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að gjaldskrá hækki að meðaltali um 2,5%. Laun- og launatengd gjöld lækka um 306 m.kr. Gert er ráð fyrir kjarasamningsbundnum hækkunum samkvæmt kjarasamningum, en á móti færist Heilbrigðiseftirlitið að stærstum hluta til ríkisins um áramót og við það fækkar stöðugildum um 22. Gert er ráð fyrir að starfsmönnum sorphirðu fækki um 10 þar sem um 15% af sorphirðu við heimili verði boðin út, til viðbótar er gert ráð fyrir að stöðugildum fækki um 7 vegna hagræðingar. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 855 m.kr. Stærsta breytingin er hækkun innri leigu upp á 387 m.kr., hækkun hjá sorphirðunni upp á 291 m.kr. sem er að stærstum hlut vegna fyrirhugaðs útboðs. Þá er gert ráð fyrir vísitöluhækkun á annan rekstrarkostnað upp á 1,5% og til viðbótar við það er fjármagn í áætlun fært á milli kostnaðarstaða.

Á árinu 2027 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða eignasjóðs fyrir utan fjármagnsliði batni um 525 m.kr. Tekjur hækka um 1.302 m.kr sem er að stærstum hluta vegna innri leigu sem hækka um 1.262 m.kr. Laun og launatengd gjöld lækka um 19 m.kr. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 696 m.kr., leiga nýrra framleigueigna hækkar um 384 m.kr, og leiga á færanlegu húsnæði við skóla hækkar um 233 m.kr. Fasteignagjöld og tryggingar hækka um 103 m.kr og vísitöluhækkunar á annan rekstrarkostnað upp á 1,5%. Þá er hækkun afskrifta 100 m.kr. á milli ára.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Segja má að með skipuritsbreytingum þeim sem áttu sér stað í árslok 2025 hafi náðst að sameina öll verkefni sem falla undir eigna- og auðlindastýringu í sinni breiðustu mynd. Starfsárið hefur því einkennst af nýjum tækifærum og verklagi en ekki síður góðu skipulagi og umbótahugsun. Umhverfis- og skipulagssvið innleiðir nú af krafti; stefnumiðaða stjórnun, skilgreinda aðferð verkefnastjórnunar, nýja þjónustuferla, stafræna umbreytingu og aukna teymisvinnu. Húsnæðismál eru í öndvegi, allar tegundir samgangna, hrein borg, græn svæði og fögur torg. Áfram verður unnið að stórum skipulagsáætlunum eins og á Ártúnshöfða, Keldum og Hallar/Hamrahlíðalöndum.

Á árinu 2027 verður framhald af skipuritsbreytingum á umhverfis- og skipulagssviði. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur verður lagt niður sem slíkt en verkefnin flytjast að stórum hluta til ríkisstofnana. Ýmis verkefni önnur verða flutt á milli fagskrifstofa til þess að skýra ábyrgð og eignarhald á verkefnum og koma í veg fyrir tvíverknað. Verkefni atvinnuþróunar munu fá stærri sess auk þess sem frekari hagræðing mun fela í sér niðurlagningu á verkefnum sem og breytingar í átt að stafrænum lausnum. Á verkefnalista meirihlutans eru fjölmörg verkefni sem eru á ábyrgðarsviði umhverfis- og skipulagssviðs sem eru þegar komin í framkvæmd og munu

starfsáætlanir komandi ára taka mið af áherslum þar. Sem dæmi má nefna endurskoðun á skipulagi í Örfirisey og skipulag byggða á Geldinganesi. Þá er frekari hagræðing fyrirhuguð á umhverfis- og skipulagssviði eins og sjá má í fjárhagsáætlun. Slík hagræðing mun fela í sér niðurlagningu á verkefnum sem og breytingar í átt að stafrænum lausnum sem eru að ryðja sér hratt til rúms á sviðinu. Með tilkomu meginferla USK og gæðavottunar sem nú er í undirbúningi er ljóst að skilvirkni mun aukast og þjónusta batna. Með lykilmælikvörðum og reglulegum þjónustukönnunum verður fylgst með því hvernig þjónustuúrbætur þróast.

Starfsárið fram undan er því krefjandi en að vanda spennandi þar sem fjölmörg verkefni, stór og smá, bíða úrlausnar.

Sviðsstjóri

Helstu aðalskipulagsverkefni á komandi starfsári er að klára breytingar vegna fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar í landi Keldna og Halla, atvinnusvæða á Álfsnesi og almennar breytingar vegna skipulags landbúnaðarsvæða á Kjalarnesi og Grundarhverfis. Einnig verða í vinnslu breytingar á aðalskipulagi vegna hafnarsvæða Faxaflóahafna, gatnamóta Bústaðavegar og Reykjanesbrautar auk fjölmargra annarra smærri breytinga. Á árinu verða einnig undirbúnar frekari aðalskipulagsbreytingar og endurskoðun viðkomandi þátta aðalskipulagsins, s.s. varðandi Miklabraut í göng, Örfirisey, Geldinganes, tímaákvæði flugvallar í Vatnsmýri og hugað að breytingum á vaxtarmörkum svæðisskipulags í samvinnu við SSH. Haldið verður áfram með sviðsmyndagreiningu um þróun byggðar til langrar framtíðar og m.t.t. áhrifa hættumats vegna náttúruvár á höfuðborgarsvæðinu. Reiknað er með að aðalskipulagsferli vegna útfærslu Sundabrautar og endanlegrar legu brautar verði á lokastigi í lok árs 2026, enda liggi þá fyrir samkomulag ríkisins og Reykjavíkurborgar um leiðaval Sundabrautar. Aðalskipulagsdeild heldur einnig utan um endurskoðun Húsnæðisáætlunar Reykjavíkur til 10 ára, m.a. mat á húsnæðisþörf og miðlar upplýsingum almennt um skipulags- og húsnæðismálum. Gert er ráð fyrir að endurskoðun húsnæðisáætlunar verði kláruð í byrjun árs 2027.

Deild loftslagsmála hefur umsjón með framfylgd loftslagsstefnu Reykjavíkur og þátttöku Reykjavíkur í Evrópusamstarfi 112 borga sem ætla sér að verða kolefnishlutlausar og snjallar fyrir árið 2030 undir hatti NetZeroCities. Þátttakan felur í sér framfylgd loftslagsborgarsamnings þar sem þátttakendur hafa skuldbundið sig til ákveðinna aðgerða. Aðgerðirnar miða að því að draga úr losun gróðurhúslofttegunda, aðlagast loftslagsbreytingum og binda kolefni samhliða því að styðja við aukin lífsgæði í Reykjavík. Innan deildarinnar er einnig rekstur verkefna sem tengjast loftslagsmálum og hafa hlotið rannsóknarstyrki.

Skrifstofa stjórnsýslu og gæða

Skrifstofan sinnir miðlægri stoðþjónustu svo sem stjórnsýslu og umsýslu umhverfis- og skipulagsráðs, lögfræðiþjónustu, gæðastjórnun, þjónusturáðgjöf og verkefnastjórnun auk útgáfu og eftirlits með afnotaleyfum og eftirliti með byggingarskyldum og framkvæmdaleyfis-

skyldum framkvæmdum. Eitt helsta áhersluverkefni ársins 2027 verður áframhaldandi innleiðing gæðastjórnunarkerfis fyrir sviðið. Kortlagningu meginferla borgarmótunar er nú lokið og hefur verið unnið samkvæmt þeim frá 1. september sl. Stefnt er að formlegri vottun vegna meginferlanna fyrir árslok 2026. Kortlagning meginferla reksturs sviðsins er að hefjast og er stefnt á að ljúka henni árið 2027. Samhliða innleiðingu stjórnunarkerfisins verður unnið að innleiðingu aðferðafræði verkefnastjórnunar og áframhaldandi þjónustuúrbótum á sviðinu. Eitt helsta þjónustuverkfæri sviðsins er vefurinn og verður hann yfirfarinn á árinu. Áhersla verður einnig á aukna nýtingu gervigreindar hjá skrifstofunni til að auka skilvirkni, einfalda ferla, tryggja samhæfingu og skapa svigrúm til að sinna betur krefjandi faglegum verkefnum.

Skrifstofa mannauðsmála

Skrifstofa mannauðsmála mun á árinu 2027 leggja áherslu á umbótaverkefni á skrifstofum sviðsins á tímum nýrrar hugsunar og breytinga. Breytingum fylgja miklar áskoranir í mannauðsmálum og skrifstofan leggur áherslu á að styðja við stjórnendur og starfsfólk með ráðgjöf um krefjandi starfsmannamál, viðverustjórnun, mönnun og starfsumhverfi. Verkefnum á skrifstofunni verður sömuleiðis hagrætt til að koma til móts við aðstæður á árinu 2027. Í byrjun ársins verður innleitt nýtt mannauðs- og launakerfi sem vonandi hefur í för með sér umbótamöguleika og tímasparnað. Vinnuskóli Reykjavíkur hefur frá 2024 verið rekinn innan skrifstofunnar og hefur eflst og þróast síðustu ár, en metþátttaka var árið 2026 meðal nemenda. Áfram verður unnið að framþróun þjónustu Vinnuskólans í samræmi við stefnumótun í málefnum hans.

Skrifstofa fjármála

Skrifstofa fjármála hefur yfirumsjón með fjármálum og innkaupum sviðsins. Skrifstofan ber ábyrgð á fjárhags- og verkbókhaldi sviðsins ásamt því að leiða ferli fjárhagsáætlanagerðar, kostnaðareftirlits og uppgjöra. Skrifstofan veitir starfsmönnum sviðsins ráðgjöf og aðstoð varðandi fjármál og innkaup. Einnig heyra undir skrifstofuna tryggingamál Reykjavíkurborgar. Á þessu ári var stofnuð deild innkaupa og samningsstjórnunar undir skrifstofu fjármála sem gegnir miðlægu hlutverki við stýringu og samhæfingu innkaupa, samningsstjórnunar, kostnaðareftirlits og áhættustýringar. Deildin ber ábyrgð á samræmingu og eftirliti þessara málaflokka innan sviðs í þeim tilgangi að auka samanburðarhæfni og draga úr óskilvirkni og áhættu.

Skrifstofa skipulags- og byggingarmála

Skrifstofa skipulags- og byggingarmála framfylgir stefnu borgarinnar í skipulags- og byggingarmálum, framfylgir áherslum umhverfis- og skipulagssviðs er varða stjórnun og starfsumhverfismál og veitir viðskiptavinum þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar um skipulags- og byggingarmál. Skrifstofan skiptist í þrjár deildir, deild skipulagsmála, deild byggingarmála og deild umbóta og upplýsingamála.

Leiðarljós skrifstofunnar eru aukin lífsgæði í Reykjavík með framúrskarandi þjónustu og metnaði fyrir enn betri borg, þar gegnir starfsfólkið lykilhlutverki með fagþekkingu sinni í þeim málaflokkum sem skrifstofan sinnir.

Deild skipulagsmála. Verkefni deildarinnar eru margvísleg og snerta marga þætti í mótun borgarumhverfis. Unnið verður áfram í samstarfi við ríkið að þróun og skipulagningu á lóðum og löndum í Reykjavík, svo sem Keldnalandi og ríkislóða eins og við Laugarnesveg, stjórnarráðsreit og Landhelgisgæslureit. Unnið verður að rammaskipulagi Kjalarness og rammaskipulagi Halla í Úlfarsárdal. Helstu deiliskipulagsverkefnin tengjast innviðum meðfram Borgarlínu, skóla- og leikskólamálum, íbúðabyggð við Leirtjörn, Ártúnshöfða svæði 2b og 2c, Malarhöfða, Gufunes: áfangi 2, Kringlan: áfangi 2, Ofanleiti og þróun stærri reita eins og Hátún 10-14, norður Mjódd, Spöngin og Köllunarklettur í samvinnu við einkaaðila.

Deild byggingarmála, helstu verkefni deildarinnar eru yfirferð hönnunargagna, útgáfa byggingarleyfa, yfirferð eignaskiptasamninga, öryggis- og lokaúttektir. Stöðugt er unnið að því að bæta vinnuferli við afgreiðslu fyrirspurna og umsókna til deildar byggingarmála með það að leiðarljósi að stytta þann tíma sem afgreiðsla erinda tekur og bæta þjónustu við viðskiptavini. Mikilvægur liður í bættri þjónustu felst í því að auka stafvæðingu, nýta gervigreind og stytta boðleiðir. Markmið deildarinnar er að flýta yfirferð uppdrátta og stytta bið eftir öryggis- og lokaúttektum.

Deild umbóta- og upplýsingamála, ber ábyrgð á upplýsingakerfum, verkferlum og að innleiða umbætur og lausnir er varða skipulags og byggingarmál. Stýrir fræðslu og upplýsingagjöf til hagaðila varðandi ferli skipulags- og byggingarmála og afgreiðir erindi þar um. Deildin ber ábyrgð á að málsmeðferð, upplýsingagjöf og áherslur séu í samræmi við stefnu borgaryfirvalda varðandi stafrænar lausnir og í takt við vandaða stjórnsýsluhætti og markmið sviðsins um framúrskarandi þjónustu. Helstu verkefni eru rekstur landupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar, innleiðing meginferils borgarmótunar, gerð verkferla, svörun fyrirspurna og umsagnir um starfs- og rekstrarleyfi ásamt því sem deildin er leiðandi í þjónustu skipulags- og byggingarmála.

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar:

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar vinnur að framgangi samgöngumála og borgarhönnunar í samræmi við stefnumörkun borgarinnar og sameiginlega stefnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins. Unnið er að því að auka hlutfall gangandi, hjólandi og almenningssamgangna í ferðum fólks innan borgarinnar, að borgin geti vaxið og dafnað, og að íbúum og störfum fjölgi án þess að bílaumferð aukist í sama hlutfalli. Rík áhersla er á gott umhverfi, öryggi og lífsgæði íbúa. Skrifstofan skiptist í þrennt: Samgöngur, Borgarhönnun og Bílastæðasjóð. Hjá Samgöngum og Borgarhönnun er unnið að stefnumótun og undirbúning fjárfestingarverkefna næstu ára en Bílastæðasjóður sér um rekstur gjaldskyldra bílastæða og bílahúsa í eigu borgarinnar sem og eftirlit með þeim og bifreiðastöðum í samræmi við umferðarlög og viðeigandi samþykktir.

Skrifstofa umhverfisgæða

Stefnt er að útboði á sorphirðu við heimili í Breiðholti til tilraunar í lok árs 2026 og að nýr aðili taki við hirðunni í maí 2027. Unnið verður að innleiðingu skráningabúnaðar sorpíláta til að bæta utanumhald utan um eignasafn borgarinnar í hirðuílátum, innheimtu sorphirðugjalda, eftirliti með losun íláta og bættri upplýsingagjöf til þjónustuþega. Unnið verður að hringrásargarði í Álfsnesi, nýjum hirðulausnum í eldri byggð og bættri flokkun í fjöleignarhúsum. Græn svæði í borginni verða efld með aukinni trjárækt og þátttöku ungs fólks í gróðursetningu. Þá verður komið á fót styrktarsjóði til skógræktar í landi Reykjavíkur til að efla nýrækt skóga. Matjurtagörðum verður fjölgað, m.a. við leik- og grunnskóla. Unnið verður að innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna m.a. með gerð ofanvatnsáætlana, gerð leiðbeininga og gátlista og tilraunaverkefna. Hleðslustöðvum rafbíla við götustæði og á borgarlandi verður fjölgað í samstarfi við þjónustuaðila hleðslustöðva á markaði. Unnið er að greiningu verkefna sem flytjast til sveitarfélaga frá Heilbrigðiseftirliti um næstu áramót og mun hluti þeirra mögulega flytjast til skrifstofu umhverfisgæða.

Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu:

Áhersla verður lögð á viðhald/endurgerð leik- og grunnskóla, með það meginmarkmið að tryggja notendum eignanna öruggt og heilnæmt húsnæði. Samhliða þeirri vinnu verður unnið að langtíma viðhaldsáætlun fasteigna með það að sjónarmiði að viðhald eignarsafnsins komist að sem mestu leyti í reglubundið viðhald og að halda tilfallandi viðhaldi í lágmarki.

Unnið verður áfram að framkvæmdum á uppbyggingarsvæðum s.s. á Ártúnshöfða, Elliðavog-Vogabyggð, Hlíðarenda, Gufunes, Bryggjuhverfi, og betri nýtingu reita, o.fl. Þá verður haldið áfram með framkvæmdir vegna verkefna Hjólreiðaáætlunar, Göngustígaáætlunar, malbiksyfirlagna og endurgerð/viðhald gönguleiða og hraðahindrana.

Skrifstofa borgarlandsins

Á árinu 2027 verður lögð áhersla á að efla gæði og skilvirkni í rekstri skrifstofu borgarlandsins. Unnið verður að undirbúningi og framkvæmd nýrra útboða vegna grassláttar, vetrarþjónustu og hreinsunar gatna með það að markmiði að bæta þjónustu og tryggja hagkvæma nýtingu fjármuna. Jafnframt verður áfram unnið að betra skipulagi og samræmingu á almennri umhirðu og hreinsun borgarlandsins þannig að þjónusta verði markvissari og fyrirsjáanlegri. Eftirlit með framkvæmd þjónustu og eftirfylgni samninga verður eflt með aukinni notkun árangursmælikvarða og gæðastjórnunar. Áhersla verður einnig lögð á innleiðingu umbóta í rekstri, þróun verkferla og samningsstjórnunar og þátta sem styðja við öflugt, öruggt og vel viðhaldið borgarland.

Skrifstofa eignastýringar

Skrifstofa eignastýringar styður við uppbyggingu borgarinnar og ber ábyrgð á eignasafni hennar, hvort sem það eru lóðir, lönd eða eignir. Skrifstofan ber ábyrgð á meginverkferli um þróun uppbyggingarsvæða, byggingarréttarsölu, lóðaúthlutun auk leigu og sölu ákveðinna fasteigna og lóða borgarinnar. Aukinheldur fer skrifstofan með eigendafyrirsvar í rekstri og viðhaldi eigna borgarinnar. Skrifstofan gerir uppbyggingarsamninga og tekur þátt í þróun lands með deild skipulagsmála og selur þróunarsvæði sem eru hluti af fjárfestingaráætlun. Skrifstofan er ábyrg fyrir gerð fjárfestingaráætlunar í samráði við skrifstofu fjármála og skrifstofu framkvæmda og fasteignaþjónustu. Skrifstofan kemur að framgangi verkefna með samningagerð og annast tillögugerð til borgarráðs vegna stýringar eignasafns borgarinnar. Að auki heldur skrifstofan utan um flókin borgarmótunarverkefni, svo sem stór uppbyggingar- og samgönguverkefni og fylgir þeim frá undirbúningi til rekstrar með aðferðafræði faglegrar verkefnastjórnunar.

Sala byggingaréttar, sala eigna og gatnagerðargjöld

Útkomuspá ársins 2026 gerir ráð fyrir að tekjur af sölu byggingaréttar nemi 1,3 ma.kr. og tekjur af sölu eigna nemi einnig um 1,3 ma.kr. Tekjur af gatnagerðargjöldum eru 1,3 ma.kr. skv. útkomuspá.

Í aðalskipulagi er m.a. lögð áhersla á þéttingu byggðar og miðar deiliskipulag þéttingarreita að byggingu fjölbýlishúsa og fjöleignarhúsa með fjölbreytilegri samsetningu íbúða sem þjóna ólíkum hópum og styðja þannig við húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar. Á þéttingarreitum er gert ráð fyrir blandaðri byggð íbúða og atvinnurekstrar þar sem verslun og þjónusta sem þjónar íbúum verði á jarðhæð. Áfram verður unnið að stórum skipulagsáætlunum eins og Ártúnshöfða og Keldum en Hallar/Hamrahlíðalönd er næsta svæði sem verður tekið til skipulags.

Á árinu 2027 verður haldið áfram með framkvæmdir á nýjum byggingarsvæðum s.s. við Elliðavog-Vogabyggð, Hlíðarenda, Gufunes, Bryggjuhverfi, Ártúnshöfða, Breiðholti ofl.

Unnið verður áfram í samstarfi við ríkið að þróun og skipulagningu á lóðum og löndum í Reykjavík, svo sem Keldnaland og ríkislóðir eins og Vegagerðareitur og Landhelgisgæslureitur. Nokkuð framboð lóða undir atvinnurekstur er á Esjumelum auk þess sem möguleikar eru varðandi uppbyggingu atvinnustarfsemi á Hólmsheiði.

Á árinu 2027 er fyrirhugað að sala eigna skili um 0,5 ma.kr. söluhagnaði en gert er ráð fyrir að boðnar verði til sölu á árinu eignir sem Reykjavíkurborg hefur eignast vegna skipulagsmála eða ekki er þörf á vegna starfsemi borgarinnar.

Gert er ráð fyrir að tekjur af gatnagerðargjöldum verði 4,0 ma.kr. á árinu 2027 þar sem m.a. er horft til markmiða um að gjaldtakan standi í ríkara mæli undir uppbyggingu gatnainnviða.

FJÁRFESTINGAR- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2027

Fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2027 gerir ráð fyrir að 23.554 m.kr. verði varið til fjárfestinga.

Fjárfesting *(fjárhæðir í þús. kr.)*	Áætlun 2027
Byggingarframkvæmdir	
Menningar- og íþróttasvið, Menningarmál	582.000
Skóla- og frístundasvið, grunnskólar	5.400.000
Skóla- og frístundasvið, leikskólar	3.540.000
Menningar- og íþróttasvið, Íþrótta- og tómstundamál	4.135.000
Velferðarsvið	25.000
Ýmsar fasteignir	295.000
Byggingarframvæmdir samtals	**13.977.000**
Gatna- og umhverfisframkvæmdir	
Þjóðvegir, hluti Rvk. og aðrar umferðargötur	2.210.000
Nýbyggingahverfi	1.735.000
Miðborgin	560.000
Umhverfi- og aðgengismál	1.275.000
Umferðaröryggismál	300.000
Umhverfissvið- Ýmsar framkvæmdir	1.697.000
Gatna- og umhverfisframkvæmdir	**7.777.000**
Lóðir, lönd og skipulagseignir	**30.000**
Endurbætur, meiriháttar viðhald og átaksverkefni	**190.000**
Áhöld, tæki og hugbúnaður	**1.580.000**
FJÁRFESTING SAMTALS	**23.554.000**
Gatnagerðargjöld	-4.000.000
FJÁRFESTING NETTÓ	**19.554.000**

HELSTU BYGGINGAFRAMKVÆMDIR 2027

Skóla– og frístundasvið, grunnskólar: Áfram verður haldið með átak í viðhaldsmálum skólahúsnæðis og má þar nefna Hólabrekkuskóla, Hlíðaskóla, Hvassaleitisskóla, Ölduselsskóla, Fellaskóla o.fl. Lokið verður við uppsetningu bráðabirgðaskólahúsnæði í Laugardal sem notað verður á meðan viðhaldsframkvæmdum stendur í Laugardalsskólunum. Laugarnesskóli er þegar fluttur í hluta af bráðabirgðahúsnæðinu. Lokaframlag verður til stofnkostnaðar framhaldsskóla, vegna stækkunar verknámshúss Fjölbrautaskóla Breiðholts. Undirbúningur vegna nýrra grunnskóla heldur áfram.

Skóla– og frístundasvið, leikskólar: Áfram verður unnið að uppbyggingu leikskóla með nýbyggingum, færanlegum stofum og stækkun eldri leikskóla. Jafnframt verður haldið áfram með viðhaldsátak í skólahúsnæði, meðal annars í Hlíð-Sólhlíð og Hagaborg.

Menningar– íþróttasvið, Íþrótta– og tómstundamál: Helstu verkefni eru niðurrif Laugardalsstúku og undirbúningur endurbóta á Laugardalslaug. Framkvæmdir við fjölnotahús KR halda áfram, ásamt undirbúningi knatthúss FRAM. Þá verður áfram unnið að endurnýjun áhalda og tækja í sundlaugum og íþróttahúsum og endurbótum á húsnæði. Jafnframt verður haldið áfram með endurnýjun gervigrasvalla og flóðlýsingar hjá íþróttafélögum borgarinnar og uppbyggingu Vetrargarðsins.

Menningar– íþróttasvið, Menningarmál: Helstu verkefni eru utanhússviðgerðir á Ásmundarsafni, Gerðubergi og Hafnarhúsi, auk þess sem lokið verður við hönnun breytinga á Grófarhúsi

Velferðarsvið: Áfram verður unnið að viðhaldi og endurbótum á neyðarskýlinu við Lindargötu.

Ýmsar fasteignir: Áfram verður unnið að endurnýjun loftræstikerfis í Ráðhúsinu og viðhaldi bílastæðahúss Kolaports.

AÐRAR FJÁRFESTINGAR

Áhöld, tæki og hugbúnaður: Fjárfestingar í áhöldum, tækjum og hugbúnaði verða áfram að mestu tengdar stafrænni umbreytingu. Þar er meðal annars um að ræða rannsóknir og nýsköpun, rafvæðingu ferla, hugbúnað og ný upplýsingakerfi, upplýsinga- og gagnastýringu, upplýsingatækniinnviði og notendabúnað, auk stjórnsýsluhúsa og sjálfbærni þeirra.

Fjárfest verður í ýmsum tækjum fyrir Umhverfis- og skipulagssvið, með sérstakri áherslu á orkuskipti.

Lóðir, lönd og skipulagseignir: Niðurrif eigna sem taldar eru skapa hættu.

Endurbætur, meiriháttar viðhald og átaksverkefni: Áfram verður unnið að þróun og endurbótum á leikvöllum, torgum og opnum svæðum.

GATNA- OG UMHVERFISFRAMKVÆMDIR 2027

Helstu verkefni gatna- og umhverfisframkvæmda tengjast yfirborðsfrágangi nýbyggingarsvæða, umhverfis- og aðgengismálum, fjölgun götutrjáa og vistvænni samgöngum. Áfram verður unnið að undirbúningi verkefna samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.

Helstu nýframkvæmdir í gatnagerð árið 2027 verða áfram á íbúðasvæðum í Vogabyggð, Ártúnshöfða, Bryggjuhverfi, Gufunesi, Úlfarsárdal, Hlíðarenda, Hólmsheiði og á Veðurstofureit.

Unnið verður áfram að bættu umferðaröryggi í borginni í samræmi við umferðaröryggisáætlun. Jafnframt verður haldið áfram uppbyggingu nýrra göngu- og hjólastíga í samræmi við markmið hjólreiðaáætlunar og endurnýjun göngustíga samkvæmt göngustígaáætlun.

Áfram verður unnið að fjölgun grenndarstöðva og endurnýjun og bættu aðgengi að biðstöðvum strætó. Malbiksframkvæmdir, yfirlagnir og endurgerð gatna halda áfram samkvæmt áætlun. Þá verða gerðar breytingar á gatnamótum Höfðabakka og Bæjarháls og á ljósstýringu við Bitruháls. Í miðborginni verður framkvæmdum við Hlemm, götur, torg og nærliggjandi svæði, haldið áfram.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2023	Raun 2024	Raun 2025	Útksp.2026	Áætlun 2027
Skipulags- og byggingarmál					
Fjöldi mála á afgreiðslufundi skipulagsmála	1660	1593	1490	755	1300
Deiliskipulag auglýst í B-deild	100	105	96	90	85
Grk. / þar af v. byggingarl.ums.	70 / 30	62 /21	70 / 33	40 / 16	3
Samþykktir m3	775621	827245	801433	445933	620000
Byggðir m3 (lokið við)	596268	656705	626487	430889	500000
Samþykktir m2	183765	231400	207583	235619	155000
Byggðir m2 (lokið við)	159287	169705	164496	358726	115000
Fullgerðar íbúðir	874	989	932	837	800
Hafin smíði nýrra íbúða	690	935	813	873	600
Fjöldi úttekta byggingarmála	388	373	381	420	325
Eignask.yfirl., yfirferð / samþykktir	233	176	205	193	181
Fjöldi mála á afgreiðslufundum byggingarmála	2218	2431	2325	2097	2100
Borgarlandið					
Bekkir	1343	1349	1349	1804	1830
Stampar	1610	1620	1633	1589	1589
Sláttur - flatarmál (m2)	4724623	4727521	4574343	4575167	4575167
Sláttur - fjöldi sláttusvæða	10785	10818	10871	10998	10998
Hitakerfi - flatarmál (m2)	243093	242957	242714	243867	243867
Vetrarþjónusta gatna - ökulengd (km)	486550	972130	981586	981179	981179
Vetrarþjónusta gönguleiða (km)	432227	863597	872030	878623	878623
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m2)	5859137	5886316	5911483	5950356	5950356
Bílastæðasjóður					
Fjöldi bílastæða við götukanta	3853	3883	3700	3883	3883
Fjöldi bílastæða í bílahúsum	1265	1265	1145	1145	1145
Fjöldi aukastöðugjalda	46268	61421	85000	110000	110000
Fjöldi stöðubrota	20543	24037	17500	24000	24000
Fjöldi endurupptökumála	4723	4913	6000	7000	7000
Fjöldi samþykktra endurupptökumála	3468	3560	4000	5000	4500
Fjöldi hafnaðra endurupptökumála	1255	1353	1500	2000	2500
Samgöngur					
Lengd hjólaleiða (stígar, reinar) (km)	46	47	48	50	53
Sameiginlegir göngu- og hjólastígar (km)	20	22	23	24	25
Fjöldi umferðarljósa	117	117	117	117	118
Fjöldi gönguljósa	36	41	41	41	41
Nagladekkjanotkun (hlutfall í viku 4, viðkomandi ári)	45	40	43	44	40

	Raun 2023	Raun 2024	Raun 2025	Útksp. 2026	Áætlun 2027
Náttúra og garðar					
Skráðir safngripir í Grasagarði	4803	4781	4800	4800	4900
Þátttakendur í viðburðum og fræðslu Grasagarðsins	5757	5766	5000	3500	4500
Heildarfjöldi gesta í Grasagarði	160742	-	200000	200000	200000
Ræktunarstöð - fjöldi framleiddra sumarblómabakka	3754	4135	4606	4136	4200
Ræktunarstöð - fjöldi framleiddra sumarblómapotta	7386	6795	6795	4748	4800
Sorphirða					
Fjöldi grárra tunna og kerja, blandaður úrgangur [tunnuígildi]	16778	16210	16040	16135	16460
Fjöldi spartunna, blandaður úrgangur [tunnuígildi]	849	270	190	187	200
Fjöldi tvískiptra tunna blandaður úrgangur /matarleifar [tunnuígildi]	10834	11108	11550	11515	11750
Fjöldi djúpgáma (allir flokkar) [stk]	283	367	420	466	501
Fjöldi djúpgáma (allir flokkar) [tunnuígildi]	5417	6775	7590	8596	9248
Blandaður úrgangur [tonn]	14560	11335	12258	12875	13195
Magn blandaðs úrgangs á íbúa [kg/íbúa]	103	83	88	92	92
Fjöldi tvískiptra tunna plast og pappír [tunnuígildi]	4229	4421	4580	4454	4470
Fjöldi blárra tunna og kerja [tunnuígildi]	19216	19447	19960	20114	20620
Pappír- og pappi safnað í hirðu við heimili [tonn]	2391	3045	3025	3151	3230
Fjöldi grænna tunna [tunnuígildi]	14451	15054	15760	15875	16280
Plast safnað í hirðu við heimli [tonn]	835	1302	1246	1378	1412
Fjöldi brúnna tunna [tunnuígildi]	6713	7280	7590	7641	7800
Matarleifar í brúnar tunnur [tonn]	2163	4829	4682	4445	4445
Grenndar- og endurvinnslustöðvar					
Fjöldi grenndarstöðva	57	55	56	56	57
Pappír og pappi skilað á grenndarst. [tonn]	416	420	400	407	415
Plast skilað á grenndarstöðvar [tonn]	121	91	81	81	82
Gleri skilað á grenndarstöðvar (tonn)	302	479	405	415	423
Málmum skilað á grenndarstöðvar	20	67	81	85	87
Textíl	-	-	435	636	636
Fjöldi endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.	6	6	6	6	5
Móttekið magn úrgangs. [tonn]	48517	48542	52100	46000	45800
Miðlægar skrifstofur					
Nemendur í Vinnuskóla	3133	3394	3477	3672	3395
Útgefin afnotaleyfi	1307	1031	800	1101	1151
Eignarekstur					
Fjöldi fasteigna í rekstri	556	544	517	373	351
Flatarmál fasteigna í rekstri m2	626812	624593	608555	593990	538990
Fjöldi bifreiða í eigu eignasjóðs	106	100	98	83	83
Fjöldi vinnuvéla í eigu eignasjóðs	17	20	18	18	18

	Raun 2023	Raun 2024	Raun 2025	Útksp. 2026	Áætlun 2027
Úthlutun og sala byggingaréttar					
Fjöldi lóðaúthlutanna	7	7	10	-	13
- þar af fjölbýlishús	5	5	5	-	4
- þar af íbúðakjarni	1	1	1	-	-
- þar af einbýli	0	0	4	-	3
- þar af rað-, par- og tvíbýlishús	0	0	0	-	1
- þar af atvinnulóðir	3	1	1	-	5
Fjöldi íbúða í lóðaúthlutun	303	295	650	-	350
Uppbyggingarsamningar					
- Fjöldi samninga	5	3	5	6	10
- Fjöldi íbúða	305	150	758	1600	700
- Fjöldi leigu- og búseturéttaríbúða á uppbyggingarsvæðum	80	40	152	240	30
- Kaupréttur Félagsbústaða	16	8	38	80	-
Lóðarvilyrði - Fjöldi	5	6	8	3	2
- þar af fjölbýlishús	2	1	5	-	-
- þar af íbúðakjarni	1	0	1	-	-
- þar af atvinnulóðir	3	5	2	3	2




VELFERÐARSVIÐ

LEIÐARLJÓS

Virðing-Virkni-Velferð

SKIPURIT



HLUTVERK

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar stuðlar að auknum lífsgæðum sérhvers íbúa Reykjavíkur með því að sýna frumkvæði og bregðast við fjölbreyttum þörfum einstaklinga og fjölskyldna fyrir velferðarþjónustu. Sviðið annast framkvæmd velferðarþjónustu í umboði velferðarráðs og vinnur í samstarfi við stjórnvöld á sviði heilbrigðis- og velferðarmála, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila að auknum lífsgæðum íbúa borgarinnar. Sviðið ber ábyrgð á rekstri, áætlanagerð, samhæfingu og samþættingu verkefna á sviði velferðarþjónustu og eftirliti í samræmi við lög, reglur, samþykktir og stefnu velferðarráðs í velferðarmálum. Einnig sér sviðið um mat á árangri og þróun velferðarþjónustu og nýrra úrræða.

Verkefni sem velferðarsvið ber ábyrgð á samkvæmt stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar eru meðal annars félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, þjónusta við börn og fjölskyldur, barnavernd, málefni eldra fólks, málefni fatlaðs fólks, þjónusta við heimilislaust fólk og fólk með miklar og flóknar þjónustuþarfir, húsnæðisþjónusta og búsetuúrræði, heimahjúkrun, heimastuðningur og önnur heimaþjónusta, matarþjónusta, félagsstarf fyrir eldra fólk, akstursþjónusta, stuðningsþjónusta og almenn upplýsingagjöf.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2027

	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Þjónustutekjur	1.281.681	1.434.369	1.517.860
Tekjur v. verkefna frá ríki	9.162.095	6.783.727	7.120.728
Tekjur samtals	**10.443.776**	**8.218.096**	**8.638.588**
Laun og launatengd gjöld	33.371.933	33.551.143	34.093.003
Annar kostnaður	25.493.409	24.104.611	24.439.188
Rekstrargjöld samtals	**58.865.342**	**57.655.754**	**58.532.190**
Rekstrarniðurstaða	**- 48.421.566**	**- 49.437.658**	**- 49.893.602**


STARFSFÓLK

	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Fjöldi starfsmanna	4.976	4.592	4.456
Fjöldi stöðugilda	2433	2405	2.367
Eftir skrifstofum/ þjónustuþáttum:			
Búsetuþjónusta	998	996	989
Dagþjónusta	93	89	89
Félagsmiðstöðvar	36	40	39
Heimahjúkrun	167	166	161
Heimastuðningur	208	216	217
Hjúkrunarheimili	133	117	117
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	382	375	365
Stuðnings- og stoðþjónusta	230	237	249
Ýmis úrræði	38	31	10
Þjónusta við flóttafólk og hælisleitendur	18	7	-
Þjónustuíbúðir	130	131	131

Áætlun 2027 gerir ráð fyrir 2.367 stöðugildum, sem er fækkun um 38 stöðugildi frá áætlaðri niðurstöðu ársins 2026. Samhliða er gert ráð fyrir að starfsmönnum fækki úr 4.592 í 4.456.

Breytingar milli ára endurspegla fyrst og fremst breytt skipulag ásamt tilfærslu verkefna og mannafla. Stöðugildum fækkar í stjórnsýslu, sérfræðiþjónustu og ráðgjöf og ýmsum úrræðum. Þar hefur meðal annars áhrif skipulagsbreytingar, fækkun stjórnenda og breytingar á starfsemi Virknihúss og framleiðslueldhúss á Lindargötu. Einnig lýkur þjónustu við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd sem sérstökum þjónustuþætti. Gert er ráð fyrir fjölgun stöðugilda í stuðnings- og stoðþjónustu, meðal annars vegna opnunar starfsemi í Stigahlíð 71.

SKIPTING REKSTRAR 2027



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Frumvarp velferðarsviðs fyrir árið 2027 tekur mið af breyttu stjórnskipulagi sviðsins, þróun þjónustuþarfar borgarbúa og stefnumótandi áherslum Reykjavíkurborgar í velferðarmálum. Megináhersla er á að tryggja aðgengilega, einstaklingsmiðaða og samþætta þjónustu samhliða ábyrgri fjármálastjórn og markvissri nýtingu fjármuna.

Á árinu 2027 verður lögð áhersla á innleiðingu nýs stjórnskipulags velferðarsviðs. Þjónusta sviðsins er nú í auknum mæli skipulögð eftir málaflokkum og faglegri sérhæfingu í stað landfræðilegrar skiptingar. Starfsemin skiptist í fjórar fagskrifstofur á sviði barna- og fjölskyldumála, félags- og húsnæðismála, öldrunarmála og málefna fatlaðs fólks. Samhliða færast verkefni frá skóla- og frístundasviði til velferðarsviðs, einkum einstaklingsmiðuð þjónusta við börn og fjölskyldur. Markmið breytinganna er að einfalda stjórnskipulag, samræma þjónustu og styrkja faglega stjórnun og yfirsýn.

Megináherslur ársins 2027 og langtímaáætlunar til 2031 taka jafnframt mið af velferðarstefnu Reykjavíkurborgar. Áfram verður lögð áhersla á þjónustu við börn og fjölskyldur, fatlað fólk, eldra fólk og einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuþarfir. Þá verður unnið að þróun húsnæðis- og búsetuúrræða, heimastuðnings, forvarna og samþættrar þjónustu. Sérstök áhersla verður á snemmtækan stuðning, jafnræði og aðgengi að þjónustu.

Til lengri tíma verður unnið að því að styrkja tengsl milli þjónustuþarfar, umfangs þjónustu og fjármögnunar. Þar er meðal annars horft til þróunar velferðarlíkansins Freyju sem ætlað er að styðja við gagnsærri fjárúthlutun, markvissari fjármálastjórn og mat á fjárhagslegum áhrifum breytinga á þjónustu.

Helstu fjárhagslegu áskoranir ársins 2027 og næstu ára tengjast þróun þjónustuþarfar og fjölda notenda, launa- og verðlagsþróun og umfangi lögbundinnar og sérhæfðrar þjónustu. Sérstaklega þarf að fylgjast með þróun útgjalda vegna þjónustu við fatlað fólk, börn og fjölskyldur, eldra fólk og einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuþarfir.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Helstu breytingar á þjónustuþáttum velferðarsviðs árið 2027 tengjast breyttu stjórnskipulagi sviðsins, tilfærslu verkefna milli sviða og áframhaldandi þróun þjónustu í takt við breyttar þarfir borgarbúa. Þjónusta verður í auknum mæli skipulögð eftir málaflokkum og faglegri sérhæfingu undir fjórum fagskrifstofum: barna- og fjölskyldumálum, félags- og húsnæðismálum, öldrunarmálum og málefnum fatlaðs fólks.

Skrifstofa öldrunarmála

Undir skrifstofu öldrunarmála heyrir öll þjónusta við eldra fólk, heimastuðningur fyrir 18 ára og eldri, heimahjúkrun og önnur heilbrigðisþjónusta, fjarheilbrigðisþjónusta, þjónustuíbúðir, hjúkrunarheimili, dagdvalir, félagsstarf og matarþjónusta. Þar að auki fellur undir skrifstofuna; forvarnir, lýðheilsa og félagsauður fyrir alla aldurshópa.

Heimaþjónusta: Þjónustunni er skipt í samþætta heimaþjónustu á tveimur svæðum, Norðvestur og Suðaustur. Undir hana heyra heimastuðningur, heimahjúkrun og sérhæfð heimaþjónustuteymi, þar á meðal fjarheilbrigðisþjónusta. Markmið samþættrar heimaþjónustu er að veita samfellda og einstaklingsmiðaða félags- og heilbrigðisþjónustu í heimahúsum og styðja þannig við sjálfstæða búsetu, öryggi og lífsgæði. Áhersla er lögð á samþættingu þjónustu, þverfaglegt samstarf, velferðartækni, endurhæfingarteymi og snemmtækan stuðning með það að markmiði að fólk geti búið sem lengst heima með viðeigandi þjónustu.

Þjónustuíbúðir og kjarnar: Undir þjónustuþáttinn heyra sex þjónustuíbúðakjarnar þar sem veitt er sólarhringsþjónusta. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaðan stuðning, öryggi og að íbúar geti búið sjálfstætt með þjónustu sem tekur mið af þörfum þeirra.

Hjúkrunarheimili og dagdvalir: Undir þjónustuþáttinn heyra hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir, almenna dagdvölin Þorrasel og sérhæfða dagdvölin Esjutún. Markmið þjónustunnar er að mæta þörfum eldra fólks fyrir hjúkrun, umönnun, virkni og stuðning og stuðla að auknum lífsgæðum.

Félagsstarf, matarþjónusta, forvarnir, lýðheilsa og félagsauður: Undir þjónustuþáttinn heyra 10 félagsmiðstöðvar eldra fólks, matarþjónusta og verkefni á sviði forvarna, lýðheilsu og félagsauðs. Stofnuð hefur verið ný deildarstjórastaða sem fer með faglega og rekstrarlega stjórnun starfseminnar. Undir deildarstjóra heyra starfsmenn félagsmiðstöðva eldra fólks ásamt starfsfólki sem sinnir forvörnum og eflingu félagsauðs.

Á árinu 2026 hafa verið samþykktar nokkrar veigamiklar breytingar á öldrunarþjónustu. Umfangsmestar eru breytingar á matarþjónustu, þar sem fallið hefur verið frá endurbótum og áframhaldandi rekstri framleiðslueldhúss á Vitatorgi og þess í stað stefnt að áframhaldandi kaupum á framleiðslu máltíða frá þriðja aðila. Jafnframt hefur verið samþykkt að undirbúa útboð á dreifingu máltíða. Gjaldskrá matarþjónustu hefur verið einfölduð þannig að sama verð gildir fyrir máltíð óháð því hvort hennar er neytt í félagsmiðstöð eða þjónustuíbúð eða hún heimsend,

auk þess sem sérstakt akstursgjald hefur verið fellt inn í verð máltíðar. Gjaldskrá var hækkuð en tekjulágum lífeyrisþegum stendur til boða lægra gjald samkvæmt tekjuviðmiðum.

Á Droplaugarstöðum hefur verið heimiluð tímabundin fjölgun biðrýma til að bregðast við álagi á heilbrigðiskerfið og sérhæfðum MND rýmum fjölgað um eitt. Jafnframt hefur verið samþykkt að hefja viðræður við ríkið um að annar rekstraraðili taki við rekstri Droplaugarstaða og kanna framtíðarfyrirkomulag dagdvalanna Esjutúns og Þorrasels.

Áherslur næstu ára verða jafnframt mótaðar af áframhaldandi þróun samþættrar heimaþjónustu, þar sem horft er til samþættingar heimastuðnings og heimahjúkrunar, mönnunar, nýtingar velferðartækni og þess að gera eldra fólki kleift að búa sem lengst heima við öryggi og viðeigandi stuðning.

Skrifstofa barna- og fjölskyldumála

Undir skrifstofu barna- og fjölskyldumála heyrir þjónusta við börn og fjölskyldur, þar á meðal ráðgjöf og stuðningur, fjölskylduvinna, frumgreining og mat, barnavernd, stuðnings- og stoðþjónusta og sérhæfð þjónustuúrræði. Einstaklingsmiðuð þjónusta við börn og fjölskyldur, meðal annars þjónusta talmeinafræðinga, þroskaþjálfa, farteyma og hegðunarráðgjafa, mun jafnframt færast frá skóla- og frístundasviði til velferðarsviðs. Verkefni sem áður heyrðu undir Keðjuna eru nú hluti af starfsemi skrifstofunnar.

Markmið breytinganna er að auka jafnræði í þjónustu milli borgarhluta, samræma verklag, styrkja fagteymi og möguleika á sérhæfingu, einfalda stjórnskipulag og skýra ábyrgð. Jafnframt er lögð áhersla á bætta yfirsýn yfir þjónustuþörf, aðgengi, biðtíma og árangur þjónustunnar. Tryggja þarf skýra verkferla og samfellu milli þjónustueininga, meðal annars þegar fjölskyldur þurfa samhliða á barna- og fjölskylduþjónustu og félags- eða húsnæðisþjónustu að halda.

Áfram verður lögð rík áhersla á nána samvinnu milli velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs og gætt að því að sá árangur sem náðst hefur glatist ekki heldur styrkist. Áhersla verður á samþætta þjónustu við börn og fjölskyldur á öllum þjónustustigum. Þjónusta við börn og fjölskyldur er skipulögð í þjónustuþrepum eftir eðli og umfangi þjónustuþarfar:

Fyrsta stigs þjónusta: Snemmtæk íhlutun, ráðgjöf og stuðningur í nærumhverfi barns og fjölskyldu með áherslu á að bregðast við þörfum eins fljótt og kostur er.

Annars stigs þjónusta: Sérhæfð félags- og sálfræðiþjónusta fyrir börn og fjölskyldur sem þurfa umfangsmeiri stuðning, frumgreiningu, ráðgjöf eða málastjórn. Áhersla er lögð á samþætta og samfellda þjónustu.

Þriðja stigs þjónusta: Lögbundin barnaverndarþjónusta sem tekur við og metur tilkynningar, rannsakar barnaverndarmál, tekur ákvarðanir samkvæmt barnaverndarlögum og veitir eða tryggir viðeigandi úrræði. Markmið þjónustunnar er að tryggja vernd og öryggi barna sem búa við óviðunandi aðstæður eða eru talin í hættu. Á árinu 2026 var samþykkt að koma á fót neyðarheimili Barnaverndar Reykjavíkur fyrir allt að fjögur börn í bráðavistun. Samhliða hefur

Mánaberg verið styrkt með flutningi í stærra og hentugra húsnæði sem bætir aðstöðu til tímabundinnar vistunar barna og leiðbeiningar- og greiningarvistunar fjölskyldna.

Stuðnings- og stoðþjónusta: Fjölbreytt snemmtæk og styrkjandi úrræði fyrir börn og fjölskyldur sem miða meðal annars að því að efla foreldrahæfni, sjálfstæði, félagslega þátttöku og farsæld barna.

Þjónustuúrræði og sérhæfð ráðgjöf: Undir þjónustuþáttinn heyrir sérhæfð ráðgjöf og þjónustuúrræði fyrir fötluð og langveik börn og fjölskyldur þeirra, auk þjónustu við fatlaða foreldra.

Skammtímadvalir: Þjónustan er ætluð börnum og ungmennum sem þurfa sérhæfðan stuðning og fjölskyldum þeirra. Skammtímadvalir veita börnum tímabundna dvöl utan heimilis og stuðla jafnframt að því að létta álagi á fjölskyldur og styðja við áframhaldandi búsetu barns á heimili sínu. Velferðarsvið rekur sjö skammtímavistunarúrræði ásamt tveimur heimilum fyrir börn.

Með samþættingu verkefna er stefnt að skýrari ábyrgð, aukinni sérhæfingu og betri samfellu í þjónustu. Fylgst verður með árangri breytinganna með lykilmælikvörðum, meðal annars aðgengi og biðtíma eftir þjónustu, afgreiðslu erinda við fyrstu snertingu, umfangi þjónustu og upplifun notenda.

Skrifstofa málefna fatlaðs fólks

Skrifstofa málefna fatlaðs fólks fer með þjónustu og stjórnsýslu vegna málefna fatlaðs fólks.

Ráðgjöf - félagsleg ráðgjöf fyrir fatlað fólk: Aðstoð við umsóknir og mat á þjónustuþörfum. Þörf á viðeigandi aðlögun sem tekur mið af getu og vilja hvers og eins. Lögbundin frumkvæðisskylda og rík krafa um upplýsingagjöf.

Sértækt húsnæði – með áherslu á geðfötlun: Þjónustan er ætluð einstaklingum með umfangsmiklar stuðningsþarfir vegna geðfötlunar og tekur mið af einstaklingsbundnum þörfum, styrkleikum og markmiðum hvers og eins. Áhersla er lögð á stöðugleika, öryggi og fyrirsjáanleika í þjónustu, einstaklingsmiðaða nálgun og stuðning við sjálfstæði og samfélagsþátttöku. Mikilvægt er að tryggja samfellu og gott samstarf milli félags- og heilbrigðisþjónustu þegar þjónustuþarfir skarast.

Sértækt húsnæði – með áherslu á umönnun: Þjónustan er ætluð einstaklingum sem þurfa umfangsmikla og oft viðvarandi aðstoð við athafnir daglegs lífs og persónulega umönnun. Þjónustan tekur mið af einstaklingsbundnum þörfum og getur falið í sér mikla viðveru starfsfólks og sérhæfðan stuðning. Markmiðið er að tryggja öryggi, lífsgæði og sjálfræði einstaklinga og styðja þá til þátttöku í daglegu lífi og samfélaginu eftir því sem kostur er.

Sértækt húsnæði – með áherslu á hegðunaráskoranir: Þjónustan er ætluð einstaklingum með flóknar og umfangsmiklar stuðningsþarfir þar sem hegðun getur kallað á sérhæfða nálgun, skipulag og aðlögun þjónustuumhverfis. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða og faglega þjónustu, fyrirbyggjandi vinnubrögð, stöðugleika og samræmi í stuðningi. Markmiðið er að

draga úr aðstæðum sem geta leitt til erfiðrar hegðunar, efla færni og sjálfræði einstaklinga og skapa öruggt og fyrirsjáanlegt umhverfi fyrir bæði notendur og starfsfólk.

Stuðnings- og stoðþjónusta: Stuðnings- og stoðþjónusta er veitt fötluðu fólki sem býr á eigin heimili og/eða félagslegu leiguhúsnæði og þarfnast aðstoðar til að geta búið sjálfstætt og tekið þátt í samfélaginu. Þjónustan getur meðal annars falist í stuðningi við heimilishald, daglegt líf, félagslega þátttöku og framkvæmd ýmissa verkefna sem einstaklingur þarf aðstoð við. Markmið þjónustunnar er að styðja fólk til sjálfstæðis, efla eigin getu og þátttöku og draga eftir fremsta megni úr þörf fyrir umfangsmeiri þjónustu. Áhersla er lögð á sveigjanlega þjónustu sem tekur mið af breytilegum þörfum og markmiðum hvers einstaklings.

Vinna og virkni: Þjónustan veitir fötluðu fólki vinnu- og virknimiðaðan stuðning með áherslu á einstaklingsbundnar þarfir, þátttöku, sjálfstæði og tækifæri til virkni og starfsþjálfunar. Undir starfsemina heyrir fjölbreytt vinnu- og virkniúrræði fyrir einstaklinga með mismunandi stuðningsþarfir.

Á árinu 2026 hefur verið unnið að samhæfingu og styrkingu þjónustunnar með það að markmiði að einfalda stjórnskipulag, samræma verklag og styrkja faglega og rekstrarlega stjórnun. Sérstök áhersla verður lögð árið 2027 á að skýra aðgreiningu búsetuþjónustu annars vegar og stuðnings- og stoðþjónustu hins vegar og styrkja þjónustuna ásamt því að einfalda reksturinn. Markmiðið er að fleiri sem geta búið sjálfstætt fái sveigjanlegan og áreiðanlegan stuðning á eigin heimili án þess að auka álag á búsetukjarna.

Samhliða verður áfram unnið að styrkingu búsetuþjónustu og uppbyggingu fjölbreyttra búsetuúrræða. Á árinu tók jafnframt gildi endurnýjaður þjónustusamningur við Ás styrktarfélag um búsetuþjónustu, vinnu og virkni og sérhæfða dagþjónustu. Á næstu árum verður áhersla lögð á eftirfylgni með þjónustukaupum og kostnaði, áframhaldandi þróun og styrkingu vinnu- og virkniúrræða.

Áhersla verður lögð á að styrkja eigin þjónustuúrræði og draga úr þörf fyrir kostnaðarsamar aðkeyptar vistanir. Sérstaklega verður unnið að því að draga úr kostnaði vegna vistana ungmenna með fjölþættan vanda, meðal annars með endurskoðun á fyrirkomulagi og samningum vegna vistana hjá einkaaðilum og aukinni uppbyggingu eigin úrræða.

Skrifstofa félags- og húsnæðismála

Undir skrifstofu félags- og húsnæðismála heyrir móttaka og fyrsta snerting í velferðarþjónustu, félagsleg ráðgjöf og virkni, húsnæðismál og þjónusta við heimilislaust fólk og einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuþarfir. Markmið skrifstofunnar er að tryggja aðgengilega og samræmda þjónustu, einfalda leiðir notenda inn í velferðarþjónustu og styrkja samfellu milli ráðgjafar, virkni, húsnæðis og sérhæfðrar þjónustu.

Rafræn móttaka: Rafræn móttaka er fyrsti viðkomustaður í velferðarþjónustu og sinnir sameiginlegri móttöku umsókna og erinda til velferðarsviðs, þar á meðal tilvísana vegna þjónustu við börn. Móttakan fer fram rafrænt og í þjónustuskála og sinnir jafnframt vakthafandi þjónustu. Áfram verður unnið að þróun móttökunnar og tengingu hennar við framlínuþjónustu Reykjavíkurborgar með það að markmiði að einfalda aðgengi, samræma afgreiðslu erinda og auka hlutfall erinda sem leyst eru við fyrstu snertingu.

Húsnæðismál: Undir húsnæðismál heyra þarfagreining, mat og úthlutun húsnæðis, sérstakur húsnæðisstuðningur og aðrar stjórnsýsluákvarðanir á sviði húsnæðismála. Þar er jafnframt haldið utan um uppbyggingu sértækra búsetuúrræða í samstarfi við Félagsbústaði, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og önnur svið borgarinnar. Markmiðið er að húsnæðisúrræði þróist í samræmi við metna þörf og að draga úr bið eftir viðeigandi húsnæði. Húsnæðismálin eru unnin í náinni samvinnu við Félagsbústaði.

Ráðgjöf og virkni: Ráðgjöf og virkni hefur það að markmiði að styðja einstaklinga til aukins sjálfstæðis, virkni og þátttöku í samfélaginu. Starfsemin felur meðal annars í sér almenna félagslega ráðgjöf, ráðgjöf vegna fjárhags- og húsnæðismála, virkniúrræði og ráðgjöf við innflytjendur. Áhersla verður lögð á einstaklingsmiðaða ráðgjöf, snemmtækan stuðning og að tengja ráðgjöf og virkni betur saman.

VoR-teymi og starfsstöðvar: Vettvangs- og ráðgjafateymi (VoR) og starfsstöðvar veita þjónustu við heimilislaust fólk og einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuþarfir. Undir starfsemina heyra sjö starfsstöðvar auk úrræða sem byggja á hugmyndafræði Húsnæðis fyrst og skaðaminnkandi nálgun. Markmiðið er að draga úr heimilisleysi, auka stöðugleika í búsetu og veita samfelldan og einstaklingsmiðaðan stuðning.

Nýtt stjórnskipulag velferðarsviðs felur í sér verulega breytingu á félags- og húsnæðisþjónustu. Verkefni sem áður voru dreifð á miðstöðvar eru sameinuð undir faglegri stjórn skrifstofu félags- og húsnæðismála. Markmiðið er að samræma þjónustu milli borgarhluta, einfalda stjórnun, draga úr tvíverknaði og bæta yfirsýn yfir þjónustuþörf, kostnað og árangur.

Á árinu 2027 verður sérstök áhersla lögð á að festa nýtt skipulag í sessi og greina tækifæri til aukinnar skilvirkni í þjónustu og rekstri. Unnið verður að einföldun þjónustuferla, aukinni rafrænni þjónustu og samþættingu móttöku og ráðgjafar. Jafnframt verður lögð áhersla á mælanleg markmið og betri tengingu milli umfangs þjónustu, þjónustuþarfar og fjárheimilda.

Á sviði húsnæðismála verður áfram unnið að uppbyggingu fjölbreyttra húsnæðis- og búsetuúrræða og að draga úr bið eftir viðeigandi húsnæði. Í þjónustu við heimilislaust fólk verður lögð áhersla á Húsnæði fyrst, markvissa nýtingu úrræða og að draga úr þörf fyrir

tímabundin og kostnaðarsöm þjónustuúrræði þar sem unnt er að mæta þörfum með varanlegri og hagkvæmari lausnum.

Í tengslum við skipulagsbreytingar á velferðarsviði verður rekstri Virknihúss hætt sem sérstakrar starfseiningar og verkefni þess endurskipulögð. Við breytingarnar er horft til verkaskiptingar við Vinnumálastofnun og að draga úr skörun í þjónustu, meðal annars á sviði atvinnu- og virkniráðgjafar. Áhersla verður áfram á félagslega ráðgjöf og stuðning við einstaklinga til aukins sjálfstæðis og þátttöku en þjónustan verður veitt innan nýs skipulags og í samstarfi við viðeigandi þjónustuaðila.

Breytingar verða jafnframt á þjónustu við flóttafólk. Núverandi samningur Reykjavíkurborgar og ríkisins um samræmda móttöku flóttafólks gildir til loka árs 2026 og við fjárhagsáætlun 2027 er ekki gert ráð fyrir áframhaldandi samningi í núverandi mynd. Breytingin hefur áhrif á umfang verkefna og tekjur velferðarsviðs vegna þjónustunnar. Áfram verður veitt sú félagsþjónusta sem Reykjavíkurborg ber lögbundna ábyrgð á en sérstök þjónusta sem byggir á samningi um samræmda móttöku tekur mið af framtíðarfyrirkomulagi ríkisins.

Fjárhagsaðstoð

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir einstaklingum fjárhagsaðstoð á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fjárhagsáætlun fjárhagsaðstoðar fyrir árið 2027 byggir á sögulegum gögnum síðustu ára og þróun á fjölda notenda. Út frá þeim gögnum er gerð spá um fjölda notenda árið 2027 miðað við meðalbreytingu síðustu þriggja ára.

Gert er ráð fyrir 1.175 einstaklingum á fjárhagsaðstoð til framfærslu að meðaltali á mánuði árið 2027 og að erlendir ríkisborgarar verði um 45-55% notenda. Meðalfjöldi notenda á mánuði árið 2026 er 1.154 og fjöldi hefur haldist tiltölulega stöðugur yfir árið. Áætlun gerir ráð fyrir að nettó útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar árið 2027 muni nema 4.081 m.kr., samanborið við 3.823 m.kr. í áætlun ársins 2026. Samtals útgjöld vegna framfærslustyrks eru áætluð 3.142 m.kr. árið 2027 og nettó útgjöld, að teknu tilliti til endurgreiðslna, 2.387 m.kr. Til samanburðar voru útgjöld áætluð 3.009 m.kr. árið 2026 og nettó útgjöld 2.160 m.kr. Gert er ráð fyrir 755 m.kr. í endurgreiðslur árið 2027 samanborið við 849 m.kr. í áætlun 2026.

Gert er ráð fyrir því að hlutfall flóttafólks haldist tiltölulega stöðugt á milli ára en að hlutfall endurgreiðslu fari lækkandi vegna 15. gr. félagsþjónustulaga. Við mat á endurgreiðslum er meðal annars tekið mið af fjölda einstaklinga sem uppfylla skilyrði fyrir endurgreiðslu og þróun þess hóps. Áætlað er að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hækki um 4% árið 2027. Útgjöld vegna heimildargreiðslna eru áætluð 592 m.kr. árið 2027 samanborið við 561 m.kr. árið 2026. Gert er ráð fyrir lítilsháttar breytingu á notendafjölda ásamt vægum verðlagshækkunum sem skýrir muninn milli ára.

Áætlað er að umfang átaksverkefna dragist saman milli ára. Breytingin skýrist af hagræðingu í ólögbundinni þjónustu við fólk á fjárhagsaðstoð. Stöðugildum í Virknihúsi verður fækkað um sjö, þar af eru fjögur fjármögnuð af bundnum liðum. Áætlaður kostnaður er 320 m.kr. árið 2027 samanborið við 505 m.kr. árið 2026.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Á árinu 2026 hafa verið gerðar nokkrar breytingar á sérstökum húsnæðisstuðningi. Frá 1. janúar hækkaði hámark samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings úr 100 þús. kr. í 110 þús. kr. á mánuði. Eignamörk voru hækkuð í byrjun árs, úr 8.079 þús. kr. í 8.499 þús. kr. Tekjumörk voru hækkuð tvívegis, í byrjun árs um 5,2% og síðar á árinu voru þau hækkuð afturvirkt frá 1. janúar um 1,24% í samræmi við breytingar á viðmiðum ríkisins.

Fjárhagsáætlun sérstaks húsnæðisstuðnings fyrir árið 2027 byggir á sögulegum gögnum síðustu ára og þróun útgjalda. Fjöldi einstaklinga með sérstakan húsnæðisstuðning í félagslegu húsnæði og á almennum markaði var áætlaður miðað við þróun síðustu ára. Áætlun ársins 2027 nemur samtals 1.803 m.kr. og gerir ráð fyrir um 3.405 notendum á mánuði að meðaltali.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Fjárhæðir í þ.kr.	Raun 2024	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Fjárhagsaðstoð				
Fjárhagsaðstoð - heildarkostnaður	4.327.952	3.639.126	4.102.385	4.090.726
Endurgreiðsla 15. gr. a og b - upphæð	- 1.491.128	- 1.198.941	- 849.290	- 755.262
Fjárhagsaðstoð til framfærslu - upphæð	1.739.856	1.434.334	2.160.018	2.386.629
Framfærsla vegna náms - upphæð	96.161	90.654	111.357	110.803
Aðrar heimildagreiðslur og átaksverkefni - upphæð	2.491.935	2.114.138	1.831.009	1.593.294
Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð alls	4.456	3.834	3.300	3.290
Sérstakur húsnæðisstuðningur				
Sérstakur húsnæðisstuðningur - heildarkostnaður	1.478.690	1.441.891	1.740.703	1.749.827
Sérstakur húsnæðisstuðningur - Samtals fjöldi	4.510	4.458	4.529	4.608
Almennur markaður - upphæð	657.013	634.136	954.651	827.986
Fjöldi á almennum markaði	2.373	2.309	2.331	2.372
Félagsbústaðir - upphæð	882.926	864.644	839.426	975.214
Fjöldi hjá Félagsbústöðum	2.199	2.227	2.251	2.291
Leiguíbúðir í eigu Félagsbústaða				
Fjöldi úthlutana	311	266	258	263
Fjöldi á biðlista í árslok	1.031	1.018	799	732
Fjöldi íbúða	3.100	3.140	3.215	3.290
Hjúkrunarheimili				
Fjöldi hjúkrunarrýma á Droplaugarstöðum	83	83	83	87
Heildarkostnaður - Droplaugarstaðir	2.028.374	2.166.611	2.122.785	2.190.600
Meðalkostn. á notað rými á dag	67	72	70	69

Fjárhæðir í þ.kr.	Raun 2024	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Framlag ríkissjóðs	- 1.746.541	- 1.867.772	- 1.893.913	- 2.190.600
Framlag ríkissjóðs á rými á dag á Droplaugarstöðum	- 58	- 62	- 63	- 69
Heimaþjónusta				
Heimastuðningur - Heildarkostnaður	2.442.576	2.416.810	2.548.920	2.589.616
Heimastuðningur - Fjöldi heimila	3.434	3.384	3.235	3.292
Fjöldi vinnustunda í dagþjónustu fél. heimaþjónustu	122.441	115.182	83.378	84.838
Heildarkostnaður heimahjúkrun	2.645.884	2.974.069	3.175.101	3.381.000
Heimahjúkrun - Fjöldi notenda	2.826	2.857	2.960	3.012
Stuðnings- og stoðþjónusta				
Heildarkostnaður	1.465.603	1.430.758	1.540.189	1.701.116
Stuðnings- og stoðþjónusta - Fjöldi notenda	416	410	411	418
Stoðþjónusta (Frekari liðveisla) - Heildarkostnaður	282.189	378.845	312.708	323.653
Stuðningsþjónusta (Liðveisla) - Heildarkostnaður	1.183.414	1.051.913	1.227.481	1.377.463
Stuðningsfjölskyldur - Heildarkostnaður	113.962	103.285	86.223	89.241
Stuðningsfjölskyldur - Fjöldi barna	221	152	115	117
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Heildarkostnaður	200.313	194.912	188.654	195.257
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Fjöldi barna	179	160	156	159
Dagþjónusta fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður	867.973	859.447	938.415	934.717
Búsetuþjónusta - Heildarkostnaður	14.430.487	15.191.686	15.460.131	16.106.400
NPA				
Heildarkostnaður	2.211.671	2.461.518	2.650.446	2.681.368
Fjöldi samninga	34	42	44	44
Matarþjónusta				
Fjöldi notenda með heimsendan mat	1.005	951	965	982
Fjöldi heimsendra máltíða	120.771	112.426	111.441	113.393
Þjónusta við börn				
Fjöldi barnaverndartilkynninga	5.457	6.167	6.881	7.001
Heildarkostnaður við varanlegt fóstur	509.002	460.451	399.000	548.349
Fjöldi barna í varanlegu fóstri	162	159	154	150
Heildarkostnaður við tímab. fóstur og fóstur skv. 84 gr. bvl.	328.786	476.595	433.000	549.367
Fjöldi barna í tímab. fóstri og fóstri skv. 84 gr. bvl.	93	94	113	121



Nýtt þjónustuver Reykjavíkurborgar

ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ

STEFNULJÓS

Svið sem mætir þörfum borgarinnar áreynslulaust

SKIPURIT




FJÁRHAGSÁÆTLUN 2027

	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Rekstrartekjur	3.419.568	3.685.589	4.182.652
Tekjur samtals	**3.419.568**	**3.685.589**	**4.182.652**
Laun og launatengd gjöld	2.257.276	2.255.531	2.311.921
Annar kostnaður	5.769.221	6.034.121	5.583.362
Rekstrargjöld samtals	**8.026.496**	**8.289.653**	**7.895.284**
Rekstrarniðurstaða	**- 4.606.929**	**- 4.604.063**	**- 3.712.632**

STARFSFÓLK

	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Fjöldi stöðugilda	169	169	174
Eftir skrifstofum/ þjónustuþáttum:	131	145	139
Miðlæg skrifstofa ÞON	7	10	13
Skrifstofa gagna og hugbúnaðarþróunar	10	9	11
Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu	35	37	37
Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur	31	29	31
Skrifstofa þjónustu og umbreytinga	34	42	33
Skrifstofa skjalastýringar	7	12	12
Borgarskjalasafn Reykjavíkur	7	7	2
Færist á fjárfestingu:	38	29	35
Fjöldi starfsmanna vegna stafrænnar vegferðar og umbreytingu ferla*	38	29	35

SKIPTING REKSTRAR 2027



HLUTVERK

Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON) er eitt af þremur kjarnasviðum Reykjavíkurborgar. Meginhlutverk sviðsins er að annast skilgreinda innri og ytri þjónustu borgarinnar og stuðla að nýsköpun og umbótum í starfsemi hennar. Sviðið starfar þvert á fagsvið borgarinnar og ber meðal annars ábyrgð á upplýsingatækni, gagnastjórnun, nýsköpun, tæknilegum umbótum og þjónustu.

ÞON leiðir innleiðingu þjónustustefnu og upplýsingatæknistefnu Reykjavíkurborgar, ber ábyrgð á rekstri stjórnsýslubygginga og fer með rekstur Borgarskjalasafns Reykjavíkur. Sviðið gegnir lykilhlutverki í samhæfingu tækni-, gagna-, þjónustu- og rekstrarmála borgarinnar og veitir borgaryfirvöldum faglega ráðgjöf á þeim málefnasviðum sem undir það heyra.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Þjónusta við íbúa er í forgangi og áfram verður fjárfest í stafrænni framþróun, nýrri tækni og miðlægum innkaupum sem stuðla að hagkvæmari rekstri og bættri þjónustu. Áhersla er lögð á sjálfbærni, aukna skilvirkni og samræmda þjónustu við íbúa og fyrirtæki. Verkefni sviðsins taka jafnframt mið af Græna planinu og breyttu efnahagsumhverfi.

Í fjárhagsáætlun þjónustu- og nýsköpunarsviðs fyrir árið 2027 er gert ráð fyrir lægri fjárhagsramma. Rekstrartekjur aukast milli ára, einkum vegna gjaldskrárhækkunar upplýsinga-tækniþjónustu sem tekur mið af launa- og verðlagsbreytingum, kostnaði vegna samnings-bundinna skuldbindinga við þriðja aðila og aukinnar þjónustu við önnur svið borgarinnar. Breytingar á rekstrargjöldum skýrast einna helst af lægri innri leigu og verð- og gengis-breytingum í samningum við þriðja aðila.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Miðlæg skrifstofa ÞON

Miðlæg skrifstofa ber ábyrgð á stjórnsýslu og stefnumótun sviðsins og samræmir undirbúning stefnumótandi ákvarðana og breytinga á skipulagi og þjónustu. Skrifstofan annast meðal annars gerð starfsáætlunar, samskipti við miðlæga stjórnsýslu borgarinnar og ráðgjöf og fræðslu um stjórnsýslu og vandaða málsmeðferð.

Lögfræðingar skrifstofunnar veita ráðgjöf á sviði stjórnsýslu, persónuverndar, útboða, samningagerðar og mannauðsmála. Þjónustan styður við lögmæta og vandaða framkvæmd verkefna og breytinga, dregur úr lagalegri og fjárhagslegri áhættu og stuðlar að faglegum undirbúningi ákvarðana, innkaupa og samninga.

Skrifstofan fer jafnframt með miðlæga umsjón styrkja úr borgarsjóði. Áfram verður unnið að samræmingu reglna, viðmiða og ferla með það að markmiði að einfalda framkvæmd, auka gagnsæi, tryggja jafnræði umsækjenda og stuðla að markvissri nýtingu fjármuna.

Á árinu verður unnið að uppbyggingu miðlægs reglugrunns Reykjavíkurborgar þar sem reglum verður safnað saman, þær samræmdar og birtar með aðgengilegum hætti. Jafnframt verður skoðað hvort koma megi á samræmdu númerakerfi og rekjanlegri breytingarsögu.

Skrifstofan ber einnig ábyrgð á lýðræðis- og samráðsmálum. Áhersla verður lögð á markvissar og aðgengilegar samráðsleiðir sem bæta undirbúning ákvarðana, gefa ólíkum röddum borgarbúa færi á að koma fram og styrkja traust á stjórnsýslunni. Rekstur og þróun Samráðsgáttarinnar verður áfram mikilvægur þáttur í þeirri vinnu.

Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur

Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur ber ábyrgð á stýringu og framkvæmd stafrænna verkefna, verkefnaskrá og verkefnaráði sviðsins, vefmálum, vörustýringu og starfi stafrænna leiðtoga.

Verkefnastofa stýrir stafrænum verkefnum sem fela meðal annars í sér þarfagreiningu, undirbúning, innkaup, útboð og innleiðingu tækni og hugbúnaðar. Verkefnastjórar vinna náið með eigendum verkefna og lausna og tryggja faglega verkefnastýringu frá undirbúningi til innleiðingar.

Stafrænir leiðtogar tengja saman þarfir fagsviða og framkvæmd verkefna hjá ÞON. Þeir greina áskoranir og tækifæri til stafrænnar framþróunar, styðja við forgangsröðun verkefna og vinna að einföldun og stafvæðingu þjónustu og ferla.

Vefdeild ber ábyrgð á reykjavik.is og öðrum vefjum borgarinnar. Undanfarin ár hefur vefum í eigu borgarinnar fækkað verulega samhliða samþættingu þjónustu og upplýsinga á aðal-vefnum og Mínum síðum. Áfram verður unnið að þróun vefþjónustu, auknu aðgengi og hagkvæmri miðlun upplýsinga.

Vörustýringardeild ber ábyrgð á framþróun stafrænna lausna eftir að þær hafa verið teknar í rekstur. Markmiðið er að tryggja áframhaldandi þróun, hámarka virði lausna og draga úr tækniskuld. Eftirspurn eftir vörustýringu hefur aukist samhliða fjölgun stafrænna lausna í rekstri.

Skrifstofa þjónustu- og umbreytinga

Skrifstofa þjónustu og umbreytinga skiptist í framlínuþjónustu og umbreytingu sem vinna saman að því að veita og þróa aðgengilega og skilvirka þjónustu.

Framlínuþjónustan veitir íbúum, fyrirtækjum, gestum og starfsfólki borgarinnar þjónustu í gegnum síma, netspjall, tölvupóst, ábendingavef og afgreiðslu á starfsstöðvum borgarinnar. Á árinu 2026 tók framlínan við umfangsmiklum þjónustuþáttum frá velferðarsviði og breytingar voru gerðar á starfsaðstöðu í Höfðatorgi. Árið 2027 verður lögð áhersla á að ná fram ávinningi þessara breytinga, auka skilvirkni og þróa þjónustuveitingu áfram. Sérstök áhersla verður lögð á þjónustumælingar og nýtingu stafrænna lausna og gervigreindar til stuðnings starfsfólki.

Deild umbreytingar styður svið og stofnanir borgarinnar við þróun og umbreytingu þjónustu í samræmi við þjónustustefnu Reykjavíkurborgar. Áhersla verður lögð á þjónustumælingar, umbótaáætlanir, fræðslu og stuðning við þjónustuvæðingu og verkefni sem byggja á aðferðum þjónustuhönnunar.

Áfram verður unnið að viðhaldi og framþróun hönnunarkerfis borgarinnar, endurnýtingu hönnunareininga og greiningu tækifæra til að nýta gervigreind til aukinnar skilvirkni. Jafnframt verður lögð áhersla á samlegð og samrekstur stafrænna vara og þróun sameiginlegra verkfæra sem styðja við þær.

Skrifstofa gagna og hugbúnaðarþróunar

Skrifstofa gagna og hugbúnaðarþróunar ber ábyrgð á hugbúnaðarþróun, gagnaþjónustu og faglegri umgjörð um innleiðingu gervigreindar. Markmið skrifstofunnar er að byggja upp og viðhalda sterkri innri stafrænni getu sem styður við betri, einfaldari og öruggari þjónustu.

Deild hugbúnaðarþróunar hannar, þróar og afhendir hugbúnaðarlausnir fyrir íbúa og starfsfólk borgarinnar. Áhersla er lögð á notendavænar og áreiðanlegar lausnir sem einfalda ferla, bæta þjónustu og styðja við skilvirkan rekstur.

Deild gagnaþjónustu vinnur að því að auka virði og nýtingu gagna Reykjavíkurborgar. Deildin þróar sameiginlega gagnainnviði, gerir gögn aðgengileg til greininga og styður við gagnadrifna ákvarðanatöku. Hún sinnir jafnframt gagnagreiningum, þróun gagnavara og tölfræðilíkana og þróun sérhæfðra gervigreindarlíkana ásamt ráðgjöf í gagna- og tölfræðimálum.

Gervigreindarfulltrúi hefur umsjón með innleiðingu tilmæla Reykjavíkurborgar um notkun gervigreindar, fræðslu og mótun verklags. Áhersla er lögð á yfirsýn, áhættumat, gagnsæi og ábyrga notkun gervigreindar þannig að réttindi einstaklinga, upplýsingaöryggi og lögmæti séu tryggð.

Skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar

Skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar ber ábyrgð á faglegri upplýsinga- og skjalastjórnun Reykjavíkurborgar og þróun verklags sem tryggir örugga, áreiðanlega og lögbundna meðferð upplýsinga. Skrifstofan veitir ráðgjöf, fræðslu og stuðning þvert á borgarkerfið, sinnir eftirliti með framkvæmd skjalastjórnunar og gegnir hlutverki tengiliðar við Þjóðskjalasafn Íslands.

Árið 2027 verður áfram lögð áhersla á samræmda upplýsinga- og skjalastjórnun, gæði upplýsinga og samfellu í upplýsingaflæði. Skrifstofan mun styðja svið og starfseiningar við breytingaverkefni og stafræna framþróun, meðal annars með ráðgjöf, fræðslu og þróun verklags sem stuðlar að öruggri og lögmætri meðferð upplýsinga. Jafnframt verður lögð áhersla á eftirlit með reglufylgni og gæðum upplýsinga í upplýsingakerfum og gagnageymslum.

Áfram verður unnið að þróun og rekstri Hlöðunnar sem miðlægs upplýsinga- og skjalakerfis Reykjavíkurborgar og samþættingu hennar við önnur upplýsingakerfi. Einnig verður unnið að lausnum fyrir stafræna skjalavörslu, umsýslu stafræns myndefnis og annarra varðveislukerfa, auk umsýslu fundarkerfa ráða og nefnda.

Mikilvægur þáttur í starfsemi ársins verður áframhaldandi undirbúningur og framkvæmd afhendinga gagna til Þjóðskjalasafns Íslands og uppbygging langtímavarðveislu rafrænna gagna. Með því er stuðlað að öruggri varðveislu upplýsinga, auknu aðgengi og traustum grunni fyrir stafræna þjónustu og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar.

Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu

Rekstrarumhverfi upplýsingatækniþjónustu verður áfram krefjandi árið 2027. Alþjóðlegir tæknibirgjar hafa boðað verðhækkanir á búnaði og þjónustu, meðal annars vegna aukinnar eftirspurnar eftir búnaði og innviðum fyrir gagnaver og gervigreind. Þróunin getur haft áhrif bæði á innkaupsverð tæknibúnaðar og kostnað vegna skýjaþjónustu og hugbúnaðar.

Jafnframt hefur vægi stórra alþjóðlegra birgja, þar á meðal Microsoft, aukist í tæknilegu umhverfi borgarinnar. Til að mæta kostnaðarþróun verður áfram unnið að einföldun rekstrarumhverfis, betri nýtingu þeirra lausna sem þegar eru til staðar, uppbyggingu þekkingar starfsfólks og hagstæðum samningum við birgja.

Verðþróun á alþjóðlegum tæknimarkaði felur þó í sér verulega fjárhagslega áhættu og getur reynst erfitt að mæta henni innan fjárhagsramma ársins 2027 án áhrifa á umfang eða gæði tæknilegrar þjónustu.

Borgarskjalasafn

Árið 2027 er gert ráð fyrir tveimur stöðugildum hjá Borgarskjalasafni. Þau sinna ráðgjöf vegna rafrænna skila til Þjóðskjalasafns Íslands, leiðbeiningum um skjalavörslu og afhendingu rafrænna gagna og skjala og eftirliti með gjaldtöku vegna varðveislu og ráðgjafar Þjóðskjalasafns.

Þjóðskjalasafn tekur við safnkosti úr fjargeymslu Borgarskjalasafns 1. nóvember 2026 og tekur jafnframt við tilteknum lögbundnum verkefnum Borgarskjalasafns á sviði ráðgjafar, eftirlits og afhendingar skjala. Starfsemi Borgarskjalasafns árið 2027 tekur mið af þessari breytingu og áframhaldandi frágangi og yfirfærslu verkefna.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2023	Raun 2024	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Skrifstofa þjónustu og umbreytinga					
Fjöldi símtala	87.374	84.550	68.660	70.000	103.000
Fjöldi netsamtala	13.415	16.320	6.586	6.500	9.000
Fjöldi ábendinga	11.740	12.240	11.846	12.000	14.000
Fjöldi annars stigs afgreiðslur	-	-	-	-	8.000
Fjöldi útgefinna rafrænna skilríkja	-	-	126	250	250
Samtöl við vefaðstoð	-	-	8.025	10.000	15.000
Fjöldi afgreiddra beiðna	-	-	16.883	24.000	30.000
Fjöldi heimsókna í Þjónustuver í Borgartúni	13.843	5.400	4.546	5.000	15.000
Rekstrarþjónusta stjórnsýsluhúsa					
Seldar máltíðir í mötuneyti Ráðhúss	17.283	18.000	17.957	18.000	18.000
Seldar máltíðir í mötuneyti Höfðatorgs	71.674	68.000	75.160	78.000	80.000
Fjöldi viðburða í Ráðhúsi	73	80	72	80	80
Fjöldi viðburða í Höfða	17	40	26	40	40
Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu					
Þjónustuborð - Fjöldi símtala	22.306	25.000	17.619	23.000	22.310
Fjöldi afgreiddra verkbeiðna	43.398	44.000	39.048	44.250	45.135
Fjöldi útstöðva - Borðtölvur	1.152	800	1.018	250	200
Fjöldi útstöðva - Fartölvur	4.525	4.800	5.805	6.600	6.864
Fjöldi útstöðva - Spjaldtölvur og Chromebook	11.000	12.000	14.910	14.500	14.646
Fjöldi nettengdra prentara	748	550	391	629	598
Fjöldi skráðra virkra notenda í kerfum	30.926	31.000	29.340	32.000	32.480
Fjöldi þráðlausra senda	2.120	3.000	2.390	2.500	2.550
Fjöldi netskipta og beina	1.033	1.250	552	1.155	1.190
Skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar					
Fjöldi mála stofnuð í GoPro brunnum	4.184	3.500	3.242	100	0
Fjöldi skráðra skjala í GoPro brunnum	38.486	30.000	28.576	1.000	0
Fjöldi mála stofnuð í Hlöðunni	12.025	15.000	14.913	18.000	19.000
Fjöldi skráðra skjala í Hlöðunni	173.429	180.000	190.943	200.000	220.000
Fjöldi afgreiddra dagskrálíða	-	6.624	-	5.000	5.000
Fjöldi funda ráða og nefnda	-	445	-	450	400

	Raun 2023	Raun 2024	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Skrifstofa gagna og hugbúnaðarþróunar					
Fjöldi gagnavara í rekstri	24	18	45	30	32
Fjöldi vefheimsókna - gagnavörur	439.635	150.000	273.749	490.000	800.000
Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur					
Fjöldi heimsókna á vefinn Reykjavik.is	3.091.473	2.110.935	3.463.818	3.166.402	3.483.042
Fjöldi heimsókna á enska hluta Reykjavík.is	329.042	484.652	-	600.000	600.000
Fjöldi vefja í eigu Reykjavíkurborgar	78	90	20	20	20
Vörur í vörustýringu	19	22	27	65	75
Fjöldi nýrra ferla	5	0	9	15	5
Fjöldi endurskoðaðra ferla	24	50	12	70	15
Borgarskjalasafn					
Hillumetrar af mótteknum skjölum	210	0	0	0	0
Fjöldi fyrirspurna	1.715	1.200	1.356	600	0

FJÁRFESTINGAÁÆTLUN ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐS 2027

Stafræn framþróun nær til allrar starfsemi Reykjavíkurborgar og byggir á samstarfi sviða og stofnana með það að markmiði að mæta þjónustuþörfum íbúa og fyrirtækja á skilvirkan og öruggan hátt. Fjárfestingaráætlun ÞON skiptist í eftirfarandi meginflokka:

- Hugbúnað og ný upplýsingakerfi.
- Vöruþróun og stafvæðing ferla
- Stjórnsýsluhúsin
- Upplýsinga- og gagnastýringu.
- Notendabúnað og öryggi upplýsingatækniinnviða.

Verkefnaráð ÞON heldur utan um stýringu fjárfestingarverkefna og metur verkefni með hliðsjón af stefnum, áherslum og fjárhagslegum forsendum sviðsins og borgarinnar. Verkefnaskrá ÞON er stjórntæki ráðsins og styður við yfirsýn, forgangsröðun og eftirfylgni verkefna.

Nánar um verkefni á fjárfestingaráætlun 2027

Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi

Árið 2027 verður áfram unnið að undirbúningi, innkaupum og innleiðingu stórra upplýsingakerfa fyrir Reykjavíkurborg. Þar vegur þyngst nýtt fjárhagskerfi fyrir fjármála- og áhættustýringarsvið, en verkefnið nær yfir nokkur ár. Jafnframt verður unnið að því að ljúka innleiðingu mannauðs- og launakerfis.

Meðal annarra verkefna eru umsjónarkerfi fyrir leikskóla og frístund, annar fasi nemenda- og námsumsjónarkerfis grunnskóla og lokaáfangi innleiðingar hugbúnaðar og spjaldtölva fyrir

sorphirðu. Einnig er fyrirhugað að fjárfesta í verkefnastjórnunartóli fyrir umhverfis- og skipulagssvið og mæta eftir föngum þörfum sviða fyrir smærri hugbúnaðarlausnir.

Stór innleiðingarverkefni fela í sér fjárhagslega, tæknilega og rekstrarlega áhættu. Áhersla verður því lögð á vandaðar þarfagreiningar, útboðsferli og innleiðingu til að tryggja að lausnir mæti þörfum notenda og starfseminnar.

Vöruþróun og stafvæðing ferla

Áhersla verður lögð á áframhaldandi þróun stafrænna vara sem þegar eru í notkun og fjölgun þjónustuþátta innan þeirra. Markmiðið er að einfalda starfsumhverfi, auka endurnýtingu tæknilegra lausna og bæta skilvirkni.

Jafnframt verður unnið að þróun og samþættingu sameiginlegra innri verkfæra, svo sem þjóðskráruppflettinga, rafrænna undirritana og öruggrar skjaladeilingar. Með aukinni endurnýtingu og samþættingu er hægt að leysa fleiri áskoranir innan núverandi kerfa og draga úr þörf fyrir sértækar lausnir.

Stjórnsýsluhúsin

Árið 2027 verður þörf á fjárfestingum í aðstöðu og tæknilegum innviðum stjórnsýsluhúsa Reykjavíkurborgar. Mötuneyti og önnur starfsmannaaðstaða í Borgartúni og Ráðhúsi þarfnast endurbóta vegna breyttrar og aukinnar notkunar, meðal annars í tengslum við fyrirhugaða fjölgun starfsfólks í Borgartúni.

Einnig er þörf á endurbótum á búnings- og hjólreiðaaðstöðu, almenningssalernum og búnaði í Tjarnarsal. Þá þarfnast tæknilegir innviðir, svo sem hitastýringar, loftræsting, hússtjórnunarkerfi og öryggismyndavélar, endurnýjunar og samræmingar. Markmiðið er að tryggja örugga, hagkvæma og viðeigandi starfsaðstöðu til framtíðar.

Upplýsinga- og gagnastýring

Áfram verður unnið að uppbyggingu heildstæðs gagnalandslags Reykjavíkurborgar. Mikil uppbygging hefur þegar átt sér stað á nokkrum sviðum og árið 2027 verður þeirri vinnu haldið áfram á fleiri sviðum borgarinnar.

Samhliða verður unnið að breytingum á samþættingarlausnum borgarinnar með það að markmiði að draga úr leyfiskostnaði, einfalda tæknilegt umhverfi og nýta betur sameiginlega gagnainnviði. Áhersla verður lögð á samræmda hugtakanotkun, samþættingu kerfa og aukið aðgengi að gögnum.

Jafnframt verður stutt við gagnadrifna ákvarðanatöku með gagnagreiningum, gagnavörum og þróun tölfræðilegra líkana. Uppbygging vegna gervigreindar verður einnig mikilvægur þáttur, meðal annars með þróun tækniumhverfis, ferla fyrir ábyrga innleiðingu og uppbyggingu þekkingar og færni starfsfólks.

Notendabúnaður og öryggi upplýsingatækniinnviða

Fjárfestingar í upplýsingatækniinnviðum eru forsenda öruggs, hagkvæms og trausts reksturs Reykjavíkurborgar. Áhersla verður lögð á uppbyggingu nútímalegra innviða, þar á meðal Azure skýjaumhverfis, áframhaldandi flutning kerfa og gagna í gagnaver og skýjaþjónustur og endurnýjun net- og miðlægs rekstrarbúnaðar.

Jafnframt verður fjárfest í öryggis- og samræmingaraðgerðum, svo sem uppfærslu netkerfa, miðlægri aðgangsstýringu og styrkingu fjarskipta-, samskipta- og öryggisinnviða. Verkefnin styðja við auknar kröfur um netöryggi, persónuvernd og rekstraröryggi.

Reglubundin endurnýjun tölvubúnaðar og innleiðing nýrra Microsoft 365 lausna og gervigreindartækni styður við öruggt og skilvirkt starfsumhverfi. Fjárfestingarnar miða jafnframt að því að verja fyrri fjárfestingar, draga úr tækniskuld og skapa traustan grunn fyrir áframhaldandi stafræna þróun Reykjavíkurborgar.




SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU

LEIÐARLJÓS

Fagmennska, þjónusta og samvinna

SKIPURIT



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2027

	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Rekstrartekjur	157.135	77.807	7.250
Tekjur samtals	**157.135**	**77.807**	**7.250**
Laun og launatengd gjöld	1.898.586	1.960.940	1.617.758
Annar kostnaður	493.966	621.258	363.774
Rekstrargjöld samtals	**2.392.551**	**2.582.198**	**1.981.532**
Rekstrarniðurstaða	**- 2.235.417**	**- 2.504.391**	**- 1.974.282**


STARFSFÓLK

	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Fjöldi starfsmanna	73	70	46
Fjöldi stöðugilda	63	69,3	45,4
Eftir skrifstofum/ þjónustuþáttum:			
Borgarlögmaður	8,3	10,2	10
Innri endurskoðun og ráðgjöf	8,1	10,4	8
Skrifstofa borgarstjórnar (SBS)	7	7	8,4
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara (SBB)	19,1	19,9	19
Skrifstofa samskipta og viðburða *	10,8	14,8	0
Mannréttindaskrifstofa *	9,7	7	0

*Skrifstofa samskipta og viðburða ásamt mannréttindaskrifstofa voru lagðar niður árið 2026.

SKIPTING REKSTRAR 2027

Skipting rekstrar		Rammar
Borgarlögmaður	12%	227.885
Innri endurskoðun og ráðgjöf	11%	223.486
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	29%	569.199
Skrifstofa borgarstjórnar	48%	953.712
	Samtals:	**1.974.282**



HLUTVERK

Miðlæg stjórnsýsla samanstendur af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, skrifstofu borgarstjórnar, borgarlögmanni og Innri endurskoðun og ráðgjöf. Miðlæg stjórnsýsla sinnir fjölbreyttum verkefnum, samhæfingu og eftirliti innan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og fylgir eftir stefnumörkun og ákvörðunum borgarstjórnar og borgarráðs og greiðir fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum bæði inn á við og út á við. Miðlæg stjórnsýsla þjónustar borgarstjóra, fer með alla umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, fer með fyrirsvar um lögfræðileg málefni, veitir stjórnendum óháða ráðgjöf, sér um ytri miðlun og samskipti og metur og gerir ýmsar úttektir. Þá sinnir miðlæg stjórnsýsla samskiptum við B-hluta fyrirtæki og byggðasamlög ásamt ýmsum fleiri miðlægum verkefnum.

SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRA OG BORGARRITARA

Borgarstjórinn í Reykjavík er framkvæmdastjóri og æðsti yfirmaður Reykjavíkurborgar. Borgarritari er einn af staðgenglum borgarstjóra og æðsti embættismaður borgarinnar að undanskildum borgarstjóra.

Starfsáætlun skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (SBB) byggir á þeirri hugmyndafræði sem sett er fram í fjármálastefnu og fjárfestingarstefnu Reykjavíkurborgar og grunngildum Reykjavíkurborgar um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu, fyrirsjáanleika og gagnsæi sem birtast í skýrum og mælanlegum markmiðum.

STARFSFÓLK

Á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara eru áætluð 19 heilsárs stöðugildi 2027, þ.e. borgarstjóri, borgarritari og 17 starfsmenn sem sinna fjölbreyttum störfum og verkefnum.

HLUTVERK

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara veitir borgarstjóra og borgarritara faglega þjónustu og stuðning við störf þeirra. Þjónustu- og stjórnsýsluteymi skrifstofunnar ber ábyrgð á beinni þjónustu við borgarstjóra og undirbúningi og eftirfylgni mála sem fara fyrir borgarráð og önnur fagráð Reykjavíkurborgar ásamt því að samhæfa verkefni sem ná þvert á svið og starfseiningar borgarinnar. Skrifstofan leiðir og styður við framgang stefnumótandi verkefna og áherslumála borgarstjóra á sviðum stjórnsýsluþróunar, stefnumótunar, alþjóðamála og annarra málaflokka

sem henni eru falin. Jafnframt sinnir skrifstofan verkefnastjórnun og stuðlar að samræmdri framkvæmd verkefna innan stjórnsýslunnar. Skrifstofan ber ábyrgð á miðlun upplýsinga um starfsemi borgarinnar, stafrænum samskiptum, markaðssetningu og samfélagsmiðlum. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á skýra upplýsingagjöf, gagnadrifna nálgun og virkt samtal við íbúa og aðra hagsmunaaðila.

Gildi skrifstofunnar eru *fagmennska*, *þjónusta* og *samvinna*.

Leiðarljós skrifstofunnar: *Við erum framsækin, veitum áreiðanlega þjónustu og sinnum verkefnum okkar af fagmennsku.*

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjárhagsrammi miðlægrar stjórnsýslu 2027 lækkar um 600 m.kr. frá endurskoðaðri áætlun 2026. Tekjur lækka um 70 m.kr. sem skýrist af lægri tekjum Innri endurskoðunar af Orkuveitu Reykjavíkur og tekjum skrifstofa sem lagðar hafa verið niður.

Á árinu 2027 er gert ráð fyrir minna umfangi og rekstri á starfsemi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara vegna skipulags- og hagræðingaraðgerða sem samþykktar voru í borgarráði 25. júní 2026. Annars vegar fólust breytingarnar í því að tvær undirskrifstofur SBB, þ.e. skrifstofa samskipta og viðburða og svo mannréttindaskrifstofa, voru lagðar niður og verkefni ýmis færð í aðrar einingar eða lögð niður. Hins vegar fólust breytingarnar í því að stefnumótunar- og þróunarteymi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara var lagt niður. Tillögurnar höfðu áhrif á 27 stöðugildi af 41,8 á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og undirskrifstofunum tveimur. Alls voru níu störf færð á milli sviða/skrifstofa. Fækkað var um 18 störf en á móti gert ráð fyrir að ráða í 6-7 ný störf, eftir því sem skipulagsbreytingum vindur fram. Samkvæmt fjárhags-áætlun 2027 leiða breytingarnar til lækkunar rekstrarkostnaðar fyrir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara ásamt undirskrifstofunum tveimur sem nemur tæpar 322 m.kr. á ársgrundvelli.

Í ljósi breytinganna verða megináherslur og forsendur í fjárhagsáætlun skrifstofu borgarstjóra og borgarritara 2027 að þróa áfram starfsemi skrifstofunnar og sækja fram á völlinn. Þótt verkefnum fækki og breytist að hluta verður kjarnahlutverk hennar eftir sem áður að þjónusta borgarstjóra og borgarritara, undirbúa borgarstjóratillögur fyrir borgarráð og önnur fagráð ásamt úrvinnslu og eftirfylgni mála sem skrifstofunni er falið, ábyrgð á svörum, utanumhaldi og eftirfylgni erinda sem berast úr stjórnkerfi borgarinnar. Þá verður haldið áfram að byggja upp sérhæfðara fagteymi á sviði stafrænnar miðlunar, stafrænnar markaðssetningar, samfélags-miðlastjórnunar og gagnadrifinnar ákvarðanatöku í samskiptamálum. Einnig verður haldið áfram að þróa verkefnastjórnun innan SBB þannig að áhersluverkefni borgarstjóra komist í virkan farveg með skilvirkri umgjörð. Lykilatriði skrifstofu borgarstjóra og borgarritara verður eftir sem áður að halda áfram að veita framsækna og áreiðanlega þjónustu og sinna verkefnum af fagmennsku.

LYKILTÖLUR

	Raun 2023	Raun 2024	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027
Stjórnsýsluerindi	206	221	474	720	759
Mál til vinnslu í borgarráði	306	242	237	262	250
Fyrirspurnir, umsagnir og tillögur úr borgarráði og öðrum ráðum	31	20	11	25	20
Erindisbréf starfs- og stýrihópa borgarstjóra og borgarritara	21	21	27	11	5
Fréttatilkynningar	500	650	603	404	250
Fjölmiðlafyrirspurnir	1054	1200	1050	650	600

EMBÆTTI BORGARLÖGMANNS

Borgarlögmaður heyrir beint undir borgarstjóra samkvæmt skipuriti Reykjavíkurborgar og er einn staðgengla hans, sbr. 6. mgr. 73. samþykktar nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

STARFSFÓLK

Hjá embætti borgarlögmanns eru 10 stöðugildi, þ.e. verkefnastjóri og níu lögmenn.

HLUTVERK

Borgarlögmaður er í fyrirsvari fyrir Reykjavíkurborg og stofnanir hennar um lögfræðileg málefni. Borgarlögmaður annast málflutning og aðra réttargæslu ásamt samningsgerð fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Þá fer borgarlögmaður með fyrirsvar fyrir Reykjavíkurborg vegna krafna um skaðabætur og kjarasamningsbundnar slysabætur. Borgarlögmaður annast einnig lögfræðilega ráðgjöf á sviði innkaupamála.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Megináherslur í fjárhagsáætlun embættis borgarlögmanns eru hinar sömu og langtímaáherslur þess til ársins 2031, þ.a. að tryggja að embættið hafi faglega og fjárhagslega getu til að sinna hlutverki og verkefnum sínum hjá Reykjavíkurborg með fullnægjandi hætti.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Dómstólar: Mikil aukning hefur orðið á hefðbundnum einkamálum milli ára, sér í lagi á sviði fasteignaréttar, skipulagsréttar og velferðarþjónustu (málaflokkur fatlaðs fólks). Áfram er búist við mikilli vinnu við málflutning en borgarlögmaður annast einnig fyrirsvar og rekstur barnaverndarmála og lögræðismála sem eru flýtimeðferðarmál.

Lögfræðileg ráðgjöf og stjórnsýslumál: Umfangsmikill þáttur í starfsemi embættis borgarlögmanns er lögfræðileg ráðgjöf til borgarstjórnar, borgarráðs, innkaupa- og framkvæmdaráðs, borgarstjóra og annarra innan stjórnkerfis og stofnana Reykjavíkurborgar, svörun stjórnsýsluerinda, skjalagerð og samningsgerð.

Skaðabætur og kjarasamningsbundnar slysatryggingar: Að jafnaði eru árlega til meðferðar á annað hundrað slysabótamála og skaðabótamála á grundvelli kjarasamninga Reykjavíkurborgar. Þá hefur borgarlögmaður fyrirsvar í skaðabótamálum og veitir umsagnir vegna krafna sem gerðar eru í ábyrgðartryggingu Reykjavíkurborgar hjá vátryggingarfélagi.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	2022	2023	2024	2025	2026	Áætlun 2026	Í vinnslu*	Lokið 2026
Almenn mál	121	151	140	93	64	85	54	77
Barnaverndarmál	40	31	21	30	34	43	11	24
Hæstaréttarmál	6	2	2	0	2	0	0	2
Landsréttarmál	50	50	56	34	30	39	11	41
Lögræðismál	114	138	130	85	83	110	3	86
Önnur dómsmál	17	17	27	13	38	50	46	11
Útboðs- og innkaupamál	27	20	21	3	10	13	4	10
Slysatryggingar	133	121	125	113	94	134	25	51
Slysatryggingar barna	2	3	0	1	1	1	1	0
8.5.1 mál	3	9	6	10	11	14	6	2
Skaðabótamál (ábyrgðartrygging)	12	18	13	3	9	12	7	4
Samtals	**525**	**560**	**541**	**385**	**376**	**501**	**168**	**308**

** 1. janúar -22. september 2026*

SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRNAR

Skrifstofa borgarstjórnar fer með alla umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, sem og ýmsar aðrar nefndir. Skrifstofan heldur utan um og ber ábyrgð á þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar. Hún veitir kjörnum fulltrúum lögfræðilega ráðgjöf og fræðslu og hefur umsjón með kjörum þeirra og starfsaðstöðu. Einnig veitir skrifstofan nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sem og starfsmönnum þeirra, ýmsa ráðgjöf, s.s. lögfræðilega ráðgjöf á sviði fundarskapa, ritun fundargerða og stjórnkerfis Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ábyrgð á að samþykktir um stjórn borgarinnar og samþykktir fyrir einstök ráð og nefndir séu í samræmi við lög og reglur, auk þess sem hún annast framkvæmd allra almennra kosninga í Reykjavík. Þá er undirbúningur og meðferð umsagna Reykjavíkurborgar um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða á verksviði skrifstofunnar, sem og erlend samskipti borgarstjórnar. Skrifstofan sér um birtingu fundargagna og fundargerða borgarstjórnar og borgarráðs, auk beinna útsendinga af fundum borgarstjórnar og vistun og

birtingu umræðna á netinu. Skrifstofa borgarstjórnar sér að auki um almenna framfylgd mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Á skrifstofunni eru nú 9 stöðugildi.

Á árinu 2027 er gert ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem afgreidd eru í borgarráði og með embættisafgreiðslum skrifstofu borgarstjórnar en málafjöldi hélst nokkuð jafnt á nýliðnu kjörtímabili. Að sama skapi er gert ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem fara til umfjöllunar í borgarstjórn. Eitt af meginverkefnum skrifstofunnar er að auka og bæta aðgengi kjörinna fulltrúa og almennings að upplýsingum af vettvangi nefnda og ráða, sérstaklega á vef Reykjavíkurborgar, auk þess sem haldið verður áfram að bæta rafrænt aðgengi að fundargögnum og fundargerðum borgarstjórnar, borgarráðs og fagráða. Skjalavistunarkerfið Hlaðan er í stöðugri þróun og er fundargerðarkerfi þess nú tengt við kerfi sem annast birtingu fundargagna á vef, svokölluðum „Saltfiski“ til að auðvelda opinbera birtingu dagskrár og fundargagna við boðun funda. Árið 2027 er gert ráð fyrir langþráðum breytingum á sal borgarstjórnar, uppsetningu á nýjum skjá, innleiðingu á „Lóunni“ rafrænu fundar- og atkvæðagreiðslukerfi borgarstjórnar og uppfærslu á ýmsum atriðum sem tengjast upptökum, útsendingum og streymi á fundum borgarstjórnar, verði lokið. Áfram verður unnið að vistun á upptökum borgarstjórnarfunda á vef Reykjavíkurborgar og verður áhersla lögð á að bæta rauntímatextun og leitarmöguleika í umræðum og fundargerðum ásamt öðrum endurbótum á síðu borgarstjórnar í beinni. Skrifstofa borgarstjórnar vinnur heildarumsögn Reykjavíkurborgar um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða í mikilli samvinnu við skipulags- og byggingarfulltrúa og slökkvilið. Nauðsynlegt verður að vinna að þróun verkferla í málaflokknum, enda breytingar fram undan þar sem heilbrigðiseftirlitið og aðkoma þeirra að útgáfu rekstrarleyfa færst nú frá sveitarfélaginu til ríkisins en lögð er áhersla á að viðhalda vandaðri málsmeðferð og bæta leiðbeiningar og þjónustu við rekstraraðila enn frekar.

INNRI ENDURSKOÐUN OG RÁÐGJÖF

Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar (IER) starfar í umboði borgarráðs samkvæmt samþykkt um Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar og innri endurskoðanda sem borgarstjórn samþykkti 15. júní 2021. Hlutverk IER er að veita borgarráði, endurskoðunarnefnd, stjórnum B hluta og stjórnendum óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf um stjórnarhætti, áhættustýringu og innra eftirlit. Starfsemi IER fer fram í samræmi við Alþjóðlega staðla um innri endurskoðun.

Í samræmi við almenna eigendastefnu Reykjavíkurborgar sinnir IER innri endurskoðunarþjónustu fyrir A hluta Reykjavíkurborgar og veitir jafnframt innri endurskoðunarþjónustu fyrir samstæðu Orkuveitunnar, Félagsbústaði hf., Faxaflóahafnir sf., Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. og Malbikunarstöðina Höfða hf. IER hefur einnig eftirlit með fyrirkomulagi innri endurskoðunar hjá þeim félögum þar sem innri endurskoðun er falin öðrum aðilum, þar á meðal SORPU bs. og Strætó bs.

Helstu verkefni IER eru staðfestingarúttektir, eftirfylgni með samþykktum úrbótum, ráðgjöf til stjórnenda og stjórna, stjórnsýsluúttektir að beiðni borgarstjórnar eða borgarráðs, rekstur upplýstrunargáttar Reykjavíkurborgar og meðferð tilkynninga sem berast á grundvelli laga nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara. Jafnframt sinnir skrifstofan umsýslu og faglegum stuðningi við endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.

Verkefni IER byggja á áhættumati og innri endurskoðunaráætlunum sem samþykktar eru af endurskoðunarnefnd og stjórnum viðkomandi félaga. Markmið starfseminnar er að stuðla að góðum stjórnarháttum, skilvirkri nýtingu fjármuna, markvissri áhættustýringu og traustu innra eftirliti innan samstæðu Reykjavíkurborgar.

Áfram verður lögð áhersla á að efla faglega getu skrifstofunnar til að sinna sínu hlutverki. Jafnframt verður unnið að áframhaldandi þróun starfsaðferða og aukinni nýtingu stafrænna lausna til að auka skilvirkni og gæði þjónustunnar.

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Undir sameiginlegum kostnaði eru færðir ýmsir kostnaðarliðir sem eru sameiginlegir fyrir innri starfsemi Reykjavíkurborgar eða falla ekki með beinum hætti undir starfsemi fagsviða. Um er að ræða styrki og ýmis framlög, sérstök framlög vegna atvinnumála, rekstur miðlægra tölvukerfa, innheimtukostnað skatttekna, sameiginlegan launa- og starfsmannakostnað, breytingar lífeyrisskuldbindinga og ýmis önnur útgjöld. Þar á meðal er vistað fjármagn til ófyrirséðra útgjalda.

Styrkir og ýmis framlög eru áætluð um 786 m.kr. Þar af eru 660 m.kr. vegna afsláttar elli– og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum. Styrkir borgarráðs nema um 13,5 m.kr. Lýðheilsusjóður nemur um 5 m.kr. hverfissjóður nemur um 11 m.kr. og ýmsar samningsbundnar greiðslur um 97 m.kr.

Framlög til atvinnumála eru áætluð um 60 m.kr. Þar af verði um 50 m.kr. varið til atvinnuátaksverkefna og 10 m.kr. til atvinnuþróunar og sóknaráætlunar.

Rekstur miðlægs tölvukerfis. Rekstur bókhalds, upplýsinga og launakerfa er áætlaður um 1.464 m.kr. Þar af er rekstur miðlægs bókhaldskerfis 105 m.kr., rekstur fjármálakerfa 5 m.kr., rekstur miðlægs mannauðskerfis 83 m.kr., rekstur miðlægs launakerfis um 142 m.kr. og rekstur miðlægra upplýsingakerfa 1.129 m.kr.

Innheimtukostnaður skatttekna og fasteignamatsskrá. Innheimtukostnaður skatttekna er áætlaður 1.309 m.kr. Þar af er innheimtukostnaður staðgreiðslu áætlaður 826 m.kr. en útgjöld nema 0,5% af brúttó útsvarstekjum og greiðast til Fjársýslu ríkisins sem annast innheimtu útsvarsins. Útgjöld vegna fasteignamatsskrár eru áætluð 435 m.kr. en þau eru greidd til Þjóðskrár sem heldur utan um fasteignamat og er 0,006% af fasteignamati. Innheimtukostnaður vegna fasteignaskatta er áætlaður 48 m.kr.

Starfsmannakostnaður. Undir liðinn launa og starfsmannakostnaður eru vistuð miðlægt útgjöld sem eiga eftir að færast til fagsviða samtals 1.465 m.kr. Þar eru m.a. áætluð útgjöld vegna ýmissa samninga sem hreyfast með útgjöldum Reykjavíkurborgar á einkareknum stofnunum grunnskóla, leikskóla og velferðarúrræða og vegna áhrifa kjarasamninga á árinu 2026. Slysabætur eru áætlaðar 186 m.kr. Breytingar á orlofsskuldbindingum er áætlað 434 m.kr.


Kosningar. Búið er að gera ráð fyrir fjármagni vegna sveitarstjórnarkosninga á árinu 2026 að upphæð 10 m.kr.

Ýmis kostnaður er áætlaður 8.734 m.kr. Þar af eru 2.735 m.kr. vegna innri leigu áhalda og tækja sem annars vegar er hluti af leigu Ráðhúss og hins vegar innri leiga hugbúnaðar.

Gert er ráð fyrir 3.754 m.kr. vegna ófyrirséðra verkefna og verkefna sem ekki eru hafin eða kostnaðarmat liggur ekki endanlega fyrir um. Þar má t.d. nefna opnun nýrra leikskóla og uppbyggingar á búsetuúrræðum. Jafnframt er gert ráð fyrir óúthlutuðu rekstrarsvigrúmi að fjárhæð 2.000 m.kr. til að mæta forsendubresti og frávikum í helstu tekju- og gjaldaliðum sem næmir eru fyrir breytingum í ytra umhverfi.

Loks er gert ráð fyrir 245 m.kr. vegna ýmissa annarra liða s.s. vegna Umdæmisráðs barnaverndar, trygginga og reksturs Höfða. Nánari sundurliðun er að finna í frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2027.

Breyting lífeyrisskuldbindinga. Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla vegna breytingar á lífeyrisskuldbindingum nemi 4.000 m.kr. árið 2027. Að auki eru gjaldfærðar 385 m.kr. af fyrirfram greiddu uppgjöri við Brú lífeyrissjóð. Vísað er í umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar í greinargerð fjármálasviðs um frumvarp að fjárhagsáætlun.




B-HLUTA FYRIRTÆKI


Mein Schiff
EIMSKIP
ICS

FAXAFLÓAHAFNIR SF.

SKIPURIT



LEIÐARLJÓS

Faxaflóahafnir sf. verði leiðandi fyrirtæki í hafnarþjónustu, þróun hafnarinnviða og lands og þróist áfram sem öflug alþjóðleg viðskipta- og þjónustumiðstöð. Faxaflóahafnir nýti náttúru- og staðarkosti, eignir fyrirtækisins og þekkingu starfsmanna í þágu atvinnulífs og viðskipta verði leiðandi og til fyrirmyndar í öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum og að vinna að stöðugum umbótum í því skyni að auka öryggis, heilbrigðis- og umhverfisvitund starfsmanna, viðskiptavina og þjónustuaðila sinna og þannig lágmarka áhættu starfseminnar.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2027-2031

Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	2026Á	2026Ú	2027Á	2028Á	2029Á	2030Á	2031Á
Sala á vörum og þjónustu	6.779	6.948	7.176	7.463	7.747	8.018	8.291
Rekstrargjöld	-4.943	-5.189	-5.301	-5.513	-5.723	-5.923	-6.124
EBITDA	**1.836**	**1.759**	**1.875**	**1.950**	**2.024**	**2.095**	**2.166**
Afskriftir	-1.167	-1.095	-1.152	-1.198	-1.244	-1.288	-1.331
EBIT	**669**	**663**	**723**	**752**	**780**	**808**	**835**
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	60	62	-36	-102	-203	-255	-251
Óreglulegir liðir (Sala eigna)		43			600		
Rekstrarniðurstaða	**729**	**768**	**687**	**650**	**1.177**	**552**	**584**

Líðandi ár hefur skilað nokkurri aukningu tekna, aðallega eignatekna vegna Vör farþega-miðstöðvar og einnig voru gerðir nýir samningar um gámavelli fyrir stóriðju á Grundartanga. Samdráttur hefur verið að öllum þjónustuliðum sem snýr að farþegaskipum vegna óvissu um framtíðarskattlagningu.

Rekstrargjöld hækka nokkuð og er rekstrarkostnaður vegna Vör helsta ástæða en ekki var gert ráð fyrir honum í áætlun 2026. Útkomuspá ársins gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði 1.759 m.kr. í stað 1.863 m.kr. í samþykktri áætlun. Þessi útkomuspá er lögð til grundvallar áætlunargerð næsta árs með breytingum sem taldar eru upp hér á næstu síðum.

Helstu óvissuþættir sem ekki er tekið tillit til en vert er að nefna:

- Áhrif skattabreytinga á skemmtiferðaskip
- Óvissa um kvótaveitingar hjá fiskveiðiskipum

STARFSFÓLK

Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	2026Ú	2027Á
Fjöldi starfsmanna	86	86
Fjöldi stöðugilda	85,6	85,6
Stöðugildi eftir þjónustuþáttum		
Stjórnendur	7	7
Hafnarþjónusta	40	41
Innviðasvið	17	16
Hliðgæsla	5	5
Framkvæmdasvið	5	5
Skrifstofa	12	12

Á árinu 2026 var aukning um fjögur stöðugildi hjá félaginu. Ekki er gert ráð fyrir aukningu stöðugilda á árinu 2027. Inni í þessum stöðugildatölum eru ekki tölur starfsfólks sem vann við öryggisgæslu yfir sumarmánuðina í farþegamiðstöðinni Vör.

Áhersla hefur verið lögð á símenntun starfsfólks í liðum sem snúa að öryggismálum auk þess að styrkja það í færni á nýjum kerfum og nýrri tækni.

Helstu forsendur launaútreikninga:

- Meginbreyta forsenda útreikninga snúa að 3,5% launahækkun sem tekur gildi 1. maí 2027. Sú hækkun er ofan á grunnlaunaflokka í launtöflu félagsins en stærsti hluti launa greiðist eftir launatöflu sem stighækkar eftir starfsaldri og því er gert ráð fyrir að hækkun á launakostnaði milli ára verði 5,4%.

Aðrar breytur sem gætu haft áhrif á launakostnað:

- Slæmt veður eða óvænt fjölgun á skipakomum farþegaskipa svo og komur stærri herskipa gætu kallað á aukna yfirvinnu og vaktaálag.


SKIPTING REKSTRAR 2027

Í áætlun 2027 er gengið út frá útkomuspá 2026 og stuðst við forsendur Reykjavíkurborgar um verðlagsþróun.

Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	2026Á	2026Ú	2027Á	2028Á	2029Á	2030Á	2031Á
Vörugjöld	1.797	1.857	2.002	2.082	2.161	2.237	2.313
Aflagjöld	258	316	241	251	260	269	279
Skipagjöld	1.028	913	935	932	968	1.001	1.036
Farþegagjald	139	143	146	152	158	163	169
Eignatekjur	1.462	1.607	1.651	1.717	1.782	1.844	1.907
Hafnarþjónusta	1.152	1.386	1.453	1.511	1.569	1.624	1.679
Skimun	185	243	246	256	265	275	284
Siglingavernd	500	479	499	518	538	557	576
Aðrar tekjur	0	4	4	4	4	5	5
Tekjur samtals	**6.521**	**6.948**	**7.176**	**7.423**	**7.705**	**7.975**	**8.246**

Almenn breyting á gjaldskrá er 5,2% skv. forsendum Reykjavíkurborgar en gjaldaliðir hafnarþjónustu munu hækka um 7% og taka mið af launavísitölu. Helstu breytur tekna á komandi ári:


- Vörugjöld - Vöruflutningar, áföll stóriðju á Grundartanga eru að ganga til baka og gert er ráð fyrir að flutt magn um höfnina fari í fyrra horf. Að öðru leyti er gengið út frá að vöruflutningar um höfnina haldist svipaðir milli ára almennt.
- Aflagjöld – Gert er ráð fyrir afla í meðalári og að verðþróun haldist svipuð og síðustu ár.
- Skipagjöld - Færri skipakomur farþegaskipa fyrirséðar á næstu árum.
- Eignatekjur – Gert er ráð fyrir hækkun vegna leigu á farþegamiðstöðinni Vör en aðrar forsendur eru þær sömu – lóðarleiga sbr. fasteignamat og húsaleiga sbr. BVT.
- Hafnarþjónusta - Lægri tekjur verði af dráttarbátum og þjónustu hafnarþjónustu almennt vegna færri koma farþegaskipa.
- Siglingavernd - Reiknuð stærð af vöruflutningum og farþegafjölda og breytist í takt við þær.




Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	2026Á	2026Ú	2027Á	2028Á	2029Á	2030Á	2031Á
Laun og tengd gjöld	2.189	2.471	2.505	2.605	2.704	2.799	2.894
Rekstrarkostnaður	2.322	2.259	2.340	2.434	2.526	2.615	2.704
Stjórnun	413	459	456	474	492	509	527
Gjöld samtals	**4.646**	**5.189**	**5.301**	**5.513**	**5.723**	**5.923**	**6.124**

Helstu breytur gjalda á komandi ári

- Ný farþegamiðstöð var tekin í notkun á árinu 2026 og var tekin ákvörðun um að ráða inn sumarfólk til að sjá um öryggisgæslu í stað þess að úthýsa þjónustunni.
- Eingreiðslur / yfirvinna vegna óvissu með farþegamiðstöð
- Laun hækka 1. maí 2027 um 3,5% en sú hækkun er ofan á grunnlaunaflokka í launatöflu félagsins en stærsti hluti launa greiðist eftir launatöflu sem stighækkar eftir starfsaldri og því er gert ráð fyrir 5,4% hækkun milli tímabila.
- Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður sé svipaður milli tímabila.
- Haldin var ráðstefna í nýrri farþegamiðstöð auk nafnasamkeppni og því er ekki gert ráð fyrir mikilli breytingu í stjórnunarkostnaði.



HLUTVERK



Meginhlutverk Faxaflóahafna sf. er að vera drifkraftur viðskipta- og atvinnulífs á Faxaflóa-svæðinu, að skapa virði í samfélaginu með þróun hafnarinnviða og hafnarsvæða og að veita skilvirka þjónustu við skip.

Framtíðarsýn Faxaflóahafna er að vera meðal fremstu hafna í Norður-Atlantshafi og með áherslu á uppbyggingu hafnarinnviða styrkja Faxaflóahafnir samkeppnisstöðu Íslands. Faxaflóahafnir eru grænar, öruggar og skilvirkar hafnir með sjálfbærni að leiðarljósi. Skipulagning svæða er með grænum áherslum fyrir fjölbreytt samfélag og nýsköpun í hafnsækinni starfsemi. Stefnuáherslur félagsins styðja við hlutverk og framtíðarsýn.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjárhagsáætlun ársins 2027, ásamt tilheyrandi langtímaáætlun, er leiðarljós fyrirtækisins í þróun og verkefnum. Stærri verkefni á vegum Faxaflóahafna sf. munu standa yfir um nokkurn tíma og miða að því að bæta aðstöðu samhliða endurnýjun mannvirkja, sem ætlað er að sinna þjónustu við skip og fyrirtæki til lengri tíma. Þættir sem hafa áhrif á þessar áætlanir eru m.a. nýjar þarfir, breyttar aðstæður, opinbert regluverk, þróun veruflutninga, stærð og fjöldi skipa, auk breytinga á starfsemi fyrirtækja á landi Faxaflóahafna. Umhverfismál og sjálfbærni hafa sífellt meira vægi í okkar samfélagi. Faxaflóahafnir sf. vilja vera leiðandi í þessum málaflokkum og munu rekstur og framkvæmdir félagsins bera þess merki. Sérgreind viðhaldsverkefni undir rekstri ráðast af forgangsröðun á hverju ári, en þau nema um 5-10% af rekstrartekjum fyrirtækisins. Framkvæmdir áranna 2027 – 2031 byggja á þeirri fjárfestingaáætlun sem liggur fyrir.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Rekstur Faxaflóahafna sf. felst í rekstri hafnarþjónustu, hafnarvirkja, lands og lóða auk húseigna.

Faxaflóahafnir munu áfram kappkosta að veita örugga og skilvirka hafnarþjónustu. Auk þess þróar fyrirtækið land og lóðir og viðheldur hafnarvirkjum og öðrum eignum.

Aukin áhersla er á umhverfisþætti og loftslagsmál þar sem áfram verður unnið að því að koma upp búnaði til landtengingar flutningaskipa og farþegaskipa í höfnum Faxaflóahafna. Mikil áhersla á öryggismál er og verður í allri starfsemi fyrirtækisins og stöðugt verið að vinna í málaflokknum. Einnig er aukin áhersla lögð á upplýsingatækni og snjalllausnir til að tryggja skilvirkni, jafnt í rekstri sem í þjónustuþáttum fyrirtækisins og verður sýnileg á næstu árum.

Fram undan eru mikilvæg fjárfestinga- og viðhaldsverkefni sem munu skapa verðmæti og jákvæð samfélagsáhrif fyrir fyrirtækið og eigendur þess. Fjárhagsáætlun 2027 og fjárfestingar-áætlun 2027 – 2031 bera merki viðspyrnu og framsækni til hagsbóta fyrir alla hagaðila Faxaflóahafna.

FRAMLÖG (Á við um byggðasamlög)

Engin framlög voru til rekstrar eða fjárfestinga.

FJÁRFESTINGAR

Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	2026Á	2026Ú	2027Á	2028Á	2029Á	2030Á	2031Á
Akranes, Aðalhafnargarður	20	140					
Akranes, lagfæring á grjótgarði	10	2	20	200			
Farþegaaðstaða Skarfabakka	900	950					
Tangabakki 1. áfangi. Hækkun bakka	100	4					100
Tangabakki 4. áfangi, lengdur til suðvesturs			50	50	50	900	900
Dýpkun Viðeyjarsunds	800	10	200	600			
Endurnýjun lýsingar, LED væðing	85	82	105	25			
Endurnýjun trébryggju Korngarði	150	150	80	0			
Flotbryggja og aðstaða hafnsögubáta	100	0	200	400			
Kaup á Álfsnesi (bryggja og land)	0	0	0	0	500	500	0
Landfylling við Norðurgarð			0	0	0	10	500
Landtengingar Skarfabakka, þróun	350	20	350	400	1.200	0	0
Ægisgarður / Ægisgata aðkoma	70	10	200	0	0	0	0
Nýjar kerbrota- og flæðigryfjur á vestursvæði	20	0		0	0	0	0
Nýr dráttarbátur	300	0	700	0	0	0	0
Nýtt hafnarhús	100	15	300	300	1.200	1.000	0
Sjóvarnir Örfirisey	100	70	100	100	0	0	0
Sundabakki, 2. áfangi	100	15	100	700	1.000	800	0
Vatnagarðar, þróun	10	3	5	10	10	100	700
Önnur verkefni	685	394	1.140	430	710	1.120	1.520
Samtals fjárfesting	3.750	1.865	3.470	3.215	4.670	4.430	3.720
70% af áætlaðri fjárfestingu	2.625	1.833	2.429	2.251	3.269	3.101	2.604

Fjárfestingaáætlun Faxaflóahafna var samþykkt á stjórnarfundi 18. september 2026.

- Fjárfestingar taka hér þó aðeins mið af því að 70% verkefna náist á hverju ári. Þetta er gert til að stilla af arðgreiðslur og fyrirbyggja uppsöfnun sjóðs umfram þarfir. Sjá nánar í yfirferð um efnahag og sjóðsstreymi.

Útkomuspá 2026 gerir ráð fyrir að fjárfestingar ársins verði 1.833 m.kr. í stað 2.625 m.kr. skv. áætlun. Helstu fjárfestingar ársins eru:

- Bygging nýrrar farþegamiðstöðvar á Skarfabakka (lokið)
- Lenging Aðalhafnargarðs á Akranesi (lokið)
- Endurnýjun trébryggju á Korngarði (lýkur 2027)
- Endurnýjun lýsingar – LED væðing hafnarinnar.

Frávik frá áætlun má aðallega rekja til þess að leyfisveitingar fyrir dýpkun í Viðeyjarsundi náðust ekki og framkvæma þarf umhverfismat að nýju. Ekki var ráðist í innkaup á nýjum bát eins og til stóð. Auk þess hefur þróun landtenginga á Skarfabakka gengið hægar en áætlun gerði ráð fyrir.

Gamla höfnin

Á árinu 2027 er gert ráð fyrir framkvæmdum við aðkomu að Ægisgarði. Þar verður komið upp torgsvæði og sleppisvæði fyrir minni rútur, auk þess sem settir verða djúpgámar fyrir svæðið. Einnig er áætlað að halda áfram með lagfæringar og hækkun á sjóvarnargarði í Örfirisey.

Sundahöfn

Vonast til að leyfi fáist fyrir fyrirhuguðum dýpkunum í Sundahöfn þannig að hægt verði að hefja þær framkvæmdir haustið 2028. Þá verður hönnun á 2. áfanga Sundabakka sett af stað ásamt undirbúningi verksins.

Áfram verður unnið að þróun Vatnagarða og undirbúningi landtenginga við Skarfabakka af krafti. Farið verður í útboð á hönnun á nýju Hafnarhúsi auk undirbúnings á nýrri flotbryggju fyrir hafnsögubáta við Skarfavör.

Grundartangi

Á árinu 2027 verður komið fyrir hraðhleðslustöð ásamt endurnýjun lýsingar. Gert er ráð fyrir kaupum á vatnsréttindum á árinu og svo undirbúningsvinna í framhaldi.

Akranes

Á árinu 2027 er áformað að endurnýja lýsingar ásamt lagfæringum á grjótgarði við Aðalhafnargarð.

Annað

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2027 er gert ráð fyrir undirbúningi á kaupum á nýjum dráttarbát til að auka öryggi við móttöku skipa. Þá verður áfram haldið með endurnýjun lýsingar á svæðum Faxaflóahafna með það að markmiði að draga úr orkunotkun og ljósmengun.

EFNAHAGUR

Efnahagsreikningur [m.kr.]	2025	2026Á	2026ú	2027Á	2028Á	2029Á	2030Á	2031Á
Eignir								
Fastafjármunir								
Fjárfestingar			1.865	2.429	2.251	3.269	3.101	2.604
Sala eigna								
Afskriftir			(1.095)	(1.152)	(1.198)	(1.244)	(1.288)	(1.331)
Eignir samtals	17.773	17.773	17.773	18.542	19.819	20.871	22.896	24.709
Fastafjármunir samtals	**17.773**	**17.773**	**18.542**	**19.819**	**20.871**	**22.896**	**24.709**	**25.982**
Áhættufjármunir og langtímakröfur:								
Eignahlutir í félögum	65	69	65	65	65	65	65	65
Langtímakröfur								
Eignir samtals	**17.838**	**17.842**	**18.608**	**19.884**	**20.936**	**22.961**	**24.775**	**26.047**
Veltufjármunir								
Skammtímakröfur:								
Óinnheimtar tekjur	257	349	257	257	257	257	257	257
Aðrar skammtímakröfur					0	0	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna	0	0	0	0	0	0	0	0
Handbært fé	2.833	1.193	1.193	1.293	2.057	1.881	1.810	800
Veltufjármunir samtals	**3.090**	**1.542**	**1.450**	**1.550**	**2.314**	**2.138**	**2.067**	**1.057**
Eignir samtals	**20.928**	**19.690**	**20.058**	**21.434**	**23.250**	**25.100**	**26.841**	**27.104**
Skuldir og eigið fé								
Eigið fé								
Hagnaður tímabils	1.594	729	768	687	650	1.177	552	584
Greiddur arður	(1.169)	(595)	(1.639)	(186)	(167)	(130)	(164)	(217)
Óráðstafað eigið fé	19.691	20.116	20.116	19.245	19.746	20.229	21.276	21.664
Eigið fé samtals	20.116	20.250	**19.245**	**19.746**	**20.229**	**21.276**	**21.664**	**22.031**
Langtímaskuldir								
Skuldir við lánastofnanir		0	0		875	2.209	3.011	4.365
Yfirdráttur		0	0	0				53
Ný lán		0	0	900	1.400	900	1.500	0
Næsta árs afb. Langtímaskulda		0	0	(25)	(66)	(98)	(146)	(158)
Samtals langtímaskuldir	**0**	**0**	**0**	**875**	**2.209**	**3.011**	**4.365**	**4.260**
Skammtímaskuldir								
Viðskiptaskuldir	812	812	812	812	812	812	812	812
Næsta árs afb. Langtímaskulda				0				
Aðrar skammtímaskuldir								
Skuldir samtals	**812**	**812**	**812**	**1.688**	**3.021**	**3.823**	**5.177**	**5.073**
Skuldir og eigið fé samtals samtals	**20.928**	**19.689**	**20.058**	**21.434**	**23.250**	**25.100**	**26.841**	**27.104**

Félagið er með sterkan efnahag en töluverðar fjárfestingar eru fram undan á næstu árum og því er gert ráð fyrir að á árinu 2027 þurfi að ráðast í lántökur. Fjárfestingaáætlun næstu ára er fjárfrek en í forsendum efnahags er gert ráð fyrir að 70% af henni raungerist.

Greiddur arður til eigenda tekur mið af forsendum arðgreiðslustefnu félagsins samþykkta af stjórn.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Sjóðstreymi [m.kr.]	2025	2026Á	2026Ú	2027Á	2028Á	2029Á	2030Á	2031Á
Handbært fé frá rekstri								
Hagnaður (tap) tímabils leiðréttur fyrir vöxtum á yfirdrátt	1.594	895	768	687	650	1.177	552	584
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:								
Afskriftir	1.037	1.167	1.095	1.152	1.198	1.244	1.288	1.331
Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga			0	0	0	0	0	0
Verðbætur og gengism langtímask./krafna	0							
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	(8)		(43)	0	0	(600)	0	0
Veltufé frá rekstri	**2.623**	**2.062**	**1.821**	**1.839**	**1.849**	**1.821**	**1.840**	**1.916**
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:								
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)	158	0	0	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)	138	0	0	0	0	0	0	41
Handbært fé frá rekstri	**2.919**	**2.062**	**1.821**	**1.839**	**1.849**	**1.821**	**1.840**	**1.957**
Fjárfestingarhreyfingar								
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(3.767)	(2.625)	(1.865)	(2.429)	(2.251)	(3.269)	(3.101)	(2.604)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	10	0	43	0	0	600	0	0
Lóðasala (lóðaúthlutun)	7							
Veitt skuldabréfalán	0	0	0	0	0	0	0	0
Afborganir langtímakrafna	12	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	**(3.738)**	**(2.625)**	**(1.822)**	**(2.429)**	**(2.251)**	**(2.669)**	**(3.101)**	**(2.604)**
Fjármögnunarhreyfingar								
Greiddar afborganir langtímaskulda	0	0	0	(25)	(66)	(98)	(146)	(158)
Arður til eigenda	(1.169)	(595)	(1.639)	(186)	(167)	(130)	(164)	(217)
Ný langtímalán	0	0	0	900	1.400	900	1.500	0
Samtals	**(1.169)**	**(595)**	**(1.639)**	**689**	**1.166**	**672**	**1.189**	**(375)**
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	**(1.988)**	**(1.159)**	(1.640)	100	**765**	**(176)**	**(72)**	**(1.022)**
Handbært fé í byrjun tímabils	4.821	2.323	2.833	1.193	1.293	2.057	1.881	1.810
Handbært fé í lok tímabils	**2.833**	**1.164**	**1.193**	**1.293**	**2.057**	**1.881**	**1.810**	**788**

Skuldakennitölur (m.kr.)	Viðmið	2025	2026Ú	2027Á	2028Á	2029Á	2030Á	2031Á
Eiginfjárhlutfall (%)	>= 70%	96,1%	96,0%	92,1%	87,0%	84,8%	80,7%	81,3%
Nettó skuldir/EBITDA	<= 2	0,00	0,00	0,00	0,08	0,56	1,22	1,58
EBITDA/Vaxtagjöld	>= 4,5	729,47	351,78	46,03	18,31	9,71	8,05	8,47

Gert er ráð fyrir að félagið skili áfram hagnaði en á næstu árum eru miklar fjárfestingar fram undan og þrátt fyrir góða afkomu er horft til þess að fjármagna þurfi ný verkefni með lántöku. Vaxtakostnaður hefur því nokkur áhrif á hagnað á seinni hluta áætlunartímabils.

Fjárfestingar í framsettri áætlun miðast við 70% af fjárhagsáætlun á hverju ári. Þetta er gert til að draga úr áhrifum mögulegra seinkana framkvæmda á arðgreiðslu ásamt áhrifa á lánaviðmið.

- Gangi verkefni hraðar en áætlað er, munu stjórnendur leggja fyrir stjórn beiðni um frekari fjárveitingar.

Miðað við ofangreint er gert ráð fyrir lántöku árið 2027 upp á 900 m.kr. Arðgreiðslur taka mið af arðgreiðslustefnu og gera ráð fyrir 186 m.kr. arði á árinu 2027.

- Í arðgreiðslustefnu Faxaflóahafna er miðað við að eiginfjárhlutfall fari ekki undir 70% í lok áætlunartímabils samhliða því að nettó skuldir á móti EBITDA sé undir 2 og EBITDA á móti vaxtagjöldum sé yfir 4,5.
- Arðgreiðslur eru stilltar jafnt í takt við ofangreint svo viðmið haldist á áætlunartímabili.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2025	2026 YTD	Útkomuspá 2026	Áætlun 2027
Þjónustuþáttur				
Fjöldi skipa >100 BRT	1.398	780	1.328	1.328
Brúttótonn skipa í þús.tonna	20	11	17	19
Heildarflutningar í þús. Tonna	3.148.643	452.587	2.912.706	1.496.941
Innflutningur - annað en stóriðja í tonnum	1.667.192	789,956	1.633.848	774
Innflutningur - stóriðja	699.349	296,710	559.479	706.342
Útflutningur - annað en stóriðja í tonnum	493.140	308.946	488.209	497.973
Útflutningur - stóriðja	288.962	142.554	231.170	291.852
Landaður afli verðmæti	247.584.096	257.855.536	316.337.556	241.200.000
Skemmtiferðaskip - fjöldi	241	117	217	213
Fjöldi farþega	347.120	177.149	173.606	182.286
Fjöldi starfsmanna	82	86	86	86
Eignaland	885	885	885	885
Lóðir skv. skipulagi	326	326	326	326
Lengdir hafnarbakka	8.273	8.393	8.393	8.393


Árland 10



Rökkvatjörn 3

FÉLAGSBÚSTAÐIR

LEIÐARLJÓS

Félagsbústaðir tryggja framboð af félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík; öruggu og vistlegu húsnæði og veita leigjendum góða þjónustu. Í heiðri eru höfð gildi um samvinnu, virðingu og þjónustu.

SKIPURIT




FJÁRHAGSÁÆTLUN 2027-2031

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2025	Útkomuspá/ Áætlun 2026	Áætlun 2027	Fimm ára áætlun 2028	2029	20230	2031
Rekstrartekjur	7.437.424.160	7.984.551.765	8.517.676.359	9.069.840.203	9.553.281.522	10.039.052.949	10.485.043.584
Tekjur samtals	**7.437.424.160**	**7.984.551.765**	**8.517.676.359**	**9.069.840.203**	**9.553.281.522**	**10.039.052.949**	**10.485.043.584**
Laun og launatengd gjöld	509.448.834	528.642.390	590.108.960	623.852.841	654.489.359	685.951.878	717.545.690
Annar kostnaður	3.746.266.441	3.939.505.904	4.253.568.253	4.554.387.870	4.794.530.577	5.032.034.953	5.258.707.415
Afskriftir	16.444.402	16.829.965	18.288.012	18.288.012	15.288.012	14.688.012	14.688.012
Gjöld samtals	**4.272.159.677**	**4.484.978.259**	**4.861.965.225**	**5.196.528.723**	**5.464.307.948**	**5.732.674.843**	**5.990.941.117**
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	**3.165.264.483**	**3.499.573.506**	**3.655.711.134**	**3.873.311.480**	**4.088.973.574**	**4.306.378.106**	**4.494.102.467**
Fjármagnsliðir	-3.749.444.559	-5.357.658.157	-4.678.972.871	-4.529.245.576	-4.471.097.789	-4.516.019.720	-4.505.765.791
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	**-584.180.076**	**-1.858.084.651**	**-1.023.261.737**	**-655.934.096**	**-382.124.215**	**-209.641.614**	**-11.663.324**
Tekjuskattur		0	0	0	0	0	0
Matsbreytingar	8.245.885.388	310.386.721	5.705.832.957	6.825.470.809	7.203.762.414	6.662.181.871	5.957.042.116
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga	0	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	0	0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða	**7.661.705.312**	**-1.547.697.930**	**4.682.571.220**	**6.169.536.713**	**6.821.638.199**	**6.452.540.257**	**5.945.378.792**

STARFSFÓLK

	Raun 2025	Útkomuspá/ Áætlun 2026	Áætlun 2027
Fjöldi starfsmanna	38	28	30
Fjöldi stöðugilda	28,4	27,6	29,7
Stöðugildi eftir þjónustuþáttum:			
Eigna- og viðhaldssvið	9,9	10,6	11
Fjármálasvið	6,3	4,6	6
Skrifstofa framkvæmdastjóra	2,8	3,1	3
Þjónustusvið	9,4	9,3	9,7

SKIPTING REKSTRAR 2027



HLUTVERK

Hlutverk Félagsbústaða er að vera öflugt þjónustufyrirtæki á húsnæðismarkaði í Reykjavík með sérhæfingu á uppbyggingu, rekstri og útleigu félagslegra leiguíbúða. Í hlutverkinu felst að framfylgja áherslum eigandans, Reykjavíkurborgar, að tryggja húsnæðisöryggi, velsæld og fjölbreytileika í hverfum borgarinnar með því að eiga, reka og leigja út íbúðir til einstaklinga og fjölskyldna sem úthlutað hefur verið félagslegu leiguhúsnæði af velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Eftirfarandi er frumvarp að fjárhagsáætlun Félagsbústaða hf. fyrir tímabilið 2027-2031 og útkomuspá fyrir árið 2026. Áætlunin er unnin samkvæmt gangvirðisuppgjöri sem felur í sér að fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar heldur endurmetnar í samræmi við fasteignamat. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að umhverfi þróist í takti við vísitölur eins og skilgreint hefur verið af fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar á tímabilinu 2027 til 2031 auk þess sem hún gerir ráð fyrir að vísitala íbúðaverðs í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu hækki um 3,5% árið 2027 og að sambærilegur taktur haldi áfram út áætlunartímabilið. Þá er líkt og fram kemur í samþykktum um Félagsbústaði gert ráð fyrir að reksturinn sé sjálfbær, skili jákvæðri breytingu á handbæru fé öll ár áætlunar, m.ö.o. að veltufé frá rekstri nægi fyrir afborgunum langtímalána ár hvert.

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að nær eingöngu verði keyptar íbúðir í gegnum kaupréttarsamninga á tímabilinu. Gert er ráð fyrir að fjölgun í eignasafni Félagsbústaða verði um 54 íbúðir árið 2026 og 60 íbúðir á árinu 2027 en fjölgunin er að jafnaði um 44 á ári allt tímabilið.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við Stekkjarbakka 5 hefjist á árinu 2027 og að áfram verði unnið að hönnun íbúðakjarna við Leirtjörn í Úlfarsárdal. Á áætlunartímabilinu er gert ráð fyrir að ráðist verði í byggingu annars stakstæðs íbúðakjarna fyrir fatlað fólk en þó með fyrirvara um að fjármögnun rekstrar starfseminnar verði tryggð.

Leitast verður við að fylgja stefnu borgarinnar um jafna dreifingu félagslegs leiguhúsnæðis milli hverfa borgarinnar eftir því sem kostur er. Fjölgun íbúða verður þó mest í nýbyggingum, þar sem Félagsbústaðir kaupa alla jafna 5% íbúða í samræmi við úthlutunarskilmála Reykjavíkurborgar.

Á árinu 2027 verður áfram unnið að skipulögðu viðhaldi á ytra byrði og lögnum fjölbýlishúsa í eigu félagsins. Stefnt er að því að hefja endurnýjun á skólpstömmum á Kleppsvegi 66-76 og að koma fyrir djúpgámum við Austurbrún 6, Bríetartún 2-36 og Írabakka 2-16. Jafnframt verður haldið áfram endurbótum á ytra byrði húsanna við Hraunbæ 107A-E og endurnýjun á fráveitu- og neysluvatnslögnum við Yrsufell 5 til 15. Einnig verður unnið að viðhaldi íbúða í búsetu og standsetningum á íbúðum milli leigjendaskipta.

Líkt og áður verður rík áhersla lögð á að veita leigjendum góða, faglega og tímasetta þjónustu. Ásamt því að auka aðkomu og þátttöku leigjenda í húsfélögum, efla tengsl við íbúa í fjölbýlishúsum Félagsbústaða og taka markvisst á erfiðum nábýlismálum. Þessar áherslur styðja við meginmarkmið félagsins um vandaða þjónustu, aukin lífsgæði leigjenda og ábyrgan rekstur.

	Útkomuspá/			Fimm ára áætlun			
Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	2028	2029	2030	2031
Leigutekjur	6.869.252	7.397.779	7.895.294	8.408.184	8.859.459	9.310.676	9.724.931
Aðrar tekjur	568.172	586.773	622.382	661.656	693.823	728.377	760.113
Rekstrartekjur samtals	**7.437.424**	**7.984.552**	**8.517.676**	**9.069.840**	**9.553.282**	**10.039.053**	**10.485.044**
Rekstur fasteigna	758.200	830.757	909.023	965.872	1.015.936	1.065.979	1.111.964
Viðhald og framkvæmdir	1.848.718	1.907.287	2.078.313	2.262.498	2.383.094	2.504.271	2.615.524
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	890.383	938.427	982.038	1.031.099	1.087.392	1.142.274	1.200.314
Rekstur og viðhald eignasafns samtals	**3.497.301**	**3.676.472**	**3.969.374**	**4.259.469**	**4.486.422**	**4.712.524**	**4.927.803**
Laun og launatengd gjöld	509.449	528.642	590.109	623.853	654.489	685.952	717.546
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	185.532	206.227	224.194	232.419	243.109	252.011	260.905
Framlag í afskriftareikning viðskiptakrafna	63.433	56.807	60.000	62.500	65.000	67.500	70.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður samtals	**758.414**	**791.677**	**874.303**	**918.772**	**962.598**	**1.005.463**	**1.048.451**
Rekstrargjöld samtals	**4.255.715**	**4.468.148**	**4.843.677**	**5.178.241**	**5.449.020**	**5.717.987**	**5.976.253**
Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu og afskrift eigna	**3.181.709**	**3.516.403**	**3.673.999**	**3.891.599**	**4.104.262**	**4.321.066**	**4.508.790**
Matsbreyting fjárfestingareigna	8.245.885	310.387	5.705.833	6.825.471	7.203.762	6.662.182	5.957.042
Afskrift eigna til eigin nota	-16.444	-16.830	-18.288	-18.288	-15.288	-14.688	-14.688
Rekstrarhagnaður	**11.411.150**	**3.809.960**	**9.361.544**	**10.698.782**	**11.292.736**	**10.968.560**	**10.451.145**
Fjármunatekjur	72.927	19.971	22.615	19.613	20.414	21.318	22.104
Vaxtagjöld	-1.482.835	-1.570.723	-1.697.667	-1.748.169	-1.847.019	-1.917.886	-1.980.892
Verðbótagjöld	-2.339.537	-3.806.906	-3.003.921	-2.800.689	-2.644.492	-2.619.452	-2.546.978
Hrein fjármagnsgjöld	**-3.749.445**	**-5.357.658**	**-4.678.973**	**-4.529.246**	**-4.471.098**	**-4.516.020**	**-4.505.766**
Rekstrarniðurstaða	**7.661.705**	**-1.547.698**	**4.682.571**	**6.169.537**	**6.821.638**	**6.452.540**	**5.945.379**
Rekstrarniðurstaða fyrir verðbætur og matsbreytingu	**1.755.356**	**1.948.822**	**1.980.660**	**2.144.755**	**2.262.368**	**2.409.810**	**2.535.314**
Rekstrarniðurstaða fyrir matsbreytingu	**-584.180**	**-1.858.085**	**-1.023.262**	**-655.934**	**-382.124**	**-209.642**	**-11.663**

Tekjur og gjöld

Rekstrartekjur ársins 2027 eru áætlaðar 8.518 m.kr., sem er 6,7% aukning miðað við útkomuspá ársins 2026, þar sem gert er ráð fyrir 7.985 m.kr. tekjum. Leigutekjur aukast um 6,7% milli ára, þar af um 4,0% vegna verðlagsbreytinga og um 2,7% vegna magnaukningar sem rekja má til stækkunar eignasafnsins. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur aukist að meðaltali um 5,3% á ári á síðari árum áætlunartímabilsins.

Rekstrargjöld ársins 2027 eru áætluð 4.844 m.kr. og aukast um 8,4% miðað við útkomuspá ársins 2026. Rekstrargjöld skiptast annars vegar í rekstur og viðhald eignasafnsins og hins vegar í skrifstofu- og stjórnunarkostnað. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist að meðaltali um 5,4% á ári á síðari árum áætlunartímabilsins.

Rekstur og viðhald eignasafnsins skiptist í þrjá meginflokka: rekstur fasteigna, viðhald og framkvæmdir og lögbundin opinber gjöld.

Rekstur fasteigna felur meðal annars í sér húsfélagsgjöld vegna stakra íbúða, rafmagn og hita, lóðaumhirðu, rekstur öryggis- og eftirlitskerfa og annan tilfallandi rekstrarkostnað vegna leigueininga.

Viðhald og framkvæmdir fela meðal annars í sér framkvæmdakostnað húsfélaga þar sem félagið á stakar íbúðir, verktakakostnað vegna efnis, vinnu, aksturs og tækja, auk annars tilfallandi kostnaðar við framkvæmdir, svo sem leyfisgjalda og hönnunarkostnaðar. Nánar er fjallað um þennan lið í kaflanum *Viðhald og nýframkvæmdir*.

Lögbundin opinber gjöld eru einkum fasteignagjöld, vatns- og fráveitugjöld og brunatryggingar fasteigna.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkar um 83 m.kr. frá útkomuspá ársins 2026, eða um 10,4%. Hækkunin skýrist að mestu af 61 m.kr. hækkun launa og launatengdra gjalda og 18 m.kr. hækkun annars skrifstofukostnaðar. Á áætlunartímabilinu er gert ráð fyrir að fjöldi

stöðugilda verði á bilinu 29-30. Stærstu útgjaldaliðir annars skrifstofukostnaðar eru sérfræði-þjónusta, upplýsingatæknikostnaður og annar skrifstofu- og starfsmannakostnaður. Afskrifaðar tapaðar kröfur eru áætlaðar 60 m.kr. árið 2027.

Fjármagnskostnaður

Áætlaðar afborganir af langtímalánum nema 1.898 m.kr. á árinu 2027 og áætlaðar vaxtagreiðslur 1.698 m.kr. Greiðslubyrði lána nemur því samtals 3.596 m.kr. Gert er ráð fyrir aukinni lántöku samhliða auknum fjárfestingum á áætlunartímabilinu. Vaxtagjöld aukast á árunum 2028-2031 í takt við aukna lántöku en lækka þó sem hlutfall af rekstrartekjum í 18,9%.

	Útkomuspá/			Fimm ára áætlun			
Þróun undirliða	2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	2028	2029	2030	2031
Leigutekjur	**5,1%**	**7,7%**	**6,7%**	**6,5%**	**5,4%**	**5,1%**	**4,4%**
Aðrar tekjur	**4,8%**	**3,3%**	**6,1%**	**6,3%**	**4,9%**	**5,0%**	**4,4%**
Rekstur og viðhald eignasafns	**3,3%**	**5,1%**	**8,0%**	**7,3%**	**5,3%**	**5,0%**	**4,6%**
Rekstur fasteigna	7,7%	9,6%	9,4%	6,3%	5,2%	4,9%	4,3%
Viðhald og framkvæmdir	-0,1%	3,2%	9,0%	8,9%	5,3%	5,1%	4,4%
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	7,0%	5,4%	4,6%	5,0%	5,5%	5,0%	5,1%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	**5,6%**	**4,4%**	**10,4%**	**5,1%**	**4,8%**	**4,5%**	**4,3%**
Laun og launatengd gjöld	3,2%	3,8%	11,6%	5,7%	4,9%	4,8%	4,6%
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9,1%	11,2%	8,7%	3,7%	4,6%	3,7%	3,5%
Útgjöld í hlutfalli af rekstrartekjum							
Rekstur og viðhald eignasafns	**47,0%**	**46,0%**	**46,6%**	**47,0%**	**47,0%**	**46,9%**	**47,0%**
Rekstur fasteigna	10,2%	10,4%	10,7%	10,6%	10,6%	10,6%	10,6%
Viðhald og framkvæmdir	24,9%	23,9%	24,4%	24,9%	24,9%	24,9%	24,9%
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	12,0%	11,8%	11,5%	11,4%	11,4%	11,4%	11,4%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	**10,2%**	**9,9%**	**10,3%**	**10,1%**	**10,1%**	**10,0%**	**10,0%**
Laun og launatengd gjöld	6,8%	6,6%	6,9%	6,9%	6,9%	6,8%	6,8%
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2,5%	2,6%	2,6%	2,6%	2,5%	2,5%	2,5%
Framlag í afskriftarreikning viðskiptakrafna	0,9%	0,7%	0,7%	0,7%	0,7%	0,7%	0,7%
Vaxtagjöld	**19,9%**	**19,7%**	**19,9%**	**19,3%**	**19,3%**	**19,1%**	**18,9%**
Afborganir langtímalána	**22,4%**	**22,3%**	**22,3%**	**22,3%**	**22,0%**	**22,2%**	**22,6%**

Efnahagur og sjóðsstreymi

Áætlað verðmæti heildareigna félagsins í árslok 2027 er 188.375 m.kr. Þar af eru fjárfestingareignir áætlaðar 187.142 m.kr. Eigið fé er áætlað 98.549 m.kr. og skuldir og skuldbindingar 89.826 m.kr. Eiginfjárhlutfall er því áætlað 52,3% í árslok 2027.

Fjárfestingareignir vaxa áfram í takt við fjárfestingaráætlun og þróun vísitölu íbúðaverðs, auk þess sem skuldir og skuldbindingar félagsins halda áfram að hækka. Gert er ráð fyrir að eiginfjárhlutfall hækki úr 52,3% árið 2027 í 54,8% árið 2031.

	Útkomuspá/			Fimm ára áætlun			
Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	2028	2029	2030	2031
Fjárfestingareignir	174.129.536	177.538.459	187.142.156	197.517.685	207.661.488	217.254.529	226.075.342
Eignir til eigin nota	197.962	187.214	168.926	150.638	135.350	120.662	105.974
Langtímakröfur	55.573	58.757	61.332	63.679	65.925	68.171	70.374
Fastafjármunir samtals	**174.383.072**	**177.784.430**	**187.372.414**	**197.732.002**	**207.862.763**	**217.443.362**	**226.251.690**
Viðskiptakröfur	94.680	95.403	95.403	95.403	95.403	95.403	95.403
Kröfur vegna stofnframlaga	0	241.652	241.652	241.652	241.652	241.652	241.652
Aðrar skammtímakröfur	460.801	284.526	284.526	284.526	284.526	284.526	284.526
Handbært fé	450.797	283.765	381.304	539.235	723.339	911.820	1.101.660
Veltufjármunir samtals	**1.006.278**	**905.346**	**1.002.885**	**1.160.817**	**1.344.921**	**1.533.401**	**1.723.242**
Eignir samtals	**175.389.350**	**178.689.776**	**188.375.299**	**198.892.819**	**209.207.684**	**218.976.763**	**227.974.932**
Eigið fé	**94.088.355**	**93.353.657**	**98.549.228**	**105.231.765**	**112.316.403**	**119.031.943**	**124.977.322**
Skuldbindingar	**12.956.645**	**14.284.422**	**15.968.037**	**17.351.679**	**18.606.944**	**19.831.198**	**20.989.806**
Langtímaskuldir	**65.544.228**	**68.201.763**	**70.885.607**	**73.258.223**	**75.102.549**	**76.794.205**	**78.541.222**
Skammtímaskuldir	**3.238.195**	**2.849.935**	**2.972.427**	**3.051.152**	**3.181.788**	**3.319.417**	**3.466.582**
Skuldir og eigið fé samtals	**175.827.424**	**178.689.776**	**188.375.299**	**198.892.819**	**209.207.684**	**218.976.763**	**227.974.932**

Veltufé frá rekstri er áætlað 1.996 m.kr. árið 2027 og fjárfestingar 3.397 m.kr. Nánar er fjallað um fjárfestingar í kaflanum *Viðhald og nýframkvæmdir*. Fjármögnunarhreyfingar nema samtals 1.498 m.kr. Þar vegur ný lántaka þyngst, en nýjar lántökur, að frádregnum lántökukostnaði, eru áætlaðar 3.570 m.kr. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri aukist á árunum 2028-2031 og standi undir afborgunum langtímalána á hverju ári áætlunartímabilsins.

		Útkomuspá/		Fimm ára áætlun			
Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	2028	2029	2030	2031
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	**7.661.705**	**-1.547.698**	**4.682.571**	**6.169.537**	**6.821.638**	**6.452.540**	**5.945.379**
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir eigna til eigin nota	16.444	16.830	18.288	18.288	15.288	14.688	14.688
Hrein fjármagnsgjöld	3.749.445	5.357.658	4.678.973	4.529.246	4.471.098	4.516.020	4.505.766
Matsbreyting fjárfestingareigna	-8.245.885	-310.387	-5.705.833	-6.825.471	-7.203.762	-6.662.182	-5.957.042
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	-536	0	0	0	0	0	0
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	**3.181.172**	**3.516.403**	**3.673.999**	**3.891.599**	**4.104.262**	**4.321.066**	**4.508.790**
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-364.628	-6.432	0	0	0	0	0
Nettó greidd vaxtagjöld	-1.424.824	-1.577.786	-1.677.627	-1.730.903	-1.828.851	-1.898.814	-1.960.992
Handbært fé frá rekstri	**1.391.720**	**1.932.186**	**1.996.373**	**2.160.696**	**2.275.410**	**2.422.253**	**2.547.799**
Fjárfestingarhreyfingar	**-2.805.127**	**-3.324.249**	**-3.396.513**	**-2.910.299**	**-2.245.489**	**-2.274.815**	**-2.265.007**
Fjármögnunarhreyfingar	**1.818.061**	**1.225.031**	**1.497.680**	**907.535**	**154.182**	**41.043**	**-92.951**
Breyting á handbæru fé	**404.655**	**-167.032**	**97.539**	**157.932**	**184.104**	**188.480**	**189.840**
Handbært fé í upphafi tímabils	**46.142**	**450.797**	**283.765**	**381.304**	**539.235**	**723.339**	**911.820**
Handbært fé í lok tímabils	**450.797**	**283.765**	**381.304**	**539.235**	**723.339**	**911.820**	**1.101.660**
Veltufé frá rekstri	1.756.349	1.938.618	1.996.373	2.160.696	2.275.410	2.422.253	2.547.799
Afborganir langtímalána (hluti af fjármögnunarhreyfingum)	1.662.953	1.781.053	1.898.314	2.020.806	2.099.530	2.230.167	2.367.796

FJÁRHAGSÁÆTLUN OG MEGINMARKMIÐ

Í fjárhagsáætlun Félagsbústaðar fyrir tímabilið 2027 til 2031 eru sett fram 5 meginmarkmið byggð á framtíðarsýn og hlutverki félagsins.

Framtíðarsýn

Félagsbústaðir eru virt, ábyrgt og öflugt fyrirtæki á húsnæðismarkaði sem vex samhliða fjölgun íbúðarhúsnæðis í borginni. Félagið er þekkt fyrir að stuðla að fjölbreytileika og velsæld í borginni, fyrir góða þjónustu, gæði, hagkvæmni og sjálfbæran rekstur. Undir meginmarkmiðum eru sett fram fjölmörg starfsmarkmið og aðgerðir.

Meginmarkmið 1

Tryggja húsnæðisöryggi og lífsgæði með uppbyggingu og þróun eignasafns.

Meginmarkmið 2

Veita vandaða og áreiðanlega þjónustu sem stuðlar að velsæld.

Meginmarkmið 3

Ásýnd og viðhald fasteigna styðji við vellíðan.

Meginmarkmið 4

Umhverfi, þróun og gæði

Meginmarkmið 5

Yfirsýn, gegnsæi og ábyrgur rekstur

FJÁRFESTINGAR

Fjárfestingaáætlun ársins 2027 gerir ráð fyrir fjárfestingum að fjárhæð 3.397 m.kr., þar af er gert ráð fyrir að 1.701 m.kr. verði fjármagnaðar með lánsfé. Heildarlánsfjáráætlun félagsins nemur hins vegar 3.575 m.kr., þar sem einnig gert er ráð fyrir 1.874 m.kr. lántöku vegna endurfjármögnunar. Jafnframt er gert ráð fyrir stofnframlögum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Reykjavíkurborg vegna fjárfestinga í félagslegu leiguhúsnæði, sem samtals nema 30% af stofnvirði. Fjárfestingaáætlun ársins 2027 og síðari ára áætlunar-tímabilsins er sundurliðuð hér að neðan.

	Útkomuspá/			Fimm ára áætlun			
Fjárfesting	2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	2028	2029	2030	2031
Íbúðakaup	3.062.306	2.252.265	1.966.881	1.400.612	1.425.606	1.510.032	1.540.938
Nýframkvæmdir	981.922	429.920	951.000	1.079.000	443.437	384.000	325.212
Eignfært viðhald og standsetn.	282.849	160.267	424.750	333.000	350.000	362.000	380.000
Eignfærður fjármagnskostnaður	91.997	90.301	53.882	97.687	26.446	18.783	18.858
Fjárfesting samtals	**4.419.075**	**2.932.752**	**3.396.513**	**2.910.299**	**2.245.489**	**2.274.815**	**2.265.007**

Félagsbústaðir leigja nú út 3.187 íbúðir, sem samsvarar ríflega 5% af heildarfjölda íbúða í Reykjavík. Uppbyggingaráætlun Félagsbústaða tekur mið af áherslum borgaryfirvalda um framboð félagslegs leiguhúsnæðis. Miðað er við það markmið að félagslegt leiguhúsnæði nemi 5% af heildarfjölda íbúða í Reykjavík. Áætlað er að eignasafn Félagsbústaða stækki að jafnaði um 44 íbúðir á ári á áætlunartímabilinu. Stækkun eignasafnsins verður með kaupum á íbúðum og nýbyggingum í samræmi við uppbyggingaráætlun félagsins. Mest er þörf fyrir tveggja herbergja íbúðir.

Jafnframt verður unnið að markmiðum Reykjavíkurborgar um uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk. Gert er ráð fyrir þremur stakstæðum íbúðakjörnum með 6–10 íbúðum í hverjum kjarna og 12 íbúðum í dreifðum íbúðakjörnum. Alls er gert ráð fyrir 35 íbúðum á tímabilinu, auk fimm íbúða sem nýttar verða sem starfsmannaaðstaða.

Nýframkvæmdaverkefnum má skipta í þrjá meginflokka: byggingu stakstæðra íbúðakjarna, viðbyggingar og breytingar á húsnæði sem ekki uppfyllir kröfur reglugerða og breytingar á húsnæði sem miða að fjölgun almenns leiguhúsnæðis. Áætlaður kostnaður vegna nýframkvæmda árið 2027 nemur samtals 951 m.kr.

Áætluð nýframkvæmdaverkefni eru:

- **Stekkjarbakki 5:** Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist vorið 2027 og þeim ljúki snemma árs 2029.
- **Leirtjörn:** Gert er ráð fyrir hönnun og undirbúningi haustið 2027. Áætluð verklok snemma árs 2029.
- **Yrsufell 5-15:** Gert er ráð fyrir að útbúnar verði þrjár íbúðir í kjallara húsanna. Áætluð verklok eru snemma árs 2029.
- **Kleppsvegur 66-76:** Gert er ráð fyrir að útbúnar verði 12 íbúðir í kjallara húsanna. Áætluð verklok eru á árunum 2030-2031.
- **Óstaðsett lóð:** Gert er ráð fyrir hönnun og undirbúningi haustið 2029. Áætluð verklok í lok árs 2031.

Viðhaldskostnaður er eignfærður þegar framkvæmdir fela í sér virðisaukningu á eign, auk þess sem standsetningarkostnaður vegna nýkeyptra eigna er eignfærður. Eignfærður viðhalds-

kostnaður er áætlaður 410 m.kr. árið 2027 og eignfærður standsetningarkostnaður nýkeyptra íbúða 15 m.kr.

Á áætlunartímabilinu verður áfram lögð áhersla á að bæta ásýnd fjölbýlishúsa félagsins og umhverfi þeirra, ásamt því að efla þjónustu við leigjendur vegna viðhalds og annarra mála sem tengjast fasteignunum.

Helstu eignfærðu verkefnin eru:

- **Yrsufell 5-15:** Áframhaldandi endurnýjun fráveitu- og neysluvatnslagna ásamt breytingum og endurnýjun á baðherbergjum.
- **Kleppsvegur 66-76:** Endurnýjun á skólpstömmum.
- **Hraunbær 107:** Áframhaldandi endurnýjun á þaki og gluggum.
- **Bríetartún 20-36:** Uppsetning á djúpgámum.
- **Írabakki 2-16:** Uppsetning á djúpgámum.
- **Austurbrún 6:** Uppsetning á djúpgámum.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Fjárfestingar Félagsbústaða eru fjármagnaðar með lántöku annars vegar og stofnframlögum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Reykjavíkurborg hins vegar. Í tilfelli íbúðakaupa og nýbygginga fæst í flestum tilfellum stofnframlag fyrir 30% af stofnvirði en annar kostnaður eins og t.d. eignfært viðhald er fjármagnaður að fullu með lántöku. Hér að neðan má sjá lántökuáætlun félagsins fyrir árið 2027 og áætlaða lántöku árin 2028 til 2031 ásamt áætlun um þau stofnframlög sem félagið gerir ráð fyrir að fá á tímabilinu.

	Útkomuspá/			Fimm ára áætlun			
Fjármögnun	2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	2028	2029	2030	2031
Stofnframlög	659.021	1.281.791	1.182.264	743.884	560.713	568.210	559.845
Eiginfjárframlög	0	813.000	513.000	513.000	263.000	263.000	0
Lántaka	3.139.918	837.962	1.701.249	1.653.416	1.421.776	1.443.605	1.705.162
Endurfjármögnun	0	0	1.874.000	1.903.000	0	0	0

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

		Útkomuspá/		Fimm ára áætlun			
Lykiltölur	2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	2028	2029	2030	2031
EBITDA í hlutfalli af rekstrartekjum	42,8%	44,0%	43,1%	42,9%	43,0%	43,0%	43,0%
Eiginfjárhlutfall	53,6%	52,2%	52,3%	52,9%	53,7%	54,4%	54,8%
Sjóðstreymi							
Nettó greidd vaxtagjöld	1.424.824	1.577.786	1.677.627	1.730.903	1.828.851	1.898.814	1.960.992
Afborun langtímalána	1.662.953	1.781.053	1.898.314	2.020.806	2.099.530	2.230.167	2.367.796
Breyting afborganna langtímalána	56.484	118.100	117.261	122.492	78.724	130.636	137.629
Afborganir langtímalána í hlutfalli af tekjum	22,4%	22,3%	22,3%	22,3%	22,0%	22,2%	22,6%
Breyting á veltufé frá rekstri	102.405	182.269	57.755	164.324	114.714	146.842	125.546
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af afborgunum langtímalána	105,6%	108,8%	105,2%	106,9%	108,4%	108,6%	107,6%
Önnur lykilhlutföll							
Arðsemi eigin fjár	8,9%	-1,6%	5,0%	6,3%	6,5%	5,7%	5,0%
Veltufjárhlutfall	0,31	0,32	0,34	0,38	0,42	0,46	0,50
Vaxtaþekja	2,23	2,23	2,19	2,25	2,24	2,28	2,30
Skuldaþekja	1,03	1,05	1,03	1,04	1,04	1,05	1,04
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	23,6%	24,3%	23,4%	23,8%	23,8%	24,1%	24,3%
Viðhald							
Gjaldfært viðhald	1.848.718	1.907.287	2.078.313	2.262.498	2.383.094	2.504.271	2.615.524
Eignfært viðhald	282.849	160.267	424.750	333.000	350.000	362.000	380.000
Viðhald samtals	**2.131.568**	**2.067.554**	**2.503.063**	**2.595.498**	**2.733.094**	**2.866.271**	**2.995.524**

Gert er ráð fyrir að vaxta- og skuldaþekjur verði yfir viðmiðum allt áætlunartímabilið. Árið 2027 er vaxtaþekja áætluð 2,19 og skuldaþekja 1,03. EBITDA sem hlutfall af rekstrartekjum er áætlað 43,1% árið 2027 og lækkar frá útkomuspá ársins 2026. Afborganir langtímalána haldast nokkuð stöðugar sem hlutfall af rekstrartekjum, eða um 22,3% á áætlunartímabilinu.






MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF.

LEIÐARLJÓS

Örugg, hagkvæm og fagleg framleiðsla og útlagning malbiks með gæði, endingu og ábyrga nýtingu auðlinda að leiðarljósi.

SKIPURIT


Malbikunarstöðin Höfði skiptist í fimm meginsvið samkvæmt uppfærðu skipuriti félagsins. Aðstoðarframkvæmdastjóri starfar undir framkvæmdastjóra og meginsviðin eru rekstur og tilboð, fjármál, rannsóknir, þróun og gæði, framkvæmdir og framleiðsla.



STARFSFÓLK

	Raun 2025	Útkomuspá/ Áætlun 2026	Áætlun 2027
Fjöldi starfsmanna	29	30	31
Fjöldi stöðugilda	32	32	33
Stöðugildi eftir þjónustuþáttum:			
Framleiðsludeild	4	4	4
Framkvæmdadeild	17,5	18,5	19,5
Rannsókna- og þróunardeild	2,5	2,5	2,5
Skrifstofa	5	5	5

SKIPTING REKSTRAR 2027



Malbikunarstöðin Höfði hf. framleiðir og selur malbik og steinefni og annast malbiksútlagningu. Malbikunarstöðin er að Álhellu 34 í Hafnarfirði og framleiðslan fer fram í samræmi við ÍST EN staðla. Framkvæmdadeild leggur út malbik frá vori og fram á síðhaust meðan aðstæður leyfa og sinnir jafnframt vetrarþjónustu. Félagið leggur áherslu á rannsóknir, þróun, gæðaeftirlit og aukna nýtingu endurunnins malbiks. Framleiðsluvörur félagsins eru CE-merktar og vottaðar af viðurkenndum vottunaraðila.

HLUTVERK

Malbikunarstöðin Höfði hf. er með eina malbikunarstöð í rekstri og er hún staðsett að Álhellu 34 í Hafnarfirði. Framkvæmdadeild Höfða leggur út malbik á sumrin og fram eftir hausti meðan aðstæður leyfa. Fyrirtækið framleiðir malbik og steinefni í samræmi við ÍST EN staðla. Til að tryggja örugga og varanlega vegi leggur fyrirtækið mikinn metnað í rannsóknir og þróun.

Framleiðsluvörur fyrirtækisins, bæði malbik og steinefni, eru CE merktar og vottaðar af viðurkenndum vottunaraðila innan ESB. British Standard (BSI) er vottunaraðili fyrirtækisins

Efnisvinnsla á gömlu malbiki hefur aukist mikið á síðustu tveimur árum með tilkomu á steinefnabrjót og samhliða því hefur verið mögulegt að auka nýtingu á þeim steinefnum í framleiðslu á malbiki. Vonast er til að áfram verði hægt að auka hlutfall á endurunnu malbiki í framleiðslu malbikunarstöðvar en það er mikilvægt að nýta gamalt malbik áfram í mannvirkjagerð en þetta efni fellur til við ýmsar framkvæmdir.

Framkvæmdadeild Höfða leggur út malbik á vori fram á síðhaust meðan aðstæður leyfa. Yfir vetrartímann vinna starfsmenn framkvæmdadeildar að viðhaldi tækja og malbikunarstöðvar.

Til að tryggja örugga og varanlega vegi leggur fyrirtækið mikinn metnað í rannsóknir og þróun á malbiksblöndum sem eru prófaðar á rannsóknarstofu félagsins í samræmi við kröfur verkkaupa og ÍST EN staðla.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Megináherslur árið 2027 eru að tryggja stöðuga framleiðslu og útlagningu, halda áfram uppbyggingu aðstöðu að Álhellu, efla rekstrarstýringu og undirbúa nauðsynlega endurnýjun tækja og búnaðar. Áætluð framleiðsla er 45.000 tonn, samanborið við 43.000 tonna útkomuspá 2026. Áætluð útlagning er 40.500 tonn, samanborið við 40.000 tonn árið 2026.

Rekstrartekjur 2027 eru áætlaðar 1.736,5 m.kr., samanborið við 1.650,7 m.kr. árið 2026. Gjöld samtals eru áætluð 1.700,6 m.kr. og rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði 35,9 m.kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir neikvæðir um 24,8 m.kr. og rekstrarniðurstaða ársins 8,9 m.kr. Til 2031 er samkvæmt fimm ára áætlun gert ráð fyrir að rekstrartekjur hækki í 2.670,0 m.kr. og rekstrarniðurstaða í 214,8 m.kr.

Laun og launatengd gjöld hækka úr 456,6 m.kr. árið 2026 í 511,5 m.kr. árið 2027. Annar kostnaður hækkar úr 1.047,2 m.kr. í 1.094,1 m.kr. og afskriftir úr 80,2 m.kr. í 95,0 m.kr. Fjöldi starfsmanna hækkar úr 30 í 31 og stöðugildi úr 32 í 33. Helsta breytingin felst í einu viðbótarstöðugildi í framkvæmdadeild.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Helstu þjónustuþættir félagsins eru framleiðsla, framkvæmdir og útlagning, rannsóknir og þróun og stoðþjónusta. Markmið ársins eru sett fram með magntölum þar sem þær liggja fyrir og áhersla er lögð á gæði, afhendingaröryggi, rekjanleika og hagkvæman rekstur.

Framleiðsludeild: Markmið ársins 2027 er að framleiða 45.000 tonn af malbiki og 5.300 tonn í hráefnisdeild. Deildin framleiðir helstu tegundir malbiks í Benninghoven-stöð félagsins, meðal annars blöndur með endurunnu malbiki og íblöndunarefnum. Áhersla verður á stöðuga framleiðslu, hráefnisstýringu, fyrirbyggjandi viðhald og gæði framleiðslunnar.

Framkvæmdadeild: Markmið ársins 2027 er að leggja út 40.500 tonn af malbiki. Framkvæmdadeild annast malbiksútlagningu yfir sumartímann, flutninga tengda verkefnum og vetrarþjónustu. Áhersla verður á samhæfingu framleiðslu, aksturs og útlagningar, öryggi á verkstað og gæðastýringu við afhendingu.

Rannsóknir, þróun og stoðþjónusta: Rannsókna- og þróunarstarf styður allar deildir með steinefnarannsóknum, hönnun malbiksuppskrifta, eftirliti með framleiðslu og rannsóknum á útlögðu malbiki. Skrifstofa annast fjármál, sölu, innkaup, stjórnsýslu og stuðning við rekstur. Áhersla verður á mælingar, rekjanleika og skilvirkari stafræna verkferla.

FJÁRFESTINGAR

Eiginfjárhlutfall er áætlað 74% árið 2027, óbreytt frá útkomuspá 2026. Arðsemi eigin fjár er áætluð 0,7%, veltufjárhlutfall 0,53 og skuldahlutfall 27%. Áætluð rekstrarniðurstaða er jákvæð um 8,9 m.kr. Veltufjárhlutfallið undirstrikar mikilvægi virkrar lausafjárstýringar og þess að fjárfestingar og fjármögnun séu áfangaskipt og samræmd sjóðstreymi félagsins.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

	Raun 2023	Raun 2024	Raun 2025	Útksp. 2026	Áætlun 2027
Eiginfjárhlutfall	85,0%	78,0%	73,0%	74,0%	74,0%
Arðsemi eigin fjár	-2,0%	-17,0%	-1,3%	0,5%	0,7%
Veltufjárhlutfall	289,0%	103,0%	89,0%	87,0%	53,0%
Skuldahlutfall	15,0%	22,0%	27,0%	27,0%	27,0%
Framleiðsla malbiks, tonn	36.000	27.000	49.500	43.000	45.000
Framleiðsla hráefnisdeildar, tonn	5.700	5.100	6.000	5.900	5.300
Útlagning malbiks, tonn	27.000	22.000	39.600	40.000	40.500




ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

Hlutverk og stefna

Orkuveitan er orku-, veitu- og nýsköpunarfyrirtæki sem veitir meirihluta landsmanna og stórum hluta atvinnulífs í landinu grunnþjónustu. Hún nýtir auðlindir á ábyrgan, sjálfbæran og hagkvæman hátt af virðingu fyrir náttúrunni án þess að ganga á rétt komandi kynslóða. Gildi Orkuveitunnar eru;

Frumkvæði | Framsýni | Hagsýni | Heiðarleiki

Við erum aflvaki sjálfbærrar framtíðar er yfirskrift heildarstefnu Orkuveitunnar, sem staðfest var af eigendum fyrirtækisins í júní 2024. Áherslur stefnunnar eru fjórar þar sem hver styður aðra.



- **Fyrir viðskiptavininn**, þar sem ánægja fjölbreyttra viðskiptavina með snjalla og örugga þjónustu er sett í forgang.
- **Aukið framboð og sjálfbærar lausnir**, þar sem áhersla er á aukna orkuframleiðslu með ábyrgri auðlindanýtingu og minnkandi kolefnisspori á sama tíma og veitukerfin styðja við sjálfbæra þróun.
- **Nýsköpun og öflugt samstarf** við hagsmunaaðila að virðisaukandi lausnum sem eru innleiddar með kvikum og skilvirkum hætti.
- **Árangursmiðuð liðsheild og ábyrgur rekstur** sem miðar að traustum fjárhag undir framsýnni forystu fjölbreyttrar liðsheildar.

Orkuveitan er sameignarfyrirtæki sem starfar samkvæmt lögum nr. 136/2013. Eigendur Orkuveitunnar eru þrír; Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Sveitarstjórnir eigendanna kjósa fyrirtækinu stjórn sem er hvort tveggja skipuð sveitarstjórnarfólki og fólki með sérþekkingu og óháð eigendunum.

Eigendur Orkuveitunnar



Eigendanefnd

Á árinu 2026 hefur verið að störfum Eigendanefnd, kjörin af sveitarstjórnum eigenda, með það hlutverk að móta tillögur að endurskoðun eigendastefnu, m.a. með hliðsjón af heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur frá 2024, og mótun tillagna að breytingum á lögum, reglugerð, sameignarsamningi, samþykktum og félagaformi, eftir því sem þörf krefur. Nefndin á að skila tillögum sínum til sveitarstjórna fyrir lok árs.

Sjálfbærnivísar Orkuveitunnar

Um leið og Orkuveitan eflir samfélög til sjálfbærni gætir hún að því að eigin starfsemi standist strangar kröfur og viðmið um sjálfbæran rekstur. Ársreikningur hvers árs er jafnframt endurskoðuð sjálfbærniskýrsla. Hér má sjá þróun nokkurra sjálfbærnivísa Orkuveitunnar síðustu ár.

	2021	2022	2023	2024	2025
CO_2 bundið í berg (tn.)	13.400	12.300	12.500	12.100	18.800
Óútskýrður launamunur kynja	-0,2%	0,1%	-0,1%	0,6%	-0,3%
Starfsmannavelta	17,2%	11,8%	12,8%	19,2%	11,7%
H-tala vinnuslysa	5,2	7,1	4,5	4,4	6,0



Skipulag

Núverandi skipulag Orkuveitunnar má rekja til breytinga sem gerðar voru á raforkulögum í ársbyrjun 2014. Orkuveitan er samstæða fyrirtækja þar sem móðurfélagið veitir í senn forystu og sameiginlega þjónustu. Dótturfélögin eru;


- **Veitur**, sem sjá um uppbyggingu og rekstur vatns-, hita-, raf- og fráveitukerfa sem flest eru starfsrækt með sérleyfi,
- **Orka náttúrunnar**, sem rekur orkuver sem gefa af sér rafmagn og heitt vatn. Rafmagnið er selt á samkeppnismarkaði og ON er í forystu um sölu rafmagns til orkuskipta í samgöngum um hleðslukerfi fyrirtækisins.
- **Ljósleiðarinn** byggir upp og rekur gagnaflutningskerfi sem er grunnstoð samkeppni á fjarskiptamarkaði, og
- **Carbfix,** sem spornar gegn loftslagsvánni með frekari þróun og uppbyggingu á tækni til kolefnisbindingar í bergi.

Orkuveitan



Forstjóri Orkuveitunnar fer með eignarhald í dótturfélögum. Innan móðurfélagsins eru þrjú svið sem þjóna allri samstæðunni; *Mannauður og tækni*, *Rannsóknir og nýsköpun* og *Fjármál*. Undir forstjóra heyra einnig *Samskipti* og *Lög, lendur og áhætta* og starfa hvor tveggja með öllum fyrirtækjunum í samstæðunni.

Skipurit Orkuveitunnar í september 2026



Vottuð stjórnunarkerfi

Starfsemi Orkuveitunnar nýtur óháðrar vottunar á að fylgt sé alþjóðlegum eða innlendum viðmiðum eða kröfum. Vottanirnar ná til þessara stjórnunarkerfa:

- ISO 9001 – Alþjóðlegur gæðastjórnunarstaðall
- ISO 14001 – Alþjóðlegur umhverfisstjórnunarstaðall
- ISO 27001 – Alþjóðlegur staðall um stjórnun upplýsingaöryggis
- ISO 45001– Alþjóðlegur staðall um stjórnun heilbrigðis og öryggis
- ISO 14064-1 – Alþjóðlegur staðall um loftslagsbókhald
- ÍST 85 – Íslenskur staðall um jafnlaunakerfi
- HACCP/GÁMES - Alþjóðlegt matvælaeftirlitskerfi
- Svansvottun fyrir mötuneyti
- Rafmagnsöryggisstjórnunarkerfi
- Innra eftirlitskerfi sölumæla

Inngangur

Fjárhagsspá samstæðu Orkuveitunnar fyrir árið 2027 og langtímaspá fyrir árin 2028-2031 er samandregin fyrir móðurfélagið og dótturfélögin; Veitur, Orku náttúrunnar, Ljósleiðarann og Carbfix. Spá hvers dótturfélags hlýtur samþykki stjórnar viðkomandi félags áður en samstæðuspáin er samþykkt í stjórn Orkuveitunnar.

Heildarstefna Orkuveitunnar er stefna um vöxt. Aukin umsvif í atvinnulífi og nauðsynleg umskipti í loftslagsmálum kalla á meiri endurnýjanlega orku. Ekki síður þarf þjónusta Orkuveitunnar að vera í takti við vöxt samfélaganna, sem fyrirtækin í samstæðunni þjóna. Þar fjölgar íbúum ört, húsnæðisuppbygging er veruleg og ferðafólki fjölgar.

Um leið og Orkuveitan er aflvaki með því að vörur hennar og þjónusta efla vöxt samfélagsins með sjálfbærni að leiðarljósi, er þess gætt að grunnþjónusta sé áreiðanleg, á sanngjörnu verði og að hún þróist með nýrri tækni og nýjum lausnum.

Rekstur

Eftir að greiðslufall varð vegna bilunar hjá stórum viðskiptavini haustið 2025 gripu stjórnendur Orkuveitunnar til sérstakra aðhaldsaðgerða í rekstri. Ágætlega hefur gengið að koma rekstrinum í fyrra horf en deilur um greiðsluskyldu eru fyrir gerðardómi. Fjárkröfur Orkuveitunnar eru ekki í fjárhagsspánni. Í henni er gert ráð fyrir svipuðu umfangi rekstursins á spátímabilinu. Að teknu tilliti til þeirra opinberu forsendna varðandi almenna efnahags- og verðlagsþróun, sem getið er á bls. 8, er gert ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður hækki um 5,1 ma.kr. frá fyrsta ári spátímabilsins til þess síðasta. Árlegar tekjur á sama tímabili aukast um 22,2 ma.kr.

Opinberir aðilar eru nú að skoða ýmsar útfærslur á frekari gjaldtöku af orkunotkun og orkuvinnslu. Enn ríkir óvissa um framgang sumra þessara áforma og hugsanleg áhrif þeirra á verð til endanlegra notenda. Hugsanleg áhrif þessa eru ekki í þessari fimm ára spá.

Fjárfest til framtíðar

Samtals nema fjárfestingar Orkuveitunnar og dótturfyrirtækja um 219 milljörðum króna á tímabili þessarar fjárhagsspár. Áherslur í fjárfestingum dótturfélaga eru raktar á bls. 7. Orkuveitan vill efla samkeppnishæfni íslensks samfélags og verður aukinnar orku aflað fyrir atvinnulíf og heimili, fleiri heimili tengd veitukerfum og veitukerfin þróuð og uppfærð með nýrri tækni.

Rannsóknir og nýsköpun á starfssviði Orkuveitunnar eru veigamikil í spánni. Á Hengilssvæðinu er í senn unnið að rannsóknarborunum á Hellisheiði til að komast að því hversu víðáttumikið nýtanlegt jarðhitasvæði er þar að finna og á Nesjavöllum eru hafnar rannsóknir á fýsileika þess að nýta hærri jarðhita, jafnvel á meira dýpi en alla jafna.

Djúpborun er eitt fjölmargra nýsköpunarverkefna þar sem nýjasta tækni og vísindi, áratugalöng reynsla og traust verkþekking eru lögð saman til framfara. Það dregur verulega úr áhættu Orkuveitunnar af þessu og fleiri nýsköpunar- og þróunarverkefnum að verulegir styrkir hafa fengist til þeirra úr íslenskum og erlendum samkeppnissjóðum. Haustið 2026 er unnið að 12 misumfangsmiklum þróunarverkefnum hjá Orkuveitunni og hlutdeild fyrirtækisins í styrkjum til verkefnanna svarar til um 2,1 milljarðs íslenskra króna. Þá hefur Orkuveitan fengið leyfi til rannsókna á svokölluðum Krýsuvíkursveimum. Reynist nýtilegur jarðhiti þar eykst verulega afhendingaröryggi á heitu vatni til sunnanverðs Höfuðborgarsvæðisins og hugsanlega á Suðurnesjum.

Aukið samstarf

Jafnframt þróun jarðhitanýtingar er til skoðunar orkuöflun úr vatni og vindi. Verkefnin eru hvorttveggja í þróun innan Orkuveitunnar en einnig eru til skoðunar verkefni, sem aðrir aðilar hafa farið af stað með að þróa. Ein af stefnuáherslum Orkuveitunnar er enda aukið samstarf.

Iðngarðar sem þegar eru starfandi geta verið frjór jarðvegur aðkomu Orkuveitunnar í því skyni að nýta þar óvirkjaða orkustrauma og efla sjálfbærni í starfsemi garðanna. Slík verkefni eru á ýmsum stigum. Á Grundartanga fer talsverður glatvarmi forgörðum og tækifæri eru þar til kolefnisbindingar og sorpbrennsla innanlands í stað útflutnings á sorpi til brennslu er í skoðun með tilheyrandi varmatækifærum. Þessi verkefni eru þó ekki komin á það stig að gert sé ráð fyrir verulegum fjárfestingum í þessari spá.

Á síðustu árum hafa eigendur Orkuveitunnar veitt heimildir til sölu hlutafjár í Ljósleiðaranum og Carbfix. Nú er unnið að endurnýjuðu umboði frá eigendum til þessa. Engar fjárhæðir tengdar því eru í spánni enda áformin enn í mótun.

Tímasetning ýmissa fjárfestinga óviss

Hvenær ráðist verður í suma þætti fjárfestinga Orkuveitunnar ræðst af ákvörðunum annarra. Hraði uppbyggingar íbúða- og atvinnusvæða er í höndum sveitarfélaga og byggingaraðila og leyfisveitingaferli hafa afgerandi áhrif á hvenær af einstökum fjárfestingum í orkuöflun og kolefnisbindingu getur orðið. Gangi áform stjórnvalda um einföldun regluverks og fyrirheit um aukinn fyrirsjáanleika eftir mun draga úr þessari óvissu. Rétt er að líta á fjárfestingahluta fjárhagsspárinnar, einkum á síðari hluta tímabils hennar, sem áform um fjárfestingarstig Orkuveitunnar fremur en tímasett áform um einstök verkefni.

Græn fjármögnun


Lánsfjármögnun fjárfestinga Orkuveitunnar síðustu ár hefur alfarið verið byggð á grænum fjármögnunarramma fyrirtækisins. Hann var uppfærður haustið 2024 m.a. með tilliti til nýlegra laga og reglna um græna fjármögnun og græna skýrslugjöf. Áratugalöng skipuleg vinna innan Orkuveitunnar að sjálfbærni í rekstri skapar fyrirtækinu forskot á fjármagnsmarkaði og skilar því hagstæðari fjármögnun en ella. Þá mun Orkuveitan leitast við að jafna sjóðflæði í erlendum myntum yfir spátímabilið og gerir því ráð fyrir erlendri lántöku samhliða innlendri fjármögnun.

Forsendur og framvinda

Helstu utanaðkomandi tölulegar forsendur fjárhagsspárinnar eru raktar á bls. 8. Rétt er að geta þess að opinberar spár um hjaðnandi verðbólgu hafa ekki gengið eftir um hríð. Af þeim sökum hafa verðbótagreiðslur Orkuveitunnar af lánum verið umfram fjárhagsspár. Gert er ráð fyrir að álverð fari lækkandi eftir því sem líður á tímabilið. Hluti raforkusölu er tengdur álverði. Áfram verða gerðir áhættuvarnarsamningar vegna álverðs.

Gert er ráð fyrir að arðgreiðslur 2027 nemi 6,7 ma.kr. og fylgi verðlagsþróun síðari ár spárinnar.

Fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur 2027 og fjögurra ára spá 2028–2031 fer til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg sem hluti af fjárhagsáætlun samstæðu Reykjavíkurborgar.



Áherslur 2026-2030

	VEITUR	ON	LJÓSLEIÐARINN	Carbfix
Hlutverk	Veitur eru framsækið þjónustufyrirtæki sem tryggir aðgengi að rafmagni, hita, hreinu vatni og fráveitu. Með nýsköpun og samstarfi veitum við lífsgæði til framtíðar	Orka náttúrunnar á og rekur virkjanir sem framleiða rafmagn fyrir fyrirtæki, heimili og farartæki um landið allt og heitt vatn fyrir veitusvæði Veitna og Jarðhitagarð Orku náttúrunnar.	Ljósleiðarinn byggir upp og rekur ljósleiðaranet fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir. Með þéttu neti ljósleiðara-þráða tryggjum við öruggan og hagkvæman aðgang að tækifærum framtíðarinnar. Stefna Ljósleiðarans er að vera fyrsta val fyrir stafræna framtíð Íslands.	Carbfix stuðlar að endurheimt loftslagsins með öruggri, sannreyndri og varanlegri steinrenningu CO_2. Félagið stefnir að því að vera leiðandi á heimsvísu og veita hagkvæma kolefnisþjónustu sem byggir á áratuga vísinda- og rekstrarreynslu og skapar langtímaviðri fyrir eigendur, viðskiptavini, starfsfólk, samfélagið og aðra hagaðila.
Megin-áherslur 2027-31	Áhersla verður lögð á aukna öflun forða af heitu vatni og endurnýjun á mikilvægum stofnlögnum. Uppbygging húsnæðis, Borgarlína og orkuskipti eru allt samfélagsleg verkefni sem Veitur munu eiga mikla aðkomu að á næstu árum. Til þess að styðja við þau vaxandi samfélög sem Veitur þjóna er nauðsynlegt að byggja upp og viðhalda líkönum sem kerfisáætlanir til lengri og skemmri tíma byggja á. Áhersla verður á aukið samtal við almenning og nýsköpun til að mæta nýjum tímum, leiða þróun og hafa áhrif á sjálfbæra framtíð.	Ábyrg nýting jarðhitans og fjölbreyttari not af honum, m.a. til orkuskipta, eru megináherslur ON á spátímabilinu. Stöðugur rekstur Orku náttúrunnar og vaxandi tekjur vegna nýrra samninga einkenna tímabilið. Nýsköpun verður meðal áherslna og ON mun byggja á hugviti og umhverfisáherslum fyrirtækisins til að halda forystu í sjálfbærri starfsemi.	Lögð áhersla á að ná fram aukinni skilvirkni í rekstri á spátíma og styrkja sjóðstreymi félagsins. Fjárfestingar hugbúnaði og XGS-PON kerfi eru mikilvægur þáttur í að auka skilvirkni félagsins ásamt því að auka gæði þjónustu. Áframhaldandi áhersla á að hámarka nýtingu þeirra fjárfestinga sem félagið hefur farið í á undanförnum árum með fókus á eigin ljósleiðaranet á starfssvæði Ljósleiðarans á suðvesturhorni landsins.	Carbfix-tæknin verður áfram breidd út með stöðluðu og eignaléttu rekstrarlíkani. Meginähersla verður á staðbundnar lausnir. Áfram er horft til valinna verkefna sem byggja á flutningi CO_2 þegar markaðs- og fjárhagsforsendur eru fyrir hendi. Innanlands verður áhersla á samdrátt í losun frá stóriðju sbr. markmið stjórnvalda. Vöruframboð félagsins verður staðlað, gæðakerfi og afhendingargeta efld og tæknin aðlöguð að fleiri mörkuðum og geirum. Unnið verður að langtímafjármögnun félagsins í samræmi við markmið og væntingar eigenda.

	VEITUR	ON	LJÓSLEIÐARINN	Carbfix
Helstu fjárfestingar	Í hitaveitu er megináhersla á aukinn forða og styrkingu flutnings, m.a. með borunum, tvöföldun Nesjavallaæðar og Suðuræðar og styrkingu við Reynisvatnsheiði. Í rafveitu er í forgangi endurnýjun og uppbygging aðveitu- og dreifikerfa til að mæta þéttingu byggðar, aukinni rafvæðingu og orkuskiptum. Í fráveitu er áhersla á endurnýjun, afkastaaukningu, aðskilnað kerfa og undirbúning aukinnar hreinsunar. Í vatnsveitu er aukin áhersla á fyrirbyggjandi endurnýjun eldri lagna, einkum í Reykjavík. Á Vesturlandi er áhersla á aukin vatnsgæði og forða þar sem afhendingaröryggi er undir álagi.	Dvínun gufuforða og óstöðugar holur í rekstri hafa áhrif á spána. Um helmingur af fjárfestingum ON á tímabilinu er til gufuöflunar. Nýir kostir með betri nýtingu á núverandi orku á Hellisheiði verða kannaðir áfram. Tenging við Meitla er í spánni. Ábyrgt viðhald, vélaupptektir og endurbætur eru áfram í áætlun. Áhersla verður á niðurdælingu jarðhitavökva við jarðgufuvirkjanir. Í Jarðhitagarði er hringrásarhagkerfið áfram eflt með byggingu nýsköpunarkjarna og eflingu innviða. ON heldur forystu í orkuskiptum í samgöngum, með fjárfestingum í hleðslubúnaði og frekari nýtingu stafrænna lausna í þróun þjónustu.	Á fyrri hluta spátímabils er mikil áhersla á uppbyggingu XGS-PON kerfis til að hægt sé að bæta skilvirkni ljósleiðarakerfis, minnka orkunotkun og gera Ljósleiðarann undirbúinn fyrir að bjóða öllum viðskiptavinum upp á hagkvæmar ljósleiðaratengingar samfara tækniþróun. Einnig er aukin fjárfesting í hugbúnaðarþróun til að ná fram aukinni skilvirkni í rekstri. Áfram verður fjárfest í uppbyggingu á nýjum hverfum á núverandi starfssvæði en ekki áform um að stækka starfssvæði Ljósleiðarans að öðru leyti. Á seinni hluta spátímabils er meiri áhersla lögð á að lækka fjárfestingarþörf félagsins.	Á spátímabilinu verður áhersla lögð á vöxt með takmarkaðri bindingu eigin fjár. Fjárfestingar miðast við þróun kjarnatækni, stöðlun og vöruvæðingu lausna, styrkingu afhendingargetu og afmarkaðri þátttöku í verkefnaþróun. Uppbygging verkefnatengdra innviða verður að stærstum hluta fjármögnuð af viðskiptavinum, samstarfsaðilum eða sérstökum verkefnafélögum. Áfram verður unnið að rannsóknum og þróun, meðal annars á nýtingu sjávar við kolefnisbindingu í bergi.

Forsendur fjárhagsspár 2027-2031

Forsendur útkomuspár 2026 og fjárhagsspár 2027-2031 koma frá Reykjavíkurborg, sem og spám Orkuveitunnar. Forsendur um þróun álverðs byggja á upplýsingum frá London Metal Exchange. Við vaxtaspár er miðað við fólgna framvirka vexti (e. Implied forward rates) eftir myntum og vaxtakjörum einstakra samninga.

Forsendur

Forsendur Haustspá 2026 Lýsing	2026	2027	2028	2029	2030	2031
Vísitala neysluverðs, breyting (%)	5,2%	4,0%	3,8%	3,5%	3,4%	3,2%
Byggingavísitala (%)	3,6%	4,6%	4,3%	3,9%	3,7%	3,6%
ISK/ EUR miðgengi	142,20	141,92	142,06	142,06	142,06	142,06
ISK/ USD miðgengi	123,06	122,81	122,94	122,94	122,94	122,94
Gengisvísitala, breyting (%)	0,3%	-0,2%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%
Álverð, meðalverð ársins ($)	3308,9	3253,4	3174,4	3140,3	3139,9	3128,4

Forgangsröðun og mat á fjárfestingum


Í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er hlutverk og kjarnastarfsemi fyrirtækisins skilgreind og liggur hún til grundvallar forgangsröðunar fjárfestinga. Þau verkefni sem tilgreind eru í fjárfestingarspá hafa hlotið ítarlega umfjöllun innan fyrirtækisins. Fjárfestingarákvarðanir hvers félags fara í gegnum nokkur stig í undirbúningi með reglulegri viðkomu í ákvörðunarhliðum (e. Stage-Gate) þar sem hvert og eitt fjárfestingarverkefni þarf í senn að standast samræmdar kröfur til slíkra verkefna og samanburð við önnur verkefni, meðal annars hvað varðar hagkvæmni og ávinning.

Þegar verkefni hefur staðist slíkt mat fer það í samþykktarferli hvers fyrirtækis innan samstæðunnar og jafnvel til móðurfyrirtækis eða eigenda, sé umfang þess slíkt.

Stærri fjárfestingarákvarðanir eru í höndum stjórnar hvers dótturfélags nema þær fari yfir 5% eigin fjár félagsins samkvæmt nýjasta árshlutauppgjöri. Í því tilviki skal ákvörðunin hljóta staðfestingu hlutahafafundar. Fari fjárfestingarákvörðun yfir 5% af eigin fé samstæðunnar skal hún hljóta staðfestingu sveitarstjórna eigenda.

Fjárhagsspá 2027-2031

Rekstur




Mynd 1 – Milljarðar króna

Tekjur vaxa á spátímabilinu 2027-2031 um 22,2 ma.kr. eða 28,2%. Helsta skýringin er áframhaldandi uppbygging á stærstu tekjustofnum innan samstæðu Orkuveitunnar. Tekjur rafmagns og af heitu vatni hækka á tímabilinu. Tekjur af rafmagni hækka m.a. vegna hagstæðari samninga og gert er ráð fyrir gjaldskrárhækkunum og magnaukningu í heitu vatni. Gert er ráð fyrir að gjaldskrárhækkanir fylgi að mestu vísitölu neysluverðs eða byggingarvísitölu eftir því sem við á.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður samstæðunnar án afskrifta aukist á tímabilinu 2027-2031 um 5,1 ma.kr. eða 16,5%. Aukningin er í takti við þær markaðsforsendur sem eru áætlaðar yfir spátímabilið.

EBITDA framlegð




Mynd 2 – EBITDA / Rekstrartekjur

EBITDA stendur fyrir framlegð reksturs án fjármagnsliða, afskrifta og skatta.

Framlegð reksturs Orkuveitunnar hefur verið stöðug og góð síðustu ár. Framlegðin þarf meðal annars að standa undir fjárfestingum fyrirtækjanna í Orkuveitunni. Reksturinn krefst verulegra fjárfestinga til að halda við veitukerfum og virkjunum, sinna nýjum viðskiptavinum og mæta auknum kröfum sem til rekstursins eru gerðar.

Samkvæmt spá eykst EBITDA á spátímabilinu 2027-2031 um 17,1 ma.kr. eða 35,8%.


Vaxtagjöld



Mynd 3 – Milljarðar króna

Verðbólga og gengisáhrif skýra að mestu breytingar á vaxtagjöldum milli ára. Sveiflur í markaðsvöxtum hafa einnig áhrif á vaxtagreiðslur þó ekki veruleg vegna samsetningar fjármögnunar Orkuveitunnar.

Afkoma / Hagnaður eftir skatta




Mynd 4 – Milljarðar króna

Eins og sjá má á *Mynd 4* er gert ráð fyrir að afkoma samstæðunnar batni á tímabilinu og er gert ráð fyrir að hún verði jákvæð um 16,4 ma.kr. árið 2031.

Hafa ber í huga að óreglulegir fjármagnsliðir eins og breytingar á virði framvirkra raforkusölu-samninga geta haft veruleg áhrif á afkomu félagsins. Árið 2026 er gert ráð fyrir 1,4 ma.kr. áhrifum til lækkunar á afkomu.


Eignir og eiginfjárhlutfall



Mynd 5 – Eignir í milljörðum króna

Áætlað er að eignir hækki á næstu árum vegna aukinna fjárfestinga þvert á Orkuveituna. Eiginfjárhlutfall fer lækkandi á tímabilinu, þ.e. frá því að vera 50,1% árið 2027 í 47,8% í lok árs 2031, en jafnframt er gert ráð fyrir jöfnum arðgreiðslum á spátímabilinu í takti við verðlag eftir 2027.

Handbært fé 2026-2030 með bundnum innstæðum og markaðsverðbréfum




Mynd 6 – Milljarðar króna

Handbært fé frá rekstri er einkum nýtt til fjárfestinga og afborgana af lánum. Hluti skulda verður endurfjármagnaður á tímabilinu með nýrri lántöku. Þrátt fyrir áætlun um 218,7 ma.kr. fjárfestingu á tímabilinu er einungis gert ráð fyrir 50,6 ma.kr. lántöku umfram afborganir lána.

Að teknu tilliti til tekjuskattgreiðslna og arðgreiðslna er gert ráð fyrir að handbært fé og bundnar innstæður í árslok 2031 verði 33,0 milljarðar kr.

Heildar arðgreiðslur á tímabilinu eru áætlaðar 35,1 milljarðar kr.

Heildar fjárfestingar




Mynd 7 – Milljarðar króna

Fjárfestingar á tímabilinu 2027-2031 eru í samræmi við fyrri fjárhagsspá og gerir fjárhagsspáin ráð fyrir 218,7 ma.kr. fjárfestingu á tímabilinu. Miklar fjárfestingar eru fram undan hjá Orkuveitunni til að mæta aukinni orkuþörf, nýsköpun, baráttu við loftslagsvá og viðhaldi veitukerfa.

Fjallað er um helstu fjárfestingar hvers félags hér að framan og sýnir mynd hér að ofan hvernig áætlaðar fjárfestingar Orkuveitunnar eru innan spátímabilsins.

Lántökur




Mynd 8 – Milljarðar króna

Á tímabilinu 2027-2031 er gert ráð fyrir að ný lántaka nemi um 161,8 ma.kr.

Á sama tíma er gert ráð fyrir að greiða niður lán um 111,2 ma.kr.

Afborganir langtímaskulda og handbært fé frá rekstri




Mynd 9 – Milljarðar króna

Árlegar afborganir skulda eru áætlaðar á bilinu 20–25 ma.kr. á árunum 2027-2031, samtals 111,2 ma.kr.

Handbært fé frá rekstri stendur vel undir þeim afborgunum en á móti eru fjárfestingar á tímabilinu miklar sem kallar á viðbótarlántöku og sölu hlutafjár á tímabilinu.

Veltufé frá rekstri




Mynd 10 – Milljarðar króna

Veltufé frá rekstri sýnir það fjármagn sem rekstur Orkuveitunnar skilar áður en tekið er tillit til fjárfestinga og fjármögnunarhreyfinga. Sterkt veltufé frá rekstri er mikilvægt þar sem það eykur getu til að standa undir afborgunum skulda, fjármagna viðhald og fjárfestingar og greiða arð án óhóflegrar aukningar lántöku. Það styrkir þannig fjárhagslegan viðnámsþrótt Orkuveitunnar, lánshæfi og getu til að tryggja áreiðanlega grunnþjónustu til framtíðar.

Veltufé frá rekstri vex á spátímabilinu 2027-2031 um 8,0 ma.kr. eða 23,2%.

Nettó vaxtaberandi skuldir og fjármögnunarhreyfingar




Mynd 11 – Milljarðar króna

Nettó vaxtaberandi skuldir endurspegla stöðu vaxtaberandi skulda á móti handbæru fé, markaðsverðbréfum og bundnum innlánum.

Nettó vaxtaberandi skuldir hækka um 15,0 ma.kr. á árinu 2026, þar af eru verðbætur áætlaðar 7,5 ma.kr. Gert er ráð fyrir hækkun nettó vaxtaberandi skulda á tímabilinu um 58,3 ma.kr., þar af 29,7 ma.kr. vísitöluhækkun verðtryggðra lána á sama tímabili.

Eigið fé



Mynd 12 – Milljarðar króna

Eigið fé Orkuveitunnar eykst um 33,9 ma.kr. á tímabilinu 2027-2031. Eiginfjárhlutfall

Orkuveitunnar fer lækkandi yfir spátímabilið.


Lykiltölur

Markvisst er unnið að því að styrkja fjárhag fyrirtækisins. Það felur í sér að ná og viðhalda settum markmiðum um stöðu lykiltalna í rekstri svo sem veltufjárhlutfalls, eiginfjárhlutfalls, vaxtaþekju o.fl.


Spáin byggir á ákveðnum lykilmælikvörðum til samræmis við áherslur í eigendastefnu Orkuveitunnar.

Í gildi eru arðgreiðsluskilyrði fyrir fyrirtækið. Þau fela í sér að fjárhagsleg markmið arðgreiðsluskilyrða, sem sjá má hér til hliðar, skulu uppfyllt áður en ákveðið er að greiða arð til eigenda og eftir að arður hefur verið greiddur.


Arðgreiðslur eru áætlaðar 35,1 milljarðar kr. á tímabilinu og gera spár samstæðunnar ráð fyrir því að öll arðgreiðsluskilyrði séu uppfyllt á sama tíma.




Markmið > 40%




Markmið > 1,0






Markmið > 13%



Markmið > 3,5



Horfur og spár 2026-2031 – Rekstrarreikningur

	Raun 2025 (mkr)	Horfur 2026 (mkr)	Spá 2027 (mkr)	Spá 2028 (mkr)	Spá 2029 (mkr)	Spá 2030 (mkr)	Spá 2031 (mkr)
Rekstrartekjur	**68.444**	**74.875**	**78.649**	**84.592**	**90.613**	**95.781**	**100.809**
Rekstrargjöld	**28.185**	**29.418**	**31.006**	**31.673**	**32.728**	**34.799**	**36.069**
EBITDA	**40.259**	**45.457**	**47.643**	**52.919**	**57.885**	**60.982**	**64.740**
Afskriftir	17.485	18.877	19.645	20.534	21.469	22.357	23.146
EBIT	**22.774**	**26.580**	**27.998**	**32.385**	**36.417**	**38.626**	**41.594**
Fjármagnsliðir	**-9.174**	**-15.412**	**-14.915**	**-15.596**	**-16.003**	**-17.637**	**-18.510**
Vaxtatekjur	1.313	1.218	1.122	1.084	691	541	690
Vaxtagjöld	-13.626	-18.261	-15.954	-17.032	-17.467	-18.885	-19.761
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	3.139	1.631	-83	353	773	707	561
Hagnaður fyrir tekjuskatt	**13.600**	**11.168**	**13.083**	**16.789**	**20.414**	**20.989**	**23.084**
Tekjuskattur	-2.083	-1.299	-1.543	-2.105	-2.601	-3.258	-3.614
Hagnaður (tap) ársins	**11.519**	**9.869**	**11.540**	**14.685**	**16.360**	**14.827**	**16.390**

Horfur og spár 2026-2031 – Efnahagsreikningur

	Raun 2025 (mkr)	Horfur 2026 (mkr)	Spá 2027 (mkr)	Spá 2028 (mkr)	Spá 2029 (mkr)	Spá 2030 (mkr)	Spá 2031 (mkr)
Eignir	**537.907**	**557.075**	**579.852**	**602.314**	**630.352**	**653.704**	**678.905**
Fastafjármunir	499.408	515.525	538.687	564.744	591.909	612.082	630.017
Veltufjármunir	38.499	41.549	41.165	37.569	38.442	41.622	48.888
Eigið fé og skuldir	**537.907**	**557.075**	**579.852**	**602.314**	**630.352**	**653.704**	**678.905**
Eigið fé	**282.267**	**285.827**	**290.575**	**298.497**	**307.858**	**315.510**	**324.496**
Skuldir	**255.639**	**271.247**	**289.276**	**303.817**	**322.494**	**338.194**	**354.409**
Langtímaskuldir	221.732	236.695	248.590	266.899	284.174	298.480	307.384
Skammtímaskuldir	33.907	34.552	40.686	36.917	38.320	39.714	47.025

Horfur og spár 2026-2031 – Sjóðstreymi

	Raun 2025 (mkr)	Horfur 2026 (mkr)	Spá 2027 (mkr)	Spá 2028 (mkr)	Spá 2029 (mkr)	Spá 2030 (mkr)	Spá 2031 (mkr)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	**40.653**	**42.182**	**47.591**	**52.720**	**57.588**	**60.706**	**64.254**
Innborgaðar vaxtatekjur	1.230	1.168	1.122	1.084	691	541	690
Greidd vaxtagjöld	-8.335	-8.332	-9.612	-10.251	-10.819	-11.279	-11.715
Greiddur tekjuskattur	-2.288	-2.855	-3.150	-3.270	-3.870	-4.421	-4.522
Greiðslur annarra fjármagnsliða	0	829	844	838	725	668	607
Handbært fé frá rekstri	**31.422**	**33.139**	**36.942**	**41.268**	**43.011**	**43.459**	**46.382**
Fjárfesting rekstrarfjármuna	-33.842	-35.256	-43.129	-45.736	-47.438	-41.882	-40.523
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	-2.705	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar alls	**-36.547**	**-35.256**	**-43.129**	**-45.736**	**-47.438**	**-41.882**	**-40.523**
Fjármögnunarhreyfingar							
Ný langtímalán	27.980	28.280	32.782	33.242	33.300	30.600	31.900
Afborganir langtímaskulda	-21.703	-21.979	-20.047	-25.302	-21.203	-21.787	-22.886
Greiddur arður	-6.500	-4.500	-6.663	-6.829	-7.000	-7.175	-7.404
Innborgað hlutafé	0	0	0	0	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar alls	**-380**	**1.631**	**5.913**	**1.005**	**4.987**	**1.528**	**1.500**
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	**-5.506**	**-485**	**-273**	**-3.463**	**559**	**3.104**	**7.358**
Handbært fé í ársbyrjun	**16.438**	**10.827**	**10.340**	**10.065**	**6.603**	**7.163**	**10.267**
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	**-105**	**-2**	**-1**	**1**	**0**	**0**	**0**
Handbært fé í lok tímabils	**10.827**	**10.340**	**10.065**	**6.603**	**7.163**	**10.267**	**17.625**




SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

LEIÐARLJÓS

Leiðarljós SHS er að veita gæðaþjónustu vegna forvarna og fyrstu viðbragða til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir. Hjá liðinu starfi vel menntað og þjálfað starfsfólk með skýr markmið.

SKIPURIT

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) er skipuð framkvæmdastjórum sveitarfélaganna sex sem eru eigendur liðsins. Slökkviliðsstjóri sér um daglega stjórn SHS. Starfsemi SHS skiptist í tvö kjarnasvið, aðgerðasvið og forvarnasvið, og þrjár stoðeiningar. Stjórnendur sviða og stoðeininga skipa framkvæmdastjórn SHS ásamt slökkviliðsstjóra.



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2027-2031


Að teknu tilliti til fjölgun starfsmanna á forvarnasviði SHS, hækkun verðlags, kjarasamnings-bundinna launahækkana og launaþróunar er gert ráð fyrir að fjárhagsáætlun samstæðunnar verði samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2025	Útkomuspá/ Áætlun 2026	Áætlun 2027	Fimm ára áætlun 2028	2029	2030	2031
Rekstrartekjur	5.669.345	5.969.000	6.264.000	6.425.000	6.586.000	6.783.000	6.799.000
Tekjur samtals	**5.669.345**	**5.969.000**	**6.264.000**	**6.425.000**	**6.586.000**	**6.783.000**	**6.799.000**
Laun og launatengd gjöld	4.518.392	4.913.000	5.168.000	5.308.000	5.448.000	5.623.000	5.623.000
Annar kostnaður	798.635	774.000	814.000	818.800	823.600	829.600	829.600
Afskriftir	185.874	230.000	265.000	281.000	292.000	308.000	324.000
Gjöld samtals	**5.502.901**	**5.917.000**	**6.247.000**	**6.407.800**	**6.563.600**	**6.760.600**	**6.776.600**
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	**166.444**	**52.000**	**17.000**	**17.200**	**22.400**	**22.400**	**22.400**
Fjármagnsliðir	45.206	33.000	12.000	6.000	1.000	1.000	1.000
Rekstrarniðurstaða	**211.650**	**85.000**	**29.000**	**23.200**	**23.400**	**23.400**	**23.400**

STARFSFÓLK

	Raun 2025	Útkomuspá/ Áætlun 2026	Áætlun 2027
Fjöldi starfsmanna	242	242	244
Fjöldi stöðugilda	242	242	244
Stöðugildi eftir þjónustuþáttum:			
Aðgerðasvið	208	208	208
Forvarnasvið	18	18	20
Stoðsvið	16	16	16

SKIPTING REKSTRAR 2027



HLUTVERK

Hlutverk SHS er að sinna eldvarnaeftirliti, forvörnum og viðbúnaði við eldsvoðum og mengunar-óhöppum á landi á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt að sinna björgun fastklemmds fólks og öðrum þeim störfum sem því er falið samkvæmt lögum og samningum þar að lútandi. SHS sinnir sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu skv. samningi við ríkið.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING 2027

REKSTRARTEKJUR

Áætlaðar tekjur SHS samstæðunnar árið 2027 eru um 6.264 m.kr., sem er 5,9% hækkun miðað við áætlun 2026 en um 4,9% hækkun miðað við útkomuspá.

Tekjur frá eigendum eru 3.313 m.kr. eða tæplega 53% af heildartekjum og hækka samtals um 200 m.kr. (6,4%) frá 2026. Tekjur af sjúkraflutningum eru tæplega 42% af heild eða um 2.613 m.kr. og hækka um 122 m.kr. (4,9%) miðað við áætlun 2026. Aðrar tekjur eru áætlaðar samtals um 338 m.kr. eða rúmlega 5% af heildartekjum.

Framlag eigenda vegna reksturs SHS

Áætlað er að framlag til rekstrar verði 3.120 m.kr. og hækki um 181 m.kr. (6,2%) vegna hækkun vísitalna milli ára.

Framlag eigenda til AHS

Gert er ráð fyrir að framlag vegna almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins (AHS) hækki í takt við áætlaða hækkun launavísitölu.

Álag og verkefni almannavarna á höfuðborgarsvæðinu hafa aukist til muna á undanförnum árum, m.a. vegna aukinna áherslna sveitarfélaga á málaflokkinn. Verkefnin fela m.a. í sér skipulag og samræmingu verklags, reglubundið mat áhættu og áfallaþols, skilgreiningu leiða til áhættuminnkunar og útgáfu áhættumats, viðbragðs- og neyðaráætlana, leiðbeininga og fræðsluefnis.

Framlag í fjárfestingarsjóð

Í nýjum stofnsamningi sem undirritaður var í júní 2024 var samþykkt að fjárfestingarframlagið tæki mið af raunkostnaði á búnaði slökkviliðsins, sbr. fylgiskjal 1 við stofnsamninginn, sem væri núna um 208 m.kr., sem er um 80 m.kr. hækkun miðað við framlagið 2026. Lagt var til að hækkun á fjárfestingarframlaginu verði tekin inn á allt að fimm árum og hækkar það því um 16 m.kr. árið 2027 eða um 12,5%.

Tekjur af sjúkraflutningum – ríkissjóður

Heildartekjur af sjúkraflutningum 2027 eru áætlaðar 2.613 m.kr., sem er um 122 m.kr. (4,9%) hækkun miðað við áætlun 2026. Miðað við framangreint dekka tekjur af sjúkraflutningum um 49% af heildarkostnaði SHS fyrir utan kostnað við forvarnasvið og almannavarnir, sem er sambærilegt við síðustu ár.

Verð í samningum eru verðtryggð miðað við launavísitölu (86%) og neysluvísitölu (14%) og taka breytingum 1. janúar ár hvert en miðað er við vísitölur í nóvember árið á undan.

Fjárhagsáætlun 2027 gerir ráð fyrir að fjöldi almennra sjúkraflutninga verði að mestu í takt við fjölda flutninga 2026 auk hlutfallslegrar fjölgunar íbúa í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands en fjöldi millistofnanaflutninga standi í stað á milli ára og því verði meðaltalsfjölgun um 0,5%.

Samningur SHS um sjúkraflutninga við Sjúkratryggingar Íslands rennur út í lok febrúar 2027. Heimilt er að framlengja um allt að þrjú ár.

Húsaleigutekjur SHS samstæðu

Gert er ráð fyrir að húsaleigutekjur hækki í takt við verðlag og verði um 146 m.kr. 2027.

Aðrar sértekjur

Gert er ráð fyrir að aðrar sértekjur verði um 192 m.kr. 2027, sem er 13 m.kr. (6,7%) hækkun miðað við áætlun 2026, en um 3,2% hækkun miðað við útkomuspá. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá SHS hækki um 2,5% í takt við verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands. Áætlunin gerir ráð fyrir að fjöldi skoðana forvarnasviðs verði heldur fleiri 2027 en í ár en að beiðnir um viðveru varðliðs á viðburðum verði sambærilegt við 2026.

REKSTRARGJÖLD

Rekstrargjöld SHS samstæðunnar eru áætluð 5.982 m.kr. á árinu 2027, sem er um 295 m.kr. (5,2%) hækkun frá áætlun 2026. Laun og launatengd gjöld hækka um 255 m.kr. (5,2%) og annar rekstrarkostnaður um 40 m.kr. (5,2%) frá áætlun 2026.

Launakostnaður

Gert er ráð fyrir að heildarlaunakostnaður hækki samtals um 255 m.kr. (5,2%) 2027 miðað við áætlun 2026, þar af eru fjölgun um tvo starfsmenn á forvarnasviði SHS.

Áætlun 2027 gerir ráð fyrir að fjölgun varðliðsmanna í samræmi við samþykkta brunavarna-áætlun verð frestað um ár og að fjölgunin vegna nýrrar útkallsstöðvar við Tónahvarf komi inn í áföngum á árunum 2028 til 2030.

Kjarasamningsbundin hækkun launa 2027 er 3,5% en að lágmarki 23.750 kr. á grunnmánaðarlaun. Miðað við launasamsetningu SHS þýðir þetta um 3,9% hækkun launa að meðaltali 2027. Launahækkun tekur gildi 1. apríl 2027 og hækkar því launakostnaður árið 2027 um 2,9%.

Áætlunin gerir ráð fyrir að um ríflega fjórðungur varðliðsmanna fari upp um launaflokk og/eða fái hækkun persónuálags vegna starfsaldurs eða aukinnar menntunar, sem hækkar heildar-launakostnað um tæplega 1,5%.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður SHS samanstendur af starfsmannakostnaði, rekstri og viðhaldi tækja, húsnæðiskostnaði og öðrum sameiginlegum kostnaði.

Undir annan rekstrarkostnað falla stórir liðir sem taka annars vegar mið af launavísitölu (6,5%), s.s. ræsting, þjónusta 112, starfsmannatryggingar og þjónusta trúnaðarlæknis, og hins vegar liðir sem taka mið af neysluvísitölu (4%), s.s. matarkostnaður, vinnufatnaður, námskeið, tryggingar og tölvubúnaður.

Áætlun gerir ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður verði um 814 m.kr. 2027, sem er hækkun um 40 m.kr. (5,2%) miðað við áætlun 2026.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Í brunavarnaáætlun SHS var lagt upp með fjölgun starfsmanna til að undirbúa opnun á nýrri slökkvistöð við Tónahvarf árið 2030. Fjölgunin átti að koma á árunum 2027 til 2029, átta starfsmenn á ári, alls 24 starfsmenn. Stjórn SHS ákvað á fundi sínum þann 18. september 2026 að fresta fjölguninni um eitt ár, það er engin fjölgun árið 2027. Fjölgunin komi í staðinn inn á árunum 2028 til 2030, átta starfsmenn á ári eða allt 24 starfsmenn.

Ytri forsendur fjárhagsáætlunar SHS byggja á forsendum frá fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 2027 til 2031. Við ákvörðun þeirra efnahagsforsenda sem liggja til grundvallar er stuðst við grunnspá Seðlabanka Íslands ásamt spám viðskiptabankanna. Þá er jafnframt litið til verðbólguálags á skuldabréfamarkaði, sem endurspeglar verðbólguvæntingar markaðsaðila, auk mats fjármála- og áhættustýringasviðs Reykjavíkurborgar. Áætlað er að launavísitala hækki um 6,5% og vísitala neysluverðs um 4,0% fyrir árið 2027.

Áætlunin 2028-2031 gerir ráð fyrir fjölgun starfsmanna í samræmi við nýja brunavarnaáætlun. Annarsvegar er fjölgun til að fullmanna nýja útkallsstöð við Tónahvarf sem kæmi inn í áföngum á tímabilinu, samtals 24 nýir starfsmenn. Hins vegar er gert ráð fyrir að styrkja mönnun forvarnasviðs á tímabilinu um tvö ný stöðugildi árið 2027 og tvö 2030.

Helstu verkefni aðgerðasviðs eru slökkvistörf og sjúkraflutningar. Heildarfjöldi boðana á árinu 2027 eru áætlaðar ríflega 43 þúsund, sem skiptist í tæplega 42 þúsund boðanir sjúkrabifreiða og ríflega 1 þúsund boðanir slökkvibifreiða.

Stoðeiningar SHS sinna bókhaldi, launum, innheimtu, uppgjörum og áætlanagerð, vinna greiningar á rekstri og aðrar stjórnendaupplýsingar, sinna stjórnsýslulegum erindum, stefnumótun, innra eftirliti, mannauðsmálum, rekstri tölvukerfa og þróun hugbúnaðar fyrir rekstur, aðgerðir og forvarnir. Stoðeiningarnar vinna náið saman og með starfsmönnum aðgerðasviðs og forvarnasviðs að uppbyggingu og viðhaldi þjónustu liðsins við eigendur þess og almenning á höfuðborgarsvæðinu.

FRAMLÖG

Greiðslur sveitarfélaga	Á-2026	Á-2027	Breytingar	Hlutfall
Vegna reksturs SHS	2.939.000	3.120.000	181.000	6,2%
Vegna fjárfestinga SHS	128.000	144.000	16.000	12,5%
Vegna reksturs almannavarna AHS	46.000	49.000	3.000	6,5%
Alls:	3.113.000	3.313.000	200.000	6,4%
Sundurliðun á sveitarfélag				
Reykjavík	1.736.781	1.840.918	104.137	6,0%
Vegna reksturs SHS	1.639.582	1.733.707	94.125	5,7%
Vegna fjárfestinga SHS	71.407	80.017	8.610	12,1%
Vegna reksturs almannavarna AHS	25.792	27.194	1.402	5,4%
Kópavogur	501.084	530.480	29.396	5,9%
Vegna reksturs SHS	473.070	499.586	26.516	5,6%
Vegna fjárfestinga SHS	20.603	23.058	2.455	11,9%
Vegna reksturs almannavarna AHS	7.411	7.836	425	5,7%
Hafnarfjörður	394.456	426.612	32.156	8,2%
Vegna reksturs SHS	372.466	401.767	29.301	7,9%
Vegna fjárfestinga SHS	16.222	18.543	2.321	14,3%
Vegna reksturs almannavarna AHS	5.768	6.302	534	9,2%
Garðabær	251.617	272.890	21.274	8,5%
Vegna reksturs SHS	237.669	256.998	19.329	8,1%
Vegna fjárfestinga SHS	10.351	11.861	1.510	14,6%
Vegna reksturs almannavarna AHS	3.596	4.031	435	12,1%
Mosfellsbær	171.624	181.348	9.723	5,7%
Vegna reksturs SHS	162.042	170.786	8.745	5,4%
Vegna fjárfestinga SHS	7.057	7.882	825	11,7%
Vegna reksturs almannavarna AHS	2.525	2.679	154	6,1%
Seltjarnarnes	57.392	60.691	3.298	5,7%
Vegna reksturs SHS	54.171	57.156	2.985	5,5%
Vegna fjárfestinga SHS	2.359	2.638	279	11,8%
Vegna reksturs almannavarna AHS	861	897	35	4,1%
Kjósarhreppur	46	62	16	34,4%
Vegna reksturs almannavarna AHS	46	62	16	34,4%

Fjárhæðir í þús.kr.

FJÁRFESTINGAR

Fjárhagsáætlun 2027 gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir samtals um 500 m.kr.

Áframhaldandi viðhald á húsnæði SHS samtals um 150-200 m.kr., þar vegur þyngst að ljúka endurbótum á húsnæðinu í Skógarhlíð vegna flutnings viðbragðsaðila aftur í húsið og að malbika plan á Skarhólabraut.

Reglubundin endurnýjun á ýmsum búnaði til slökkvistarfa, ásamt endurnýjun á tölvu- og hug-búnaði, 150-200 m.kr.

Tónahvarf; undirbúningur, hönnun og gerð útboðsgagna. Áætlaður kostnaður 150 m.kr.

Gert er ráð fyrir að heildarfjármögnun á nýrri útkallsstöð við Tónahvarf verði í samræmi við samþykkta áætlun um húsnæðisuppbyggingu SHS til framtíðar, þ.e. með stofnframlagi eigenda, þar á meðal útlagður kostnaður SHS á árinu 2027 vegna hönnunar á stöðinni.

Áhrifa af uppbyggingu á húsnæði fyrir slökkviliðið og viðhaldi núverandi húsnæðis mun gæta í fjárhagsáætlunum á komandi árum

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Rekstur SHS er fyrst og fremst fjármagnaður með framlagi frá sveitarfélögunum og tekjum frá ríkinu vegna sjúkraflutninga.

Miðað við núverandi útkomuspá verður rekstrarniðurstaða jákvæð um 85 m.kr. Áætlun 2027 gerir ráð fyrir að 29 m.kr. afgangur verði að rekstur samstæðu.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2023	Raun 2024	Raun 2025	Útkpsá 2026	Áætlun 2027
Fjöldi boðana sjúkrabifreiða	40.305	39.776	38.860	40.000	41.000
Fjöldi boðana slökkviliðs	1.582	1.408	1.353	1.400	1.400
Fjöldi skoðanna/umsagna forvarnasv	2.400	2.400	2.400	2.600	2.700
Eiginfjárhlutfall	75,4%	73,7%	73,5%	73,5%	74,0%
Veltufjárhlutfall	1,9	1,4	1,2	1,2	1,2
Skuldsetningarhlutfall	7,4%	6,5%	5,6%	5,5%	5,6%
Uppgreiðslutími langtímaskulda	0,6	0,5	0,5	0,4	0,4


VANS

STRÆTÓ BS.

Forsendur fjárhagsáætlunar

Lagðar eru fram forsendur fjárhagsáætlunar Strætó fyrir árið 2027

Áætlaður fjöldi stöðugilda eru 206 fyrir árið 2027. Þar sem ekki er lengur gerð þjóðhagsspá á vegum Hagstofu Íslands eru teknar kjarasamningshækkanir á kjarasamningi Sameykis og FIT við Strætó. Gert er ráð fyrir að laun hækki um 6,8%. Gert er ráð fyrir að almennt verðlag hækki um 5% og olía um 8%.

Töluverð óvissa er um þróun olíuverðs og verðbólgu á næstu misserum.

Einnig er ákveðin óvissa með rekstur vagna þar sem sumir vagnar eru komnir til ára sinna og er í áætlun gert ráð fyrir að engar stórviðgerðir komi til.

Undir liðnum annar rekstrarkostnaður er húsaleiga, upplýsingatæknikostnaður, starfsmanna-kostnaður og fleiri sameiginlegir liðir.

Áætlað er fyrir aukningu á akstri skv. ósk Almenningssamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. (ASHB) á leið 1 og leið 8.

Frá og með 1. október 2026 var að flestu leiti búið að skipta upp starfsemi Strætó milli tveggja aðila, það er annars vegar Strætó bs. og hins vegar Almenningssamgöngur höfuðborgar-svæðisins ohf.

Stefnt er að fullur fjárhagslegur aðskilnaður verði lokið í lok árs 2026.

Strætó rekur áfram akstursþjónusta fyrir fatlað fólk, fötluð skólabörn og eldri borgara fyrir fjögur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er að útboði á þeirri þjónustu, en núverandi samningur rennur út um mitt ár 2027.

Tekjur

Gert er ráð fyrir í samstarfsamningi milli Strætó bs og ASHB ohf að allur kostnaður vegna aksturs Strætó á þeim leiðum sem það sinni verði greiddur af ASHB, þar til búið er að bjóða þann akturshluta út og gera nýja samninga við akstursaðila sem hljóta samning og áætlað að það verði í lok árs 2028.

Framlög ASHB til Strætó verða skv. áætlun um 4.628 milljónir króna. Framlög fjögurra sveitarfélaga vegna Pant akstursþjónustu eru um 2.500 milljónir króna.

Sérstakt framlag eiganda Strætó er áætlað um 300 milljónir króna vegna afborgana af lánum og fjármagnsgjöldum. Á árinu 2028 verða fyrstu greiðslur af grænu fjárfestingaláni sem greiðist upp á árinu 2029.

Akstur Strætó

Samkvæmt áætlun fyrir árið 2026 nemur heildarkostnaður við rekstur vagnanna, sem ASHB greiðir til Strætó, alls 4.628 milljónum króna. Stærsti hluti kostnaðarins, eða 3.236 milljónir króna er launakostnaður. Þá er áætlað að 962 milljónir króna fari í rekstrartengdan kostnað vagna og 430 milljónir króna í annan rekstrarkostnað.

Launakostnaður	3.236.063.186
Rekstur vagna	961.618.587
Annar rekstrarkostnaður	430.469.695
	4.628.151.469

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur Strætó á árinu 2027 verða óverulegar. Þóknun vegna Pant akstursþjónustu eru færðar á aðrar tekjur og er áætlað að þær verði um 266 milljónir króna.

Launakostnaður

Fjöldi stöðugilda í áætlun Strætó bs. er um 205 og fyrir Pant um 12.

Fimm stöðugildi verða á skrifstofu Strætó sem sinna fjármálum, mannauðsmálum, gæðamálum og upplýsingatæknimálum og verða um 200 stöðugildi í akstursdeild, verkstæði, lager, innkaupum og þvottastöð.

Viðhald og viðgerðakostnaður var óvenju hár árið 2024, þar sem ráðast þurfti í umfangsmiklar lagfæringar á elstu vögnunum, m.a. vélaskipti í nokkrum tilfellum.

Samkvæmt samningum Strætó er ekki stuðst við heimsmarkaðsverð á olíu heldur við undirvísitölu 07224, sem mælir verð eldsneytis til neytenda á Íslandi. Vísitalan tekur til fleiri þátta en hráolíuverðs, þar á meðal flutningskostnaðar, skattlagningar og gengisþróunar krónunnar. Því endurspeglar hún þróun eldsneytisverðs hérlendis fremur en sveiflur á alþjóðlegum mörkuðum. Þróun undirvísitölu 07224 olía á tímabilinu 2018–2024 hefur verið mjög sveiflukennd. Sérstaklega sker árið 2022 sig úr með 34% hækkun, sem má rekja til stríðsins í Úkraínu og röskunar á alþjóðlegum orkumörkuðum. Þessi einstaka hækkun hefur talsverð áhrif á meðaltal tímabilsins, sem mælist 7,2%. Til að fá raunsærri mynd af meðalbreytingu vísitölunnar hefur árið 2022 verið undanskilið í útreikningi. Meðaltal breytinga á hinum sex árunum (2018–2021 og 2023–2024) er þá 1,8%. Sú niðurstaða telst gefa trúverðugri forsendu við útreikning verðbóta fyrir árið 2026.

Kostnaðarþáttur	Vísitala	Ársmeðaltalshækkun 2018-2024
Rafmagn	Vístitala neysluverðs, undirvísitala 0451	4,8%
Viðhald	Vístitala neysluverðs, undirvísitala 0723	4,7%
Varahlutir	Vístitala neysluverðs, undirvísitala 0721	5,0%
Olía	Vístitala neysluverðs, undirvísitala 07224	1,8%

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður er kostnaður við upplýsingatæknimál, húsaleigu að Hesthálsi 14 (bækistöð Strætó) og ýmis annar rekstrarkostnaður.

Pant

Aðkeyptur akstur vegna akstursþjónustu við fatlað fólk, fötluð skólabörn og aldraða er áætlaður um 2.229 m.kr. á næsta ári. Gert er ráð fyrir að ferðum fjölgi um 5% og annar aksturskostnaður um 5%. Annar rekstrarkostnaður Pant felst í upplýsingatæknikostnaði, húsnæðiskostnaði og stoðdeildarþjónustu.

Óvissa

Kílómetragjald.

Boðaðar hafa verið hækkanir á kílómetragjaldi hreinorkuvagna og díselvagna en endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir, en getur haft áhrif á fjárhagsáætlun Strætó.

Staða vagna

Aldur vagnaflota Strætó er orðinn hár og við það eykst rekstrarkostnaður hans og líkur á stórum viðgerðum eykst við hærri aldur.

Skuldbindingar

Í efnahagsreikningi Strætó eru langtímaskuldir vegna lífeyrisuppgjörs frá 2018, grænt lán vegna fjárfestinga í rafvögnum og lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna sem höfðu náð 60 ára aldri eða hafið töku lífeyris fyrir breytingu á lögum, sem huga þarf að hvernig farið verður með reikningshaldslega á þeim starfstíma Strætó til 2028 og eftir slit þess. Ekki hefur verið gerð nein breyting í fjárhagsáætlun 2027 vegna þessara liða.

Viðauki

Viðauki 1 – ítarleg greining á öðrum rekstrarkostnaði:

Annar rekstrarkostnaður	Áætlun Strætó
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður :	
Slysatryggingar	20.000.000
Fæðis- kaffikostnaður	-
Mötuneyti	30.000.000
Kaffikostnaður	3.000.000
Vinnufatnaður	8.000.000
Menntun og námskostnaður	1.500.000
Annar starfsmannakostnaður	8.000.000
Burðagjöld	150.000
Símakostnaður	-
Símakostnaður	300.000
Gagnakort / Leigulína	2.000.000
Rekstur tölvubúnaðar mánaðargjöld	100.000.000
Rekstur tölvubúnaðar aðkeypt vinna	7.000.000
Rekstur fólksbifreiða	2.500.000
Ritföng og prentun	100.000
Bækur og tímarit	
Aðkeypt þjónusta	40.000.000
Kostnaður vegna farþega	-
Ferðakostnaður	1.500.000
Fundakostnaður	500.000
Innheimtu- og önnur bankaþjónusta	1.000.000
Þóknun til endurskoðenda	10.000.000
Lögfræðileg þjónusta	3.000.000
Þvottur og þrif	2.000.000
Öryggisgæsla	-
Næturstrætó	-
Annað Helsthála	6.000.000
Gjaldfærð áhöld og tæki	2.500.000
Félagsgjöld	-
Styrkir	
Afskrifaðar tapaðar kröfur	
Annar kostnaður	10.000.000
Samtals skriftstofu og stjórnunarkostnaður	**259.050.000**
Húsnæðiskostnaður	
Húsaleiga	
Endastöðvar	-
Hesthála	135.619.695
Rafmagn, hiti og kalt vatn	30.000.000
Viðhald og rekstur húsnæðis	
Snjómokstur / Hálkaeyðing	583.333
Þrif	-
Endastöðvar	-
Hesthála	4.800.000
Annar húsnæðiskostnaður	-
Samtals húsnæðiskostnaður	**171.003.028**
Annar rekstrarkostnaður samtals	**430.053.028**



SORPA BS.

HLUTVERK


Byggðasamlagið SORPA er í eigu sex sveitarfélaga; Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.



Hlutverk SORPU er að annast móttöku- og flokkun, ásamt meðhöndlun úrgangs og sinna þannig lögbundinni skyldu sveitarfélaganna. Það felur í sér rekstur á móttöku- og flokkunarstöð, gas- og jarðgerðarstöð, urðunarstað og sex endurvinnslustöðvum. Endurvinnslustöðvar eru reknar samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin. SORPA hefur einnig umsjón með rekstri á grenndargámum fyrir hönd sveitarfélaganna og rekur nytjamarkaðinn Góða hirðinn og Efnismiðlun Góða hirðisins. Starfsstöðvar fyrirtækisins eru tólf talsins og eru höfuðstöðvar SORPU að Köllunarklettsvegi 1 í Reykjavík.

LEIÐARLJÓS

Gildi SORPU, sem eru leiðarljós starfsmanna fyrirtækisins, voru ákvörðuð af öllum starfsmönnum. Gildi SORPU eru **frumkvæði, traust** og **samheldni.**



Stefna SORPU er að stuðla að bættri úrgangsmeðhöndlun í samræmi við markmið laga um úrgangsmeðhöndlun og hringrásarhagkerfið. Öll starfsemi SORPU og innviðauppbygging gengur út á að færa eins mikið af úrgangi úr neðri þrepum úrgangsþríhyrningsins í efri þrep og auka þannig verðmæti hans og skapa hringrás efnanna.

SORPA er leiðandi er kemur að fræðslu og upplýsingamiðlun um ábyrga flokkun og meðhöndlun efnis. Það er SORPU mikið kappsmál að tryggja rekjanleika úrgangs frá uppruna til meðhöndlunar og er lögð mikil áhersla á gagnasöfnun, vinnslu og miðlun upplýsinga til eigenda, almennings og annarra hagaðila.

SORPA bs. hefur tekið að sér leiðandi hlutverk í að kanna fýsileika þess að byggð verði hátæknibrennsla á Íslandi. Stofnað var undirbúningsfélag í samstarfi við Kölku til að vinna að undirbúningi að stofnun Hátæknibrennslu á Íslandi í ársbyrjun 2026. Er gert ráð fyrir að félagið muni ljúka störfum í lok árs 2027 og þá muni félagið skila af sér tillögum um hvaða stærð verði hagkvæmust, hvernig brennsla muni henta best, hagkvæmasta staðsetningin fyrir brennsluna og hvaða rekstrarform muni henta best. Leggur SORPA bs. til félagsins samtals 50 milljónir,

Kalka leggur til 25 milljónir og er eignarhlutur í félögunum í hlutfalli við fjárframlögin. Samband Íslenskra Sveitarfélaga leggur einnig fram 50 milljónir króna í styrk sem ætlað er að fjármagna skoðun á hagkvæmni þess að vera með eina brennslu fyrir allt landið.

Fyrri fýsileikakannanir hafa leitt í ljós að allar líkur eru á að töluvert hagkvæmara er að brenna blandaðan úrgang hér á landi og munu hliðgjöld væntanlega lækka verulega til hagsbóta fyrir almenning og atvinnulíf. Ótalin eru jákvæð áhrif á orkuöflun þjóðarinnar en töluvert magn af háþrýstri gufu verður til sem nýst getur í raforkuframleiðslu. Einnig má finna fyrir auknum áhuga atvinnulífs á því að fá koltvísýring frá slíkri starfsemi í frekari hráefnisvinnslu t.d. til að framleiða rafeldsneyti.

Leiða má af, að ef niðurstaða vinnuhópsins verður sú að sé fjárhagslega hagkvæmt að byggja brennslu á Íslandi og að af því verði, að hátæknibrennsla verði byggð á Íslandi mun afsetning á blönduðum úrgangi breytast umtalsvert á Íslandi. Mun vinnsla og útflutningur á blönduðum úrgangi til brennslu hætta alfarið hjá SORPU bs. Það mun leiða af sér miklar breytingar á rekstri SORPU bs. og endurskoðun á ákveðnum starfsþáttum byggðasamlagsins, s.s. starfsemi félagsins í Gufunesi þar sem blandaður úrgangur er pakkaður og sendur til útflutnings.

Breytingar á skipulagi og rekstri SORPU vegna ESA sáttar.

1. Aðdragandi málsins og helstu niðurstöður

Umtalsverð vinna hefur verið unnin undanfarin 2 ár við að undirbúa uppskiptingu SORPU í samræmi við sátt við Eftirlitsstofnun ESA (EFTA). Málið á rætur að rekja til nafnlausrar kvörtunar sem barst ESA í febrúar 2018, þar sem því var haldið fram að almenn undanþága frá tekjuskatti sem sveitarfélög og byggðasamlög þeirra njóta um tekjuskatt, þ.m.t. SORPA, fæli í sér ólögmæta ríkisaðstoð.

Eftir margra ára málsmeðferð, sem m.a. tafðist vegna Covid-19-faraldursins, sendi ESA bráðabirgðaniðurstöðu (forúrskurð) þann 16. maí 2023. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að starfsemi SORPU, að því marki sem hún telst „efnahagsleg" í skilningi ríkisaðstoðarreglna, ætti að vera tekjuskattskyld og að núverandi fyrirkomulag fæli í sér ósamrýmanlega ríkisaðstoð.

Í kjölfarið réðst SORPA í greiningarvinnu með aðstoð sérfræðinga. Tvær meginleiðir til úrbóta voru lagðar til við íslenska ríkið sem er gagnaðili ESA í málum að þessum toga:

Leið A: Breyting á undanþáguákvæði 4. gr. laga um tekjuskatt, þannig að efnahagsleg starfsemi byggðasamlaga vegna meðhöndlunar úrgangs yrði tekjuskattskyld.

Leið B: Flutningur efnahagslegrar starfsemi SORPU í félag eða félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda (hlutafélag/einkahlutafélag), sem yrði sjálfstæður skattaðili.

Menningar- og viðskiptaráðuneytið tók afstöðu til leiðanna í bréfi dags. 3. apríl 2024. Þar kom fram að fjármála- og efnahagsráðuneytið teldi leið A ekki raunhæfa á þessu stigi og að rétt væri að unnið yrði áfram að leið B, þ.e. flutningi efnahagslegrar starfsemi SORPU í félag með takmarkaðri ábyrgð eigenda.

Þann 20. nóvember 2024 birti ESA formlega niðurstöðu sína þar sem staðfest var að tekjuskattsundanþága SORPU feli í sér ríkisaðstoð sem ekki samrýmist EES-samningnum.

Í samræmi við framangreindar tillögur íslenskra stjórnvalda lagði ESA til eftirfarandi viðeigandi ráðstafanir:


Starfsemi SORPU á mörkuðum fyrir móttöku og förgun úrgangs – þ.e. móttöku- og flokkunarstöðin í Gufunesi, gas- og jarðgerðarstöðin (GAJA) og urðunarstaðurinn í Álfsnesi (að því marki sem tekið er við nýjum úrgangi) – skuli færð í félag með takmarkaðri ábyrgð eigenda sem beri tekjuskatt.

Tryggt verði að markaðsverð sé greitt fyrir móttöku úrgangs frá fyrirtækjum á endurvinnslustöðvum og að sambærilegt verð sé greitt hinu nýja félagi þegar úrgangur er fluttur þangað.

Fasteignir og búnaður sem tengjast hinni efnahagslegu starfsemi verði annaðhvort áfram í eigu SORPU og leigð nýja félaginu á markaðskjörum, eða seld því á markaðsverði.

2. Skipulag innleiðingarverkefnisins hjá SORPU

Stjórn SORPU ákvað í maí 2024, eftir kynningu framkvæmdastjóra SORPU bs. stjórnskipan innleiðingarverkefnis vegna ESA málsins. Í kjölfarið var skipaður stýrihópur þess og verkefnishópur:




Aðgreining „lögboðinna verkefna sveitarfélaga" og „efnahagslegrar starfsemi sveitarfélaga"

Samkvæmt ríkisaðstoðarreglum EES-samningsins telst aðili „fyrirtæki" að því marki sem hann stundar efnahagslega starfsemi, þ.e. býður fram vörur eða þjónustu á markaði. Réttarstaða eða félagsform aðilans skiptir ekki máli, og sami aðili getur í senn sinnt efnahagslegri og óefnahagslegri starfsemi – hann telst þá fyrirtæki einungis að því er fyrri þáttinn varðar.

Lykilákvæðið við aðgreininguna er 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Samkvæmt ákvæðinu ákveður sveitarstjórn fyrirkomulag söfnunar heimilis- og rekstrarúrgangs í sveitarfélaginu, ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu.

Aðgreiningin ræðst af því að ábyrgð sveitarfélags á að þjónusta sé til staðar er ekki hið sama og einkaréttur til að veita hana. Samkvæmt 14. gr. laganna geta einkaaðilar fengið starfsleyfi til að reka svokallaðar móttökustöðvar, og starfsemi á því sviði fer því fram í raunverulegri eða mögulegri samkeppni. Skilin liggja þannig á milli tveggja kerfa. Annars vegar er hið lokaða lögbundna kerfi heimilisúrgangs: íbúar geta ekki sagt sig úr því, engin þjónusta er boðin þriðju aðilum, og gjaldtakan er bundin við raunkostnað. Hins vegar er starfsemi þar sem þjónusta er boðin þriðju aðilum gegn gjaldi í samkeppni við einkaaðila – hún er efnahagsleg og fellur undir ríkisaðstoðar- og samkeppnisreglur, óháð því hvort opinber aðili sinnir henni. Eftirfarandi mynd skýrir þessa aðgreiningu.



Lögboðin verkefni sveitarfélaga og verkefni SORPU bs.

Lögboðin verkefni sveitarfélaga á sviði úrgangsmála eru fjölþætt og ná lengra en söfnun og flutningur heimilisúrgangs. Sveitarfélög skulu innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og skal gjaldið vera sem næst raunkostnaði Þá annast sveitarstjórnir fræðslu til almennings samkvæmt 24. gr. og söfnun og skil tölfræðiupplýsinga um úrgang samkvæmt 13. gr. laganna.

Eigendasveitarfélögin sex hafa falið SORPU bs. framkvæmd stórs hluta þessara verkefna. Grundvöllurinn er stofnsamningur byggðasamlagsins og samkvæmt samningum er tilgangur samlagsins að annast meðhöndlun úrgangs, fyrir sveitarfélögin sem að því standa, og eru verkefni samlagsins talin þar upp með eftirfarandi hætti:

- Að útvega og starfrækja urðunarstað fyrir sorp.
- Bygging og rekstur móttökustöðva.
- Flutningur á sorpi frá móttökustöðvum.
- Framleiðsla og sala á eldsneyti og orku úr sorpi eftir því sem hagkvæmt þykir.
- Vinnsla og sala á efnum úr sorpi til endurnýtingar eftir því sem hagkvæmt þykir.
- Samstarf og viðskipti við fyrirtæki er starfa á sviði endurvinnslu úrgangsefna eftir því sem hagkvæmt þykir.
- Að fylgjast með tækniþróun á sviði sorpeyðingar og endurvinnslu.
- Að sjá um eyðingu hættulegra úrgangsefna.
- Að þróa nýjar aðferðir til þess að vinna verðmæti úr úrgangsefnum.
- Að sinna kynningu á verkefnum SORPU bs. og gildi umhverfissjónarmiða við meðhöndlun sorps.
- Gerð svæðisáætlana samkvæmt lagakröfum hverju sinni.
- Önnur verkefni sem aðildarfélögin fela byggðasamlaginu sérstaklega.

Í eftirfarandi töflu eru helstu lögboðnu verkefnin dregin saman ásamt lagastoð þeirra og því hver annast verkið í reynd í nýja skipulaginu og á hvaða grunni.

Lögboðið verkefni	Lagastoð	Hver annast verkið	Á hvaða grunni
Gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs	Lög um meðhöndlun úrgangs, 6. gr.	SORPA bs.	Undirbýr áætlanir samkvæmt stofnsamningi; sveitarstjórnir samþykkja þær
Setning samþykktar um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu	Lög um meðhöndlun úrgangs, 2. mgr. 8. gr.	Sveitarstjórnir	Lögbundið hlutverk sveitarstjórna – valdið verður ekki framselt
Ákvörðun um fyrirkomulag söfnunar heimilis- og rekstrarúrgangs	Lög um meðhöndlun úrgangs, 1. mgr. 8. gr.	Sveitarstjórnir	Lögbundin ákvörðun hverrar sveitarstjórnar
Söfnun og flutningur heimilisúrgangs	Lög um meðhöndlun úrgangs, 1. mgr. 8. gr.	Sveitarfélögin	Annast söfnunina sjálf eða fela hana verktökum völdum í útboðum – aldrei SORPA
Rekstur grenndargáma og endurvinnslustöðva	Lög um meðhöndlun úrgangs, 8. gr.	SORPA bs.	Sérstakur verksamningur við sveitarfélögin

Lögboðið verkefni	Lagastoð	Hver annast verkið	Á hvaða grunni
Móttaka alls úrgangs sem fellur til í sveitarfélögunum (farvegsskylda)	Lög um meðhöndlun úrgangs, 8. gr.	SORPA bs.	Stofnsamningur – rekur móttökuhlið og vigtar í Gufunesi og Álfsnesi og felur dótturfélögum frekari úrvinnslu með samningum
Álagning gjalda vegna söfnunar og meðhöndlunar heimilisúrgangs	Lög um meðhöndlun úrgangs, 23. gr.	Sveitarstjórnir	Gjaldskrá auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir gagnvart fasteignaeigendum í hverju sveitarfélagi fyrir sig
Innheimta hliðgjalda fyrir móttöku úrgangs	Lög um meðhöndlun úrgangs, 23. gr.	SORPA bs.	Hliðgjald byggt á magni – sveitarfélögin greiða líkt og aðrir sem skila úrgangi
Vöktun urðunarstaða í 30 ár eftir lokun og fjárhagsleg trygging	Lög um meðhöndlun úrgangs, 1. mgr. 23. gr.	SORPA bs.	Ber skylduna; framkvæmd vöktunar og gassöfnunar keypt af Álfsnesi ehf. samkvæmt verksamningi
Fræðsla til almennings um úrgangsforvarnir og meðferð úrgangs	Lög um meðhöndlun úrgangs, 24. gr.	SORPA bs.	Gerð fræðslu- og kynningarefnis samkvæmt stofnsamningi
Söfnun og skil tölfræðiupplýsinga um úrgang	Lög um meðhöndlun úrgangs, 13. gr.	SORPA bs.	Á grundvelli vigtunar og skráningar við móttökuhlið

SORPA annast ekki sorphirðu við heimili og hefur aldrei gert – söfnun við heimili er á hendi sveitarfélaganna sjálfra eða verktaka sem þau velja í útboðum. Þá hefur eðli starfseminnar í Gufunesi gjörbreyst á síðustu árum: frá 1. janúar 2023 ber heimilum að flokka úrgang í aðgreinda strauma við húsvegg, vélræna flokkunarlínan í Gufunesi var aflögð árið 2023, og stöðin starfar nú sem miðstöð fyrir móttöku, gæðaeftirlit, samþjöppun og áframflutning forflokkaðra strauma – til endurvinnslu, í gas- og jarðgerð í GAJA eða til orkunýtingar erlendis.

Tillaga samþykkt af eigendum SORPU

Tillaga vinnuhópsins að útfærslu nauðsynlegra breytinga var samþykkt af stjórn SORPU á fundi hennar 18. júní 2025, sem taldi tillöguna koma að fullu til móts við sjónarmið ESA og vísaði málinu til endanlegrar ákvörðunar á vettvangi eigenda enda hafði hún áður verið kynnt fulltrúum ESA án athugasemda. Fulltrúar vinnuhópsins kynntu tillöguna á 614. fundi stjórnar SSH þann 22. september 2025 og á fundi stefnuráðs byggðasamlaganna 7. nóvember 2025, sem vísuðu henni til afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna.

Efnislega gekk tillagan út á það að stofnuð yrðu tvö dótturfélög um efnahagslega starfsemi á vegum SORPU. Annars vegar félag sem annaðist rekstur í Álfsnesi, þ.e. rekstur GAJU (gas- og jarðgerðarstöðvar), rekstur gashreinsistöðvar og rekstur urðunarstaðar (að því marki sem um nýja urðun er að ræða). Hins vegar, félag sem annaðist rekstur í Gufunesi þar sem fram fer gæðaeftirlit, frágangur og pökkun úrgangs áður en hann er sendur til frekari úrvinnslu. Byggði þessi aðgreining á því að verulegur hluti starfseminnar í Gufunesi teldist tilheyra lögboðnum verkefnum SORPU og ætti því að njóta tekjuskattsundanþágu eins og verið hefur.

Var þessi “strúktúr”, eins og áður segir, borinn undir fulltrúa ESA án athugasemda og í framhaldinu samþykktur af stjórn, stefnuráði og eigendasveitarfélögum SORPU.


Breytt afstaða ESA í júlí 2026

Í júní 2026 mættu fulltrúar SORPU á reglulegan „pakkafund“ ESA með íslenskum stjórnvöldum. Á slíkum fundum er jafnan farið yfir framvindu í þeim málum sem ESA hefur til athugunar á Íslandi. Í kjölfar þessa fundar sendu fulltrúar ESA ítarlegar spurningar um útfærslu tiltekinna atriða í nýju skipulagi SORPU. Var kapp lagt á að svara þeim hratt í júlímánuði. Í framhaldinu breytti ESA fyrri afstöðu sinni til starfseminnar í Gufunesi og taldi nú erfitt að sjá hvernig rökstyðja ætti að hún teldist ekki alfarið vera af efnahagslegum toga og þar með alfarið tekjuskattskyld.

Að svo búnu var ákveðið að endurskoða skipulagið í samræmi við afstöðu ESA. Það var í sjálfu sér lítið mál enda einungis um lítinn hluta starfseminnar að ræða. Þetta hafði jafnframt þær jákvæðu afleiðingar í för með sér að sérstaða starfseminnar í Gufunesi er ekki lengur til staðar og þar með ástæðulaust að halda henni í sérstöku félagi.

Endurskoðað skipulag gerir því ráð fyrir aðeins einu dótturfélagi sem ætlað er að annast allan rekstur „efnahagslegrar starfsemi“ á vegum SORPU, þ.e. rekstur pökkunarstöðvarinnar í Gufunesi, gas- og jarðgerðarstöðvarinnar GAJA í Álfsnesi, gashreinsistöðvarinnar í Álfsnesi og urðunarstaðarins í Álfsnesi að því marki sem um nýja urðun er að ræða. SORPA mun annast „lögboðin verkefni“ sem sveitarfélögin sem standa að samlaginu hafa falið samlaginu, m.a. rekstur grenndarstöðva og endurvinnslustöðva, rekstur móttökuhliða og vigta í Gufunesi og Álfsnesi, öll útboð frekari úrvinnslu móttekins úrgangs, gerð svæðisáætlana, söfnun tölfræðigagna og fræðsla o.s.frv.

Skipulag verkefna samstæðu SORPU sem nú er unnið með:



BREYTT REKSTRARUMHVERFI

Þegar lá fyrir hvernig útfærslan yrði á rekstrarumhverfi SORPU var farið að skoða hvernig hægt yrði að breyta skipulaginu til samræmis, hagræða í rekstrinum, einfalda ferla og auka hagkvæmni. Voru allar einingar SORPU bs. skoðaðar mjög ítarlega og mikil vinna lögð í að velta öllum steinum við og samhliða tryggja að fullnægjandi aðskilnaður verði á milli móðurfélagsins og dótturfélagsins.

SORPA bs.

Eins og fjallað er um í kaflanum um ESA sáttina þá verður öll miðlæg þjónusta fyrir aðrar einingar og dótturfélagið hjá SORPU bs. sem mun innheimta þann kostnað sem af því hlýst hjá öðrum einingum sem og dótturfélaginu. Það kallar á umtalsverða tilfærslu starfsmanna sem núna sinna núna:

Lögbundnum verkefnum (SORPA bs.)

- Endurvinnslustöðvar
- Grenndargámar
- Góði hirðirinn

Stoðþjónusta (SORPA bs.)

- Mannauðsmál
- Fjármál
- Innkaup og útboð
- Gæðamál
- Leyfismál
- Fræðsla
- Fjárfestingaþróun
- Verkefna og breytingastjórnun

Efnahagsleg verkefni (Álfsnes ehf.)

Með þessu verður skýr verkaskipting milli eininga og kostnaðaruppbygging félagsins gagnsærri.

ÁLFSNES ehf.


Álfsnes ehf. mun sjá um vinnslu á öllu efni sem berst til SORPU bs. og gera klárt til afsetningar. Allir efnisstraumar sem berast til SORPU bs. og fara í meðhöndlum hjá Álfsnesi verða boðnir út í samræmi við lög og reglur.

Við uppskiptinguna í samræmi við ESA sáttina var ákveðið að stilla upp fjárhagsuppbyggingu Álfsnes með ákveðnum hætti. Notað var félagið Metan ehf. sem var í eigu SORPU bs. fyrir nýja félagið. Var nafninu breytt í Álfsnes ehf. Allar eignir sem fyrir voru í félaginu voru þar áfram (gashreinsistöðin). Allir þeir lausafjármunir sem voru nýttir í starfseminni í Gufunesi og Álfsnesi verða færðir yfir til nýs félags á endurmetnu bókfærðu virði.

Fjárhagsuppbygging Álfsnes verður með þeim hætti að SORPA bs. leggur fram 150 milljónir í reiðufé til Álfsnes ehf. til að tryggja að handbært fé verði nægilegt. SORPA bs. lánar Álfsnesi ehf. enn fremur fyrir tækjunum að 65% hluta að frádregnum þeim lánum sem þegar eru á þeim lausafjármunum sem hafa verið fjármagnaðir. Mismunurinn færist á eigið fé Álfsnes ehf.

BREYTT SKIPULAG

Vegna þeirra breytinga sem eru að verða á rekstri SORPU bs. og þeim aðskilnaði milli efnahagslegra og lögbundinna verkefna hefur verið farið í umfangsmiklar skipulagsbreytinga á rekstrinum.



Markmiðið með breytingunum er að skýra reksturinn, sameina ferla og einfalda. Eðli máls samkvæmt þýðir þetta umtalsverðar breytingar á störfum fjölmargra. Fyrst bera að nefna að allir þeir starfsmenn sem munu starfa hjá Álfsnes ehf. munu færast frá því að starfa hjá SORPU bs. og yfir til Álfsnes ehf. Munu þeir því verða starfsmenn hjá einkahlutafélagi.

Skrifstofa framkvæmdastjóra verður lögð niður og fær nýtt nafn sem verður Rekstrar- og þróunarsvið. Mun þetta svið heyra undir framkvæmdastjóra og verða fjórar deildir þar undir. Fjármálasvið fær nýtt nafn sem verður Fjármála og áhættustýringasvið.

Kostnaðaraðhald er mikilvægt í rekstri SORPU bs. Af þeim sökum var ráðist í verkefni með það að markmiði að draga úr kostnaði í úrgangsmeðhöndlun, þjónustuveitingu og í rekstri.

Ráðist hefur verið í fjölmörg verkefni á undanförnum tveimur árum til að lækka rekstrarkostnað SORPU bs. Er markmiðið að ná fram hagræðinu sem nemur yfir 300 milljónum á ári. Það tókst á árinu 2025 og stefnir í að það takist á árinu 2026 (þó að full áhrif margra aðgerða muni ekki koma að fullu fram fyrr en á seinni hluta 2027). Stefnt er hagræðingaraðgerðirnar fyrir árin 2025, 2026 og 2027 muni nema um 900 milljónum króna á ársgrundvelli. Hefur árangurinn hingað til tekist með einföldun ferla, innvistun verkefna, endurnýjun samninga og innleiðingu á gervigreindartækni. Samhliða þessu hefur verið ráðist í aðgerðir til að bæta innheimtu, bæði hjá viðskiptavinum og að SORPA bs. fái greitt raunvirði fyrir afsetningu á efnisflokkum sem úrvinnslugjald er greitt fyrir.

LIVE

SORPA tekur þátt í evrópska verkefninu Circle of LIFE, sem hefur það meginmarkmið að styðja við innleiðingu íslenskrar stefnu um hringrásarhagkerfi, ICE-CEAP. Stefnan leggur áherslu á forvarnir gegn úrgangi, aukna endurnotkun og endurvinnslu, bætta úrgangsstjórnun og sjálfbærari neyslu. Að umsókninni standa 16 íslensk félög, stofnanir og sveitarfélög og mun verkefnið m.a. miða að því að efla samstarf, þekkingu og tæknilausnir sem stuðla að umskiptum frá línulegu hagkerfi yfir í hringrásarhagkerfi. Verkefnið er til 6 ára og mun hefjast 1. mars 2027. Heildar kostnaður þeirra verkefna sem SORPA hyggst fara í eru um 857 milljónir og munu þau dreifast á næstu sex ár. Fjárhæð styrksins er áætlaður um 512 milljónir króna og hlutur SORPU verður því um 345 milljónir króna . Stefnt er að undirritun samnings í desember og mun EU þá greiða út 30% af áætlaðri styrkveitingu og er hlutur SORPU um 154 milljónir

Aðgerðir SORPU innan verkefnisins beinast einkum að:

- Uppbyggingu innviða, textílflokkun, hringrásarmiðstöðvum og meðhöndlun mengaðs jarðvegs. Áætlað er að fjármagnið nýtist meðal annars til.
- Kaupa á sjálfvirkri textílflokkunarvél, húsaleigu, söfnunarílátum, og öðrum búnaði til efnismeðhöndlunar. Með þessum aðgerðum verður unnt að bæta flokkun og endurvinnslu textíls, draga úr förgun og auka endurnýtingu verðmætra efna.
- Uppbyggingu og rekstur hringrásarmiðstöðvar þar sem áhersla verður lögð á endurnotkun, sölu notaðra vara.
- Fræðslu til almennings með dreifingu á kynningarefni og markaðsherferðum sem eiga að auka vitund íbúa um ábyrgari neyslu og mikilvægi þess að lengja líftíma vara.
- Þróun aðstöðu og tækni til meðhöndlunar á olíumenguðum jarðveg. Þar er gert ráð fyrir sérhæfðum búnaði sem getur stuðlað að öruggari og umhverfisvænni meðhöndlun mengaðra efna.
- Samvinna við Reykjavíkurborg um hönnun og uppbyggingu á nærendurvinnslustöðvum.

FORSENDUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR

Skilgreind markmið áætlunarinnar og helstu forsendur voru metnar m.t.t. þeirra forsendna sem fjármáladeild Reykjavíkur sendi frá sér til SORPU bs. til að hafa til hliðsjónar við áætlunarvinnuna. Þar var miðað við að þróun launa yrði 6,5% til hækkunar á næsta ári og vísitala neysluverðs myndi hækka um 4,5% á árinu 2027. Fyrir áætlun um vöxt tekna og gjalda fyrir árin 2027-2031 var notast við sömu forsendur og fjármáladeild Reykjavíkur sendi frá sér.

Lykilmarkmið sem stjórnendur SORPU bs. settu sér við áætlunarvinnuna var að viðhalda sterku sjóðsstreymi SORPU bs., bæta fjárfestingargetu og að gjaldtaka fyrir þjónustuna yrði í samræmi við raunkostnað og að gjaldskrá hækki einungis um 2,5% á milli ára. Er þetta markmið talið raunhæft m.a. með miklum hagræðingaraðgerðum í rekstri frá 2025, 2026 og fyrirhuguðum hagræðingaraðgerðum fyrir árið 2027. Er áfram horft til frekari hagræðingar-aðgerða og breytinga í verkferlum til að auka enn frekar hagkvæmni í rekstri SORPU til hagsbóta fyrir viðskiptavini SORPU bs.

Lykilbreyta í allri áætlanagerð SORPU bs. er spá um það magn úrgangs sem SORPA bs. fær til meðhöndlunar. Greining SORPU bs. gerir ráð fyrir engri magnaukningu á úrgangi á öllum

starfsstöðvum. Það er hægur sígandi í magni sem berst til GAJA en áætlanir eru enn frekar varfærnar er kemur að magni. Enn eru tækifæri að ná meira af lífrænu efni úr blönduðum úrgangi frá heimilum og lögaðilum en lögin eru skýr með að sérsafna beri þessari tegund úrgangs. Einnig telja stjórnendur SORPU bs. tækifæra liggja í matvælum í umbúðum á heildsölu og smásölustigi og verður efnt til átaks og samvinnu við aðila á markaði.

Öll verkefni SORPU bs. eru nú arðsemismetin með 12% ávöxtunarkröfu og forgangsraðað með hlutlægum hætti og hefur það áhrif á áætlunargerðina ásamt því að stefnan er sú að arðsemi eigin fjár sé 5%.

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Á þjónustusvæðum SORPU hefur að undanförnu verið unnið að umfangsmiklum breytingum á skipulagi, rekstri og þjónustu. Áherslan hefur verið á að einfalda starfsemina, skýra ábyrgð, bæta nýtingu mannafla og búnaðar og auka hagkvæmni í rekstri. Breytingarnar ná til endurvinnslustöðva, grenndarstöðva og akstursdeildar.

SORPA rekur sex endurvinnslustöðvar sem skiptast í fjórar stórar stöðvar, Ánanaust, Blíðubakka, Breiðhellu og Lambhaga, og tvær litlar stöðvar, Dalveg og Jafnasel. Í mars var þjónustuframboði litlu stöðvanna breytt með fækkun úrgangsflokka. Þær taka nú fyrst og fremst við almennum úrgangsflokkum frá heimilum, en ekki grófum heimilisúrgangi eða framkvæmdaúrgangi. Litlu stöðvarnar taka við um 15% af heildarmagni úrgangs á endurvinnslustöðvum SORPU, en stærri stöðvarnar sinna umfangsmeiri móttöku. Aðgreiningin hefur skapað forsendur fyrir einfaldara rekstrarfyrirkomulagi, endurskoðun opnunartíma og mönnun í samræmi við álag. Endurvinnslustöðin við Dalveg á að óbreyttu að loka 31. desember 2026 og framtíðarfyrirkomulag endurvinnslustöðvakerfisins því til skoðunar.

Samhliða er unnið að endurskipulagningu stjórnunar þar sem svæðisstjórar verða stöðvarstjórar með aukna ábyrgð á daglegum rekstri. Verið er að endurskoða opnunartíma, vaktakerfi og mönnun með hliðsjón af stærð stöðva og heimsóknarálagi. Fram undan er að festa breytingarnar í sessi og uppfæra gæðahandbók, verkferla og þjálfun starfsfólks. Einnig verða merkingar og leiðbeiningar kláraðar á öllum stöðvum sem er liður í því að vera með eins sjálfvirka stöð og hægt er og að viðskiptavinir Sorpu geti afgreitt sig sjálfir við losun á stöðvunum.

Á næstu misserum verður spilliefnastarfsemi endurskoðuð í samræmi við ný starfsleyfisskilyrði Reykjavíkurborgar. Breytingarnar ná til aðbúnaðar, móttöku, meðhöndlunar og flutninga spilliefna ásamt móttökuskilmálum ráðstöfunaraðila. Byrjað verður á stærri stöðvunum og síðan þeim minni.

Jafnframt er unnið að endurskoðun samningum og útboðum vegna spilliefna, raftækja, kælitækja, hjólbarða og málma. Fram undan eru útboð á flutningum frá endurvinnslustöðvum og Góða hirðinum ásamt mati á hagkvæmni eigin gámarekstrar. SORPA tók yfir móttöku textíls í fyrra og er að innleiða nýtt verklag á móttöku á endurvinnslustöðvunum.

Á árinu voru innleiddir bílnúmeralesarar og gjaldtaka frá fyrirtækjum og íbúum utan höfuðborgarsvæðisins hert. Áætlað er að breytingarnar skili um 200 milljónum króna í auknar

tekjur. Áfram verður unnið að einföldun gjaldtöku, aukinni tekjuöflun og bættri þjónustu við íbúa höfuðborgarsvæðisins. Meðal þess sem er til skoðunar er klippikortakerfi.

Í rekstri grenndarstöðva hefur áhersla verið lögð á aukið eftirlit, betri merkingar, umhirðu og viðhald ásamt markvissari úrvinnslu ábendinga. Terra ehf annast tæmingar grenndargáma en SORPA hefur eftirlit með þjónustunni í sameiginlegu skráningarkerfi. Á árinu voru settar upp eftirlitsmyndavélar á öllum grenndarstöðvum í Reykjavík. Unnið verður að innleiðingu eftirliti myndavéla við skipulag tæmingu, viðhalds og þjónustustýringu.

Innan akstursdeildar hafa verið byggð upp tvö teymi: flutningateymi sem tók til starfa á síðasta ári og krókateymi sem var stofnað við opnun Lambhagavegar. Krókateymið annast flutning efnisstrauma frá Lambhagavegi til móttökuaðila og er unnið að þróun mönnunar, vaktaskipulags og verkferla. Til skoðunar er að bæta Blíðubakka og Góða hirðinum við starfsemina í maí 2027. Flutningateymið sinnir textílsöfnun á grenndarstöðvum, umhirðu í Reykjavík og Kópavogi og innri flutningum SORPU, meðal annars á salti, pokum undir matarleifar, frauðplasti, kertum og textíl fyrir Góða hirðinn. Teymið annast einnig sorphirðu á starfsstöðvum SORPU Álfsnesi og hefur nýlega tekið við flutningi vatnsmálningar og smárra raftækja frá Lambhagavegi.

Á næstu mánuðum verður áhersla lögð á að fylgja eftir innleiddum breytingum, styrkja rekstrarskipulag stöðvanna, uppfæra spilliefnastarfsemi, þróa eigin akstur og vinna að útboðum. Unnið er að einfaldari verkferlum og betri nýtingu gagna þannig að endurvinnslustöðvar, grenndarstöðvar og akstursdeild starfi í auknum mæli sem ein samhæfð heild.

Textíll

SORPA bs. tók á miðju ári 2024 við söfnun og meðhöndlun á textíl frá Rauða krossinum. Kostnaður vegna þessa hefur að langmestu leyti lagst á sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu

Söfnun og meðhöndlun textíls var frá miðju ári 2024 fram til 30. júní 2025 á hendi Grænna skáta. Þann 1. júlí 2025. tók starfsfólk SORPU bs. við söfnun á textíl á grenndarstöðvum. Vel hefur gengið að sinna söfnuninni, sem er að miklu leyti skipulögð með hjálp skynjara í grenndargámunum, sem nema hvenær þörf er á losun. Var gámum fyrir textíl fjölgað á grenndarstöðvum á árinu 2026 til að auka söfnunargetu stöðvanna og skilvirkni hirðunnar.

Sérsöfnun og meðhöndlun á textíl hefur verið innleidd í flestum löndum Evrópu og eru markaðsaðstæður erfiðar í afsetningu textíls til endurnota og endurvinnslu, sem endurspeglar kostnað vegna málaflokksins í gjaldskrá félagsins. SORPA bs. og SSH gerðu með sér samning 2024 um að koma upp flokkun á textíl með það að markmiði að auka endurnot á textíl innanlands. Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið veitti styrk til verkefnisins en það verður unnið hjá Góða hirðinum.

Umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar á vinnslu textíls á árinu. Leigt var nýtt húsnæði fyrir vinnslu og flokkun á textíl ásamt því að fjárfest var í færibandi. Mun þetta minnka umtalsvert rýrnun á þeim textíl sem kemur til SORPU bs., bæta flokkunina og gerir mögulegt að auka það

magn sem fer í endurnot umtalsvert sem er leiðarljós SORPU bs. um að auka magn á öllu því efni sem berst til endurnota.

Efnismiðlun Góða hirðisins

Efnismiðlun Góða hirðisins hefur undanfarin ár verið rekin á endurvinnslustöðvunum við Sævarhöfða og Breiðhellu. Í lok árs 2024 var Efnismiðlunin færð til Góða Hirðisins og umfang og reksturinn endurskoðaður. Var ný og endurbætt Efnismiðlun sett í loftið á Breiðhellu um mitt ár 2026, og samhliða opnum nýrrar endurvinnslustöðvar á Lambhagavegi þar sem vegleg verslun hefur opnað. Miklar væntingar eru um að hún auki endurnot og minnki samhliða afsetningu á úrgangi.

GRENNDASTÖÐVAR OG ÞRIFATEYMI



Grenndarstöðvakerfi SORPU bs. er mikilvægur liður í úrgangsstjórnun á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 2024 var kerfið samræmt og er nú málmi, gleri, textíl, og flöskum og dósum safnað á því sem næst öllum grenndarstöðvum SORPU bs. Auk þess er plasti, og pappír og pappa safnað á völdum stöðvum.

Textílsöfnun er, eins og áður segir, nú á ábyrgð sveitarfélaganna, sem SORPA bs. sinnir fyrir hönd sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu

SORPA bs. hefur auk þess fengið það verkefni úr hendi Reykjavíkur og Kópavogs að starfrækja bíla sem munu sækja það rusl sem skilið er eftir utan við grenndargáma. Kostnaður við verkefnið er áætlaður um 95 milljónir króna, sem færast til úr bókhaldi sveitarfélaganna til SORPU bs. Hafa nú verið settar upp öryggismyndavélar við allar grenndarstöðvar í Reykjavík, og unnið að uppsetningu í Kópavogi, til að draga úr óheimilli losun við grenndarstöðvarnar, og auðvelda starfsfólki SORPU að fjarlægja úrgang sem losaður er í óleyfi við stöðvarnar.

SORPA bs. greip til margþættra aðgerða til að koma í veg fyrir losun á rusli við grenndarstöðvar. Má þar nefna skýrari merkingar á stöðvunum, myndavélaeftirlit og aukna öryggisgæslu við þær stöðvar þar sem algengt er að rusl sé losað í óleyfi. Gert er ráð fyrir að á árinu 2027 verði einnig settir upp gámar fyrir spilliefni.

ÁLFSNES ehf.

GAJA

Stöðug úrbótaverkefni í GAJA til að auka og bæta loftræstingu og loftgæði hafa verið í gangi frá árinu 2025 en vegna umfangs verkefnisins og kostnaðar er fyrirséð að þessi verkefni munu teygjast inn á árið 2027. Enn fremur en GAJA nú orðin 7 ára gömul og kominn tími á umtalsverð viðhaldsverkefni. Á áætlun er enn fremur fjölmörg úrbótaverkefni m.a. til að bæta móttöku lífræns úrgangs, auka gæði moltu og metan gas sem og auka stöðugleika í öllum ferlum. Það er eigi að síður forgangsverkefni hjá stjórnendum SORPU bs. að draga úr lyktarmengun frá

GAJA og verður fjárfest umtalsvert á árinu 2027 til þess að ná tökum á því þannig að stöðin geti starfað í sátt við sitt nærumhverfi.

GASHREINSISTÖÐ

Þann 1.1.2025 var rekstur gashreinsistöðvarinnar aðskilinn frá rekstri SORPU bs. Markmiðið var að gera þann rekstur gagnsærri og sjálfbæran. Gjaldskráin var endurskoðuð og tók hún gildi 1.7.2026. Verður gashreinsistöðin nú hluti af nýja dótturfélaginu. Ekki er gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á umhverfi gashreinsistöðvarinnar á árinu 2027.

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ, OG URÐUNARSTAÐUR

Í móttökustöð Sorpu í Gufunesi hafa ekki verið stórar breytingar á þessu ári, helst ber að nefna að vinnsluferli textíls var komið í betra horf og starfsemin flutt í nýtt húsnæði að Köllunarklettsvegi.

Einnig var ráðist í breytingar á vinnslu frauðplasts með aukinni afkastagetu. Á komandi ári er stefnt á viðlíka umbreytingar á ferli brennanlegs úrgangs sem og vinnslu endurvinnsluefna sem skilar meiri afköstum og tímasparnaði.

Unnið hefur verið að nýrri og umtalsvert betri aðstöðu fyrir starfsmenn en sú sem fyrir var er síðan í árdaga stöðvarinnar í Gufunesi og samræmdist hvorki þörfum nútímans né hentar hún þeim fjölda starfsmanna sem móttökustöðin hefur yfir að búa í dag, gert er ráð fyrir að sú aðstaða verði komin í notkun á aðventunni.

Komið er að eðlilegri endurnýjun á vinnuvélum og hefur góður árangur náðst hvað fyrirbyggjandi viðhald snertir og sést það best á ásigkomulagi tækjanna og að óvæntum vinnslustoppum hefur fækkað stórkostlega frá því að nýjar áherslur í viðhaldsmálum voru innleiddar hjá fyrirtækinu.

REKSTRAR- OG ÞRÓUNARSVIÐ, OG FJÁRMÁLA- & ÁHÆTTUSTÝRINGASVIÐ

Gengið var frá sátt við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) um aðskilnað á efnahagslegri starfsemi SORPU bs. frá lögbundinni starfsemi. Með þeirri breytingu sem tekur gildi 1.1.2027 verður öll stoðþjónusta nú hjá SORPU bs. Með þeirri breytingu færast margir starfsmenn til innan samstæðunnar, ferlar einfaldaðir og sameinaðir. Viðhaldsdeildin verður lögð niður og allir viðhaldsmenn færast yfir til Álfsness ehf. nema tveir. Þeir færast til SORPU bs. og munu halda utan um tæknilega þróun SORPU bs., yfirumsjón með viðhaldi eigna en beint viðhald verður á hendi Álfsnes ehf.

Mikil tækifæri eru til úrbóta og bættrar þjónustu við viðskiptavini SORPU bs. með því að nýta upplýsingatækni með betri og skilvirkari hætti. Innleiddar voru „mínar síður“ fyrir viðskipavini og er sú síða í stöðugri þróun. NIS2 er krafa frá ESB um bætta öryggisferla í upplýsingatæknimálum fyrir fyrirtæki sem skilgreinast sem mikilvægir innviðir og fellur SORPA þar undir. Er það mikið verk að innleiða og var ráðinn sérfræðingur í upplýsingaöryggismálum til að koma þessum málum í réttan farveg hjá SORPU bs.

Nokkur önnur verkefni sem SORPA bs. horfir til eru sjálfvirk innheimta á vigtum SORPU bs. á móttökustöðvum í Gufunesi, Álfsnesi og GAJU ásamt breyttri gjaldheimtu á endurvinnslustöðum SORPU. Einnig var á árinu innleitt málakerfi og samningakerfi og var unnið að innleiðingu þess á árinu 2026 ásamt nýju áætlunarkerfi. Eru öll ný verkefni nú arðsemismetin með núvirðisgreiningu og áhættu og ákvörðun um framkvæmd þeirra nú tekin samkvæmt tölulegum gögnum.

Á rekstrar- og þróunarsviði er haldið utan um mannauð, gæða- og umhverfismál, fræðslu, samskipti, stefnumótun, fjárfestingaþróun, verkefna- og breytingastjórnun og fleira.

GÓÐI HIRÐIRINN

Góði hirðirinn hefur á undanförnum mánuðum farið í umfangsmikla greiningu og endurskipulagningu á starfsemi sinni með það að markmiði að auka skilvirkni, bæta nýtingu fjármagns og mannafla, stytta vinnslutíma vara og styrkja rekstrargrundvöll starfseminnar til framtíðar.

Í þeirri vinnu var sérstaklega farið yfir alla helstu efnisflokka sem berast til starfseminnar. Greint var hvernig hver flokkur er meðhöndlaður frá móttöku til sölu, hversu margar snertingar hver hlutur fær á leið sinni í gegnum ferlið, hversu lengi hann dvelur í bið og hvort þær aðgerðir sem framkvæmdar eru skili raunverulegum virðisauka. Markmiðið var að greina hvar tími og mannafli væru bundin í verkefnum sem skiluðu takmörkuðum árangri og hvar tækifæri væru til hagræðingar.

Sérstök áhersla var lögð á að meta arðsemi verkefna sem fólust í viðgerðum, endurbótum eða frekari vinnslu hluta fyrir sölu. Í kjölfar þeirrar greiningar var ákveðið að hætta þeim verkefnum þar sem viðbótarvinna og kostnaður skiluðu ekki nægilega auknu söluvirði til að réttlæta þann mannafla sem í þau fór. Með því skapast svigrúm til að beina starfsfólki að verðmætari verkefnum og draga úr mannaflaþörf þar sem það á við.

Verkferlar voru jafnframt endurskoðaðir frá grunni með það að leiðarljósi að fækka óþarfa snertingum, draga úr tilfærslum á vörum og stytta biðtíma. Áhersla hefur verið lögð á að vörur fari hraðar og einfaldar í gegnum virðiskeðjuna, frá móttöku til sölu. Jafnframt hefur verið unnið markvisst að því að efla gæðakerfi starfseminnar og hækka þjónustustig þannig að aukin skilvirkni skili sér í betri upplifun viðskiptavina og faglegri starfsemi.

Skipulag starfseminnar var einnig tekið til endurskoðunar. Farið var úr fyrirkomulagi þar sem ábyrgð og verkefni dreifðust á marga aðila yfir í skýrari teymisuppbyggingu. Markmiðið var að mynda sjálfstæðari teymi með skýra ábyrgð á eigin starfsstöðvum, verkefnum og árangri. Með þeim breytingum skapast betri forsendur fyrir skilvirkri ákvarðanatöku, aukinni samvinnu og markvissari nýtingu mannafla.

Í framhaldi af þessum breytingum var mannskapsþörf starfseminnar endurmetin út frá raunverulegri vinnuþörf og nýju skipulagi. Greiningin sýndi að mögulegt væri að ná sama eða betri árangri með færri stöðugildum, meðal annars vegna einfaldari verkferla, fækkunar verkefna sem skila litlum virðisauka og skýrari ábyrgðar innan teyma. Í kjölfarið var farið í fækkun stöðugilda til að samræma mönnun betur rekstrarþörf starfseminnar. Sú ákvörðun byggir á

greiningu á verkefnum og afköstum en ekki á skerðingu þjónustu eða gæða. Samhliða þessu hefur verið lögð aukin áhersla á fjölhæfni starfsfólks og sveigjanleika í mönnun.

Þessar breytingar leggja grunn að einfaldari, skilvirkari og sjálfbærari rekstri sem gerir Góða hirðinum kleift að auka afköst, bæta þjónustu og hámarka verðmætasköpun úr þeim auðlindum sem berast starfseminni. Um leið styrkja þær rekstrargrundvöll starfseminnar og skapa forsendur fyrir áframhaldandi þróun og ábyrgri nýtingu fjármuna til framtíðar.

VIÐHALDSSVIÐ

Ákveðið var að leggja niður viðhaldssvið með breytingunum sem fylgja uppskiptingu SORPU bs. Í upphafi var ljóst að stofnun viðhaldssviðs var tímabundin ráðstöfun til að ná með betri hætti um eignasafn SORPU og taka viðhald á eignum SORPU fastari tökum og setja upp staðlaða verkferla. Það verkefni gekk hraðar en gert var ráð fyrir. Starfsmennirnir færast til þeirra starfsstöðva sem þeir sinntu helst. Endanleg ábyrgð á viðhaldi verður því á yfirstjórn viðkomandi rekstrareininga en munu njóta stuðnings frá rekstrarsviði í formi skipulags og viðhaldsáætlana fyrir samstæðuna.

FJÁRFESTINGAR 2027-2031

Fjárfest verður umtalsvert á mörgum sviðum SORPU bs. Í heildina verður fjárfest á árinu 2027 fyrir um 1.035 milljónir kr.

Hjá MTS er áætlað að fjárfesta fyrir um 385 milljónir króna. Þar eru helstu fjárfestingarnar í breytingum til að bæta endurvinnslu og böggunarlínuna fyrir alls um 220 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að þessar fjárfestingar muni skila umtalsverðri hagræðingu í framhaldinu. Aðrar fjárfestingar eru að mestu leyti endurnýjun á tækjabúnaði sem er kominn til ára sinna.

Áætlað er að fjárfesta í úrbótaverkefnum í GAJA til að auka afkastagetu stöðvarinnar og lágmarka umhverfisáhrif stöðvarinnar fyrir um 226 milljónir.

Það er markmið SORPU bs. að bæta sjálfvirkni þar sem því verður við komið og auka þjónustustig við viðskiptavini. Fjölmörg tækifæri eru þar að mati stjórnenda og er áætlað að fjárfesta yfir 100 milljónum í fjölmörgum upplýsingatækni verkefnum í þessum tilgangi.

Eignadeildin (sem áður hét viðhaldsdeild) mun að mestu leyti taka við fjárfestingum á tækjum og búnaði fyrir urðunarstaðinn og EVST. Þar er áætlað að fjárfesta fyrir um 165 milljónir og munar þar mestu um mögulega túrbínu sem gerir SORPU kleift að framleiða rafmagn úr metani frá urðunarstaðnum.

STARFSFÓLK

Á árinu 2027 er áætlaður fjöldi stöðugilda 169 sem er fækkun stöðugilda um 5,5%

SORPA bs.	2025	2026	Áætlun 2027
Fjöldi stöðugilda	**117**	**123**	**122**
Stöðugildi eftir þjónustuþáttum:			
Góði hirðirinn	36	41	38
Endurvinnslustöðvar	54	55	54
Skrifstofa	27	27	30

Álfsnes ehf.	2025	2026	Áætlun 2027
Fjöldi stöðugilda	**57**	**56**	**47**

Heildar samstæðan	2025	2026	Áætlun 2027
Heildarstöðugildi	**174**	**179**	**169**

LYKILTÖLUR

	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031
Veltufjárhlutfall	1,61	1,81	1,89	2,06	2,21	2,39	2,59
Eiginfjárhlutfall	58,5%	57,7%	57,7%	60,1%	63,1%	66,1%	69,1%
Arðsemi eigin fjár	8,6%	3,0%	5,6%	5,4%	5,3%	5,2%	5,1%
Skuldsetningarhlutfall	47,1%	53,0%	53,0%	46,6%	39,6%	33,3%	27,5%

